

Fríða B. Jónsdóttir  
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir  
Elsa Sigríður Jónsdóttir

**Þróunarverkefnið**

# **Lækjaborg Fjölmennningarlegur leikskóli**

**2001-2004**



© Fríða B. Jónsdóttir, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir

Þróunarverkefnið “Lækjaborg Fjölmennningarlegur leikskóli 2001-2004”

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

ISBN 9979-847-87-5

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b>	bls. 1
<b>1 Inngangur</b>	bls. 3
1.1 Leikskólinn Lækjaborg.	bls. 3
1.2 Aðdragandi verkefnisins.	bls. 4
1.3 Hvers vegna fjölmennningarlegur leikskóli?	bls. 4
1.4 Markmið þróunarverkefnisins.	bls. 7
<b>2 Þróunarverkefnið “Lækjaborg Fjölmennningarlegur leikskóli”</b>	bls. 8
2.1 Þáttur kennara	bls. 8
2.1.1 Fundir.	bls. 8
2.1.2 Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla.	bls. 10
2.1.3 Náms- og kynnisferð til London.	bls. 11
2.1.4 Vinnuhópar.	bls. 12
2.1.5 Nýir kennarar.	bls. 12
2.1.6 Kynning á þróunarverkefninu.	bls. 13
2.1.7 Fjölmíðlaumfjöllun.	bls. 13
2.1.8 Heimasíðugerð.	bls. 14
2.2 Foreldrasamstarf.	bls. 15
2.2.1 Fyrsta viðtal.	bls. 15
2.2.2 Samskipti við foreldra eftir að barnið byrjar í leikskólanum.	bls. 16
2.3 Vinna með börnunum.	bls. 20
2.3.1 Fjölmennningarlegt leikefni og frjáls leikur.	bls. 21
2.3.2 Heimamennningarverkefni.	bls. 24
2.3.3 Samvinnuverkefni, virðing og vinátta.	bls. 27
2.3.4 Persónubrúður.	bls. 29
2.3.5 Unnið með margbreytileikann í umhverfinu.	bls. 33
2.3.6 Málörvun og kennsla íslensku sem annars máls.	bls. 39
2.3.7 Ólík tungumál og ritmál.	bls. 39
2.3.8 Rannsóknir á máltöku.	bls. 42
2.4 Mat kennara Lækjaborgar á þróunarverkefninu.	bls. 47
2.4.1 Skrifleg könnun lögð fyrir starfsfólk.	bls. 48
2.4.2 Matslistar lagðir fyrir starfsfólk.	bls. 48
2.4.3 Foreldrakannanir.	bls. 50
2.4.4 Mat á umhverfi leikskólans.	bls. 51
2.4.5 Mat á bókakosti leikskólans.	bls. 51
2.5 Lokaorð	bls. 52

<b>3 Rannsókn verkefnisstjóra</b>	bls. 54
3.1 Niðurstöður	bls. 55
3.2 Umræða	bls. 67

## **Viðaukar**

Viðauki A. Íslenska sem annað mál.	bls. 71
A.1 Íslenska sem annað mál.	bls. 71
A.2 Hvernig fer máltaka annars máls fram?	bls. 72
A.3 Mikilvægir þættir í leikskólaumhverfinu.	bls. 73
A.4 Börnin í hópnum virkjuð sem aðstoðarkennarar.	bls. 75
A.5 Bakgrunnur barna og viðhorf foreldra.	bls. 76
Viðauki B. Fjölmennningarleg kennsla í leikskólum.	bls. 77
B.1 Hvað er fjölmennningarleg kennsla?	bls. 77
B.2 Fjölbreyttur barnahópur/fjölbreyttar kennsluaðferðir.	bls. 78
B.3 Leikur og fjölmennning.	bls. 81
B.4 Viðhorf kennarans.	bls. 81
Heimildaskrá	bls. 85

## **Fylgiskjöl**

- Nr. 1. Fyrsta viðtal.
- Nr. 2. Orðalisti og upplýsingar fyrir börn af erlendum uppruna.
- Nr. 3. Skráningareyðublað vegna þróunarverkefnis.
- Nr. 4. Spurningar fyrir deildarstjóra vegna mats vor 2003.
- Nr. 5. Að meta vinnuumhverfið.
- Nr. 6. Leitið að skilaboðum í barnabókum.
- Nr. 7. Mat á umhverfi leikskólans.
- Nr. 8. Spurningar fyrir starfsfólk.
- Nr. 9. Tungumál vikunnar.
- Nr.10. Kveðjusöngvar á öllum tungumálum Lækjaborgar.



## Formáli

Ísland hefur á síðustu árum þróast í þá átt að vera fjölmennningarlegt samfélag og var þróunarverkefnið „Lækjaborg, fjölmennningarlegur leikskóli“ liður í því að bregðast við þeim breyttu aðstæðum sem því fylgir. Fjölmennningarlegt uppeldi og kennsla er nauðsynleg fyrir öll börn, óháð uppruna þeirra, og ekki síst í þeim hópum þar sem samsetningin er einsleit. Megintilgangur þróunarverkefnisins er sá að starfið í leikskólanum endurspegli fjölmennningarlegt samfélag og að öll börn í leikskólanum njóti góðs af því. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að efla foreldrasamvinnu og auka þekkingu og færni kennara<sup>1</sup> til þess að þeir geti betur unnið með fjölbreyttum hópi barna og foreldra. Lögð hefur verið rækt við að kynna foreldrum mikilvægi þess að börn læri móðurmál sitt og bent á að góður grunnur í móðurmáli hjálpi börnum að ná tókum á íslensku sem öðru máli. Leikfanga- og bókakostur leikskólans hefur verið endurnýjaður og umhverfi leikskólans þannig úr garði gert að það endurspegli menningarlegan margbreytileika. Þátttakendur í verkefninu voru öll börn, foreldrar og kennarar leikskólans þann tíma sem verkefnið stóð yfir, en það hófst haustið 2001 og því lauk vorið 2004.

Verkefnisstjórar voru Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, sem báðar eru lektorar í Kennaraháskóla Íslands. Á því tímabili sem verkefnið stóð yfir gerðu þær rannsókn á starfi leikskólans með því að taka viðtöl við foreldra og kennara og fylgjast með daglegu starfi. Þær skrifa um rannsóknina og niðurstöður hennar í sérstökum kafla hér á eftir. Þær tóku ennfremur þátt í gerð skýrslunnar og gáfu góð ráð við gerð hennar. Friða B. Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri var verkefnisstjóri í leikskólanum og skrifaði skýrsluna og fræðilega kafla. Svala Ingvarsdóttir leikskólastjóri sá um fjármálahlíð verkefnisins og tók þátt í skipulagningu þess og framkvæmd, ásamt verkefnastjórum og öllu starfsfólki leikskólans. Svala gaf einnig góð ráð við gerð skýrslunnar. Sérstakar þakkir fá Kolbrún Vigfúsdóttir fyrir frábært samstarf og leiðbeiningar allan tímann, en án hennar hefðu leiðir leikskólans og verkefnisstjóra varla legið saman. Henni er einnig þakkað fyrir yfirlestur á skýrslunni og gagnlegar ábendingar. Anna Margrét Þorlákssdóttir fær bestu þakkir fyrir yfirlestur, aðstoð við samantekt fræðilegra kafla og vinnu við þriðja kafla um mat starfsfólks á þróunarverkefninu, Jón Karl Helgason fyrir hvatningu og yfirlestur og Kristín Mar, aðstoðarleikskólastjóri á Mýri, fyrir góðar hugmyndir og veitta aðstoð.

---

<sup>1</sup> Í þessari skýrslu er allt starfsfólk leikskólans kallað kennarar.



Í skýrslunni er fyrst sagt frá leikskólanum Lækjaborg, síðan er fjallað um fjölmenningu í leikskóla og framkvæmd þróunarverkefnisins. Kafli Önnu Þorbjargar og Elsu Sigríðar um rannsóknina fylgir þar á eftir. Í viðauka er að finna tvo kafla sem unnir eru upp úr fræðilegri umfjöllun kennaranna á verkefnistímabilinu. Á eftir viðaukanum koma fylgiskjöl. Við vonum að fræðilegu kaflarnir og fylgiskjölin nýtist starfsfólki leikskóla þegar kemur að því að skipuleggja fjölmennningarlegt starf með leikskólabörnum. Unnið er að gerð handbókar um verkefnið og er áætlað að hún komi út á næsta ári.





# 1 Inngangur

## 1.1 Leikskólinn Lækjaborg

Leikskólinn Lækjaborg er við Leirulæk í næsta nágrenni við Laugardalinn. Hann var opnaður 4. júlí 1972 og var þá bygging með þremur deildum. Árið 1989 var byggt við norðurhlið skólans, en árið 1997 var honum breytt í núverandi mynd. Unnið er samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, frá 1999, og Námskrá Lækjaborgar sem kom út í byrjun árs 2002. Leikskólastjóri er Svala Ingvarsdóttir.

Deildir leikskólans eru þrjár, Hulduland, Álfalundur og Dvergasteinn. Deildirnar eru aldurskiptar og eru sextíu og átta börn í leikskólanum. Að meðaltali eru um tólf börn af erlendum uppruna í barnahópnum eða í kringum 18% barnanna. Í leikskólanum starfa u.þ.b. fimmtán kennarar auk matráðskonu og þar af eru tveir kennarar af erlendum uppruna. Leikskólinn starfar sem ein heild og er starf hans skipulagt í samvinnu kennara.

Helstu leikföng og leikefni er opinn efniviður, þar sem lögð er áhersla á ólíkar tegundir af kubbum, skapandi starf og hlutverkaleik. Í starfi deildanna er lögð áhersla á þróun frá hinu einfalda til hins flókna eftir því sem börnin flytjast á eldri deildir. Mikill munur er á leik barna eftir aldri. Gott leikumhverfi þar sem börnin fá nægan tíma til að þróa leik sinn eykur úthald þeirra og er góður undirbúningur fyrir framtíðina. Liður í aldursskiptingu er að skapa leikumhverfi sem hæfir þroska og aldri. Við teljum að með aldursskiptum deildum fái börnin betri aðstöðu til þess að þróa færni sína í gegnum leik. Í hópi jafnaldra fá börnin tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér, starfa og deila gleði með öðrum. Þau líkja hvert eftir öðru, hjálpast að og vináttu skapast (Námskrá Lækjaborgar 2002:4).





## 1.2 Aðdragandi verkefnisins

Vorið 2001 leitaði Elsa Sigríður Jónsdóttir, lektor við KHÍ, eftir samstarfi við leikskóla um að fara í þróunarstarf um fjölmenningu. Elsa hafði samband við Kolbrúnu Vigfúsdóttur, ráðgjafa hjá leikskólum Reykjavíkur, sem benti Elsu á að hafa samband við leikskólann Lækjaborg. Svala Ingvarsdóttir leikskólastjóri tók strax mjög vel í þessa hugmynd og lagði hana fyrir kennarahópinn sem leist vel á. Vinnan við þróunarverkefnið hófst í september 2001. Verkefnisstjórar frá upphafi voru Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. Innan leikskólans hefur Fríða B. Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri séð um verkefnisstjórn og Svala Ingvarsdóttir leikskólastjóri annast fjármál vegna verkefnisins og tekið þátt í skipulagningu og framkvæmd. Kennarar leikskólans voru frá upphafi sammála um að þörf fyrir fjölmenningarlegt starf í leikskólum hefði aukist mikið, enda íslenskt samfélag breyst frá því að vera einsleitt menningarsamfélag í fjölmenningsamfélag á fáeinum árum. Breytingin hefur ekki síst falist í því að fólk flyst nú hingað til lands í auknum mæli frá landsvæðum þar sem ríkjandi mál og menning eru mjög ólík þeim íslensku og hefur það áhrif á leikskólasamfélagið. Þessi fjölbreytni í barnahópnum er komin til að vera og nauðsynlegt að bregðast við með fjölmenningarlegu skólustarfi.

## 1.3 Hvers vegna fjölmenningarlegur leikskóli?

Í þjóðskrá 1. desember 1996 voru alls 5.148 íbúar Íslands með erlent ríkisfang eða 1,95% allra íbúa landsins (*Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi*, 1997:19), en 31. desember 2003 voru erlendir ríkisborgarar orðnir 10.180 eða um 3,5% af íbúafjöldanum (Hagstofa Íslands, 2004). Að minnsta kosti 60 tungumál eru töluð af fólki sem hér er búsett. Á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar var það gjarnan fólk frá Norður-Evrópu og Norður-Ameríku sem fluttist hingað til lands og varð í flestum tilvikum virkt í íslensku samfélagi, enda menning þess náskyld íslenskri menningu, tungumál flestra af germönskum uppruna og flestir aðhylltust kristna trú. Á síðustu áratugum hafa aðstæður breyst því að hingað hefur flust fólk frá löndum í Afríku, Asíu og Austur-Evrópu. Þar eru ríkjandi önnur menningarleg og trúarleg gildi og tungumálin ólík íslensku. Nýir íbúar hafa auðgað íslenskt þjóðfélag, en einnig hefur komið í ljós að samfélagið hefur ekki verið nægjanlega undir þennan fjölbreytileika búið enda vantað skýra stefnu um það hvernig allir, óháð uppruna, eigi að geta tekið virkari þátt í samfélaginu. Brýna nauðsyn ber til að ólíkir hópar geti búið og starfað saman í samfélaginu





án úlfúðar og á jafnréttisgrundvelli. Ef raunverulegur árangur á að nást þarf að byrja á fjölmennigarlegri kennslu og kennslu íslensku sem annars máls strax í leikskóla. Samfella þarf að vera í þeim kennsluháttum alla grunnskólagönguna og er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrár allra skólastiga í samhengi og með þennan þátt að leiðarljósi. Ekki má heldur horfa fram hjá því að ef takast á að skapa fjölmennigarlegt skólasamfélag þá er fjölmennigarlegt uppeldi og kennsla nauðsynleg fyrir öll börn, ekki aðeins þau sem hafa erlendan bakgrunn.

Líkt og í samfélaginu öllu hefur orðið mikil breyting á leikskólasamfélaginu. Í leikskólum fjölga jafnt og þétt börnum af erlendum uppruna og sama er að segja um starfsmenn í leikskólum. Í desember 2003 voru í leikskólum Reykjavíkur um 500 tvítýngd börn, eða um 9% allra leikskólabarna í Reykjavík, en í desember 2004 hafði þeim fjölgað í um 630 eða tæp 11% allra leikskólabarna. Börnin eru af 80 þjóðernum og þau tala 50 tungumál (Leikskólar Reykjavíkur, 2004). Álitid hefur verið mikilsvert að börn af erlendum uppruna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli komist sem fyrst í leikskóla vegna þess að leikskólinn getur gegnt veigamiklu hlutverki í aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því þurfa yfirvöld menntamála að hafa skýr markmið um það hvað þarf til þess að uppeldi og menntun barna af erlendum uppruna á þessu skólastigi sé fullnægjandi.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* frá árinu 1999 kemur fram að í leikskólanum þurfi að koma til móts við þarfir „allra“ barnanna og að leikskólinn skuli „hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú“ (Menntamálaráðuneytið, 1999:15). Þetta er nánast það eina sem kemur fram um vinnu með börnum af erlendum uppruna og því er ekki hlaupið að því fyrir leikskólakennara að sinna þörfum þeirra til fulls. Engin sérstök ákvæði eru í leikskólalögum um börn af erlendum uppruna (Lög um leikskóla nr. 78/1994). Hvergi kemur fram í aðalnámskrá hver séu markmiðin í vinnu með börnum af erlendum uppruna og fram til þessa hafa leikskólakennarar haft fá tækifæri til þess að kynna aðferðum til að vinna með menningarlegan margbreytileika og kennslu íslensku sem annars máls. Við það bætist að aðferðir til þess að meta færni og framfarir barna í íslensku sem öðru máli eru lítt þekktar. Þetta stendur þó vonandi til bóta með breyttum áherslum í leikskólakennaranámi í KHÍ og brautryðjendastarfi Kolbrúnar Vigfúsdóttur, leikskólaráðgjafa hjá Leikskólum Reykjavíkur. Kolbrún hefur



undanfarin ár unnið ötullega að því að rannsaka gengi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur og veitt kennurum ráðgjöf um menntun þeirra, uppeldi og foreldrasamstarf.<sup>2</sup>

Rannsóknir sýna að góð kunnátta í móðurmáli er nauðsynleg fyrir börn til að geta náð tökum á seinna máli (Birna Arnbjörnsdóttir, 1998:5; Cummins, 1996:97-123) og kemur fram að besta leiðin til þess að kenna börnum annað mál sé tvítýngiskennsla þar sem kennt er jöfnum höndum á móðurmálinu og nýja málinu. Það gefur hinsvegar auga leið að erfitt er að koma við móðurmálskennslu í leikskólum á Íslandi þar sem eru einungis fáein börn sem tala sama mál. Það skiptir því miklu máli að heimamál og heimamenning barnsins sé virt og viðurkennd í leikskólanum því að þá aukast líkur á því að barnið haldi áfram að nota móðurmálið og þróa það áfram. Með því styrkist grunnurinn að íslenskunáminu sem er aftur forsenda þess að barnið nái viðlíka árangri í skólanámi og önnur börn.

Erlendir fræðimenn telja að til þess að leikskólar geti stuðlað að því að börn af erlendum uppruna varðveiti menningu sína, tungu og trú, sé samstarf við foreldra barnanna nauðsynlegt. Þeir telja ennfremur að slíkt frumkvæði þurfi að koma frá leikskólakennurinum sjálfum. Börnin þurfa að læra að meta bakgrunn hvers annars með því að skoða hvað þau eiga sameiginlegt, en markmiðið er alls ekki að beina sjónum að því hvað sé framandi og ólíkt (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000). Kunnátta og færni í íslensku er forsenda þess að börn nái árangri í íslenskum skólum. Það er því brýnt að stuðla að því að tvítýngd börn viðhaldi móðurmáli sínu og haldi áfram að taka framförum í því jafnframt því sem þau tileinka sér íslensku. Fræðikonan Skutnabb-Kangas (1981:17), telur það mannréttindi allra barna að fá tækifæri til að ná fullum tökum á málinu sem þau lærðu fyrst, að verða stolt af tungu sinni og menningu.

---

<sup>2</sup> Í því sambandi má benda á meistaraþrófsritgerð Kolbrúnar „*Því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft*“ (Kolbrún Vigfúsdóttir, 2002) og nýútkomna skýrslu Kolbrúnar um þróunarverkefnið „*Staða-framfarir-framhald*“ (Kolbrún Vigfúsdóttir, 2004) þar sem markmiðið var að þróa aðferð/matstæki til að meta stöðu og framfarir leikskólabarna sem eru að nema íslensku sem annað mál.



## 1.4 Markmið þróunarverkefnisins

Megintilgangur þróunarverkefnisins „Lækjaborg, fjölmennningarlegur leikskóli“ var að finna leiðir til þess að koma til móts við þarfir barna af erlendum uppruna og veita þeim aukin tækifæri til þess að fóta sig í íslensku samfélagi. Einnig að auka færni kennara til þess að vinna með börnum og foreldrum af ólíkum uppruna, og síðast en ekki síst auka víðsýni og þekkingu íslenskra barna og foreldra og kenna þeim að meta menningarlegan margbreytileika í leikskólasamfélaginu. Markmiðið er að starfið í leikskólanum endurspegli fjölmennningarlegt samfélag þannig að fjölmennningarlegir kennsluhættir verði rauður þráður í leikskólastarfinu öllu og séu augljósir í námskrá leikskólans, aðferðum kennara, í fjölbreyttum efniviði, s.s. bókum og leikföngum og góðu, jákvæðu foreldrasamstarfi. Lögð var áhersla á það að öll börn og allir foreldrar í leikskólanum nytu góðs af starfinu. Lykilorð verkefnisins voru jafnrétti, menning og tunga.

Markmiðin sem sett voru í upphafi og hefur verið unnið að frá byrjun eru:

- Að öll börn í leikskólanum læri að fólk er ólíkt en samt jafnmikils virði.
- Að gera heimamál og heimamenningu tvítyngdra leikskólabarna að sjálf-sögðum og virtum þætti í leikskólastarfinu.
- Að leikskólastarfið endurspegli fjölmennningarlegt samfélag.
- Að kennarar auki þekkingu sína og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra.

Auk þessara markmiða hefur frá upphafi verið reynt að leita leiða til þess að kenna íslensku sem annað mál og meta kunnáttu og færni barna af erlendum uppruna í íslensku.

Verkefnið naut frá upphafi mikils stuðnings og fékk leikskólinn styrki frá Leikskólum Reykjavíkur, Menntamálaráðuneytinu og Barnamenningarsjóði. Þessir styrkir gerðu okkur kleift að vinna að þróunarstarfinu.



## 2 Þróunarverkefnið „Lækjaborg, fjölmennningarlegur leikskóli“ 2001-2004

Hér verður farið yfir það helsta sem gert var á meðan á verkefninu stóð. Í 2.3 er því lýst hvað var gert með börnunum og gefin dæmi um það, en nákvæmari lýsingu á verkefnum er að finna í handbókinni *Fjölmennningarlegur leikskóli* sem áætlað er að komi út 2005. Rétt er að taka það fram að í dæmum þar sem verið er að vísa í samræður við börn, eða skrá niður athugasemdir frá þeim, er nöfnum þeirra breytt. Sömu nöfnin eru notuð aftur og aftur, en það þýðir ekki að þetta séu alltaf sömu börnin sem tala, öll börnin á leikskólanum tóku þátt og skráningin kemur frá kennurum á öllum deildum þannig að um er að ræða fjölda barna.

### 2.1 Þáttur kennara

#### 2.1.1 Fundir.

Á tímabilinu hafa verið haldnir u.þ.b. tuttugu starfsmannafundir sem fjölluðu um framkvæmd þróunarverkefnisins. Auk þess var á öðrum fundum rætt um þróunarverkefnið. Kennarar hafa undirbúið sig fyrir flesta fundina með lestri á bókum og greinum sem



tengjast málefnum, en verkefnisstjórar hafa leitað eftir bókum og greinum við hæfi og þýtt texta þegar þörf hefur verið á. Frá upphafi voru allir sammála um það að kennararnir í leikskólanum þyrftu að geta rætt skoðanir sínar og viðhorf og aflað sér samskonar faglegrar þekkingar.

Framkvæmdaáætlun var á þá leið að megináhersla var lögð á lestur og umræður í kennarahópnum 2001-2002, en síðan yrði árið 2002-2003 tími framkvæmda, verkefnavinnu og aukins foreldrasamstarfs. Á tímabili var dregið úr umræðu og lestri fyrir starfsmannafundi, en í mati deildarstjóra vorið 2003 kom fram óánægja með það. Kennarar voru sammála um það að nauðsynlegt væri að halda umræðunni stöðugt á lofti og helga meirihluta starfsmannafunda umræðu um gang verkefnisins og vera stöðugt að afla sér nýrrar þekkingar til þess að geta náð árangri. Í bók sinni *Roots and Wings* (1991:38-40) fjallar Stacey York um mikilvægi þess að halda umræðunni gang-



andi til þess að efla kennara og styrkja þá í því sem þeir eru að gera. York talar um að efling felist í sex eftirfarandi stigum:

1. **Þekking.** Kennarahópurinn sest niður og ræðir þekkingu sína á því viðfangsefni sem á að taka fyrir; í þessu tilviki fjölmennningarlega kennslu í leikskóla.
2. **Reynsla og meðvitund.** Kennarahópurinn þarf að ræða og gera sér grein fyrir eigin hugsunum og fordómum með því að vísa í eigin reynslu.
3. **Skuldbinding og markmið.** Kennarahópurinn setur sér markmið um fjölmennningarlega kennslu.
4. **Breytingar í skólanum og börnin taka þátt.** Kennararnir breyta umhverfinu í leikskólanum, bjóða upp á fjölmennningarlegan efnivið og leikföng og virkja börnin í umræðum.
5. **Fjölmennningarleg kennsla í skólanum.** Kennarar tileinka sér fjölmennningarlega kennsluhætti og fjölmennningarleg verkefni. Kennarahópurinn kemur saman, ræðir hvernig til tekst, leysir vandamál sem upp koma og ræðir aðferðir.
6. **Markmiðum fjölmennningarlegrar kennslu náð.**

Einnig þurfa allir að taka þátt í mótun, símati og endurskipulagningu til þess að ekki sé hætt á að fjölmennningarleg kennsla leggist af þegar þróunarverkefninu lýkur. Það er mjög mikilvægt því eins og York bendir á, þá verða allir kennarar að taka þátt í breytingunum ef breyta á skólastarfi í heilum skóla (1991:32-33).

Yfir tuttugu fundir hafa verið haldnir með verkefnisstjórum, þeim Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur, Elsu Sigríði Jónsdóttur frá KHÍ og þeim Fríðu B. Jónsdóttur aðstoðarleikskólastjóra og Svölu Ingvarsdóttur leikskólastjóra. Á þeim fundum hefur verið rætt um framvindu verkefnisins, mat hefur farið fram og lögð drög að áframhaldinu. Ennfremur hefur verið lagður grunnur að því að velja lesefni og umræður fyrir komandi starfsmannafundi.

Auk þessara funda hafa verkefnisstjórar fundað með Guðrúnu Pétursdóttur í Alþjóðahúsi til að fá upplýsingar um þá þjónustu sem A-hús hefur upp á að bjóða o.fl.. Einnig hefur verið fundað með yfirmanni „nýbúakennslu“ í Laugarnesskóla, en sú hugmynd hefur komið upp að tengja þróunarverkefnið samstarfi við grunnskóla. Kennarar úr yngstu bekkjum Laugarnesskóla hafa komið í leikskólann og kynnt sér vinnu við þróunarverkefnið með það í huga að nýta





hugmyndir frá leikskólanum í móttöku og vinnu með börn af erlendum uppruna auk þess sem kennarar koma í heimsókn til okkar á vorin og fá upplýsingar um barnahópin sem kemur til þeirra að hausti. Öllum foreldrum hefur verið boðið að deildarstjóri leikskólabarnanna sitji fyrsta viðtal með grunnskólakennara og þeim sjálfum til þess að fara yfir upplýsingar varðandi barnið og færni þess. Við teljum mikilvægt að góður árangur í foreldrasamstarfi og tengsl foreldra og leikskólakennara sem myndast hafa á leik-



skólagöngu barnanna skili sér yfir í grunnskólann og því höfum við boðið upp á þennan möguleika sem hefur þó ekki verið mikið nýttur. Allar upplýsingar sem fara frá leikskólanum til grunnskólans um börnin eru skriflegar og undirskrifaðar af foreldrum. Eins og staðan er í dag, þá eru flest dreifibréf og upplýsingar um væntanlega skóla-

göngu barna á íslensku og því ekki aðgengileg foreldrum sem ekki tala íslensku. Ef foreldrar kjósa það setjum við okkur í samband við grunnskólann og fáum upplýsingar fyrir þau um komandi skólagöngu barnanna.

Auk þessa hefur verið fundað nokkrum sinnum með „Laugarnesi á ljúfum nótum“, en það eru samtök þeirra sem koma að starfi með börnum og unglingum í Laugarneshverfi (skólar, leikskólar, foreldrafélög, félagasamtök, kirkjan og íþróttafélög í hverfinu). Samtökin hafa m.a. staðið fyrir hausthátíðum og er áhugi fyrir hendi að færa fjölmenningu inn í það starf.

### 2.1.2 Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla.

Um námskeiðsdag að hausti 2001 sáu Kolbrún Vigfúsdóttir, en hún hélt fyrirlestur um íslenskukennslu í leikskólum, og Elsa Sigríður Jónsdóttir sem var með fyrirlestur um tvítyngd leikskólabörn. Nokkrir starfsmenn sóttu fyrirlestra á vegum rannsóknarstofnunar KHÍ, m.a. hjá Sigurði Pálssyni um trúarlegt uppeldi og Hönnu Ragnarsdóttur, þar sem hún fjallaði í annað skiptið um rannsókn á íslenskum leikskólum um börn af erlendum uppruna og hitt skiptið um rannsókn á gengi og félagsleg tengsl



barna af erlendum uppruna á grunnskólaaldri. Nokkrir kennarar sóttu fyrirlestur Babette



Brown um notkun persónubrúða og þrír kennarar sóttu heilsdagsnámskeið hjá Brown, en hún kenndi notkun persónubrúðanna í skólasterfi. Hanna Ragnarsdóttir kom á starfsmannafund og kynnti notkun persónubrúðanna. Einnig tóku nokkrir starfsmenn þátt í málþingi á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, þar sem kynnt var upprunamenning barna frá sjö þjóðlöndum og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Tveir kennarar sóttu málstofu Alþjóðahúss um menntun barna og hagi innflytjenda, en aðrir gátu nálgast fyrirlestrana sem þar voru fluttir á heimasíðu Alþjóðahúss. Ingibjörg Hafstað og Helga Guðrún Loftsdóttir frá Fjölmenningu ehf. héldu námskeið fyrir starfsmannahópinn haustið 2002 um menningarfærni og kennslu íslensku sem annars máls. Til viðbótar við þetta hafa kennarar sótt námskeið tengd símenntunaráætlun um málörvun, tákn með tali og einstaklingsáætlunargerð, en þau námskeið tengjast beint inn í vinnu vegna þróunarverkefnisins. Tveir leikskólakennarar ljúka 30 eininga diplómunámi í fjarnámi frá framhaldsdeild KHÍ haustið 2005 af brautinni Fjölmennig. Þeir hafa m.a. gert námstengdar kennararannsóknir á gengi barna af erlendum uppruna í leikskólanum og mat á leikskólasterfinu.



### 2.1.3 Náms- og kynnisferð til London.

Laugardaginn 1. nóvember 2003 lögðu kennarar Lækjaborgar af stað í langþráða náms- og kynnisferð til London. Ferðin hafði verið í undirbúningi í tæp tvö ár, eða allt frá því að hafist var handa við þróunarverkefnið „Lækjaborg, fjölmennigarlegur leikskóli“.



Um leið og þróunarverkefnið fór af stað var byrjað að finna aðferðir til fjölmennigarlegrar kennslu. Fljótlega komumst við þó að raun um að einhvern tíma á ferlinu yrði nauðsynlegt að leita út fyrir landsteinana til þess að víkka sjóndeildarhringinn, enda er vinna með fjölmenningu mjög skammt á veg komin í íslenskum leikskólum. Við sóttum námskeið um persónubrúður hjá Babette Brown og heimsóttum fjóra leikskóla sem valdir voru með tilliti til fjölmennigarlegra kennsluhátta. Skýrslu um ferðina má



nálgast á heimasíðu leikskóla Reykjavíkur [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is) og á heimasíðu leikskólans [www.leikskolar.is/laekjaborg](http://www.leikskolar.is/laekjaborg).

#### 2.1.4 Vinnuhópar.

Fyrst eftir að verkefnið fór af stað skiptust kennarar í hópa þvert á deildir og unnu með afmörkuð verkefni eins og að útbúa kveðjur á öllum tungumálum, afmælisóskir, fána allra þjóðlandanna í leikskólanum, semja kveðju-söngva o.fl. (Kveðjusöngvar eru samdir við þekkt íslensk barnalög, en innihalda kveðjur á öllum tungumálum leikskólans, sjá fylgiskjal nr. 10). Önnur hugmynda- og framkvæmdavinna var unnin innan deildarskiptingar og af verkefnisstjórum.



#### 2.1.5 Nýir kennarar.

Þegar nýir kennarar hefja störf er þróunarverkefnið kynnt fyrir þeim og þeim boðið að lesa þær greinar og bækur sem hafa verið lesnar. Þrátt fyrir þessa kynningu er mjög erfitt að setja nýtt fólk inn í hugmyndafræði og aðferðir sem búið er að þróa í langan tíma, og hefur nýju kennurunum oft fundist eins og „þeir séu ekki að gera neitt í tengslum við þróunarverkefnið“. Í endurmati vorið 2004 kom fram að þeim fannst eins og meira hefði verið gert áður en þeir hófu störf og þeim fannst þau ekki alveg búin að finna taktinn í fjölmennigarlegu starfi leikskólans. Ekki hefur verið mikið um starfsmannaskipti þann tíma sem þróunarverkefnið hefur staðið yfir og hefur það skipt miklu máli. Það er sjálfsagt einn mikilvægasti þátturinn að stöðugleiki ríki í starfsmannahaldi á meðan verið er að innleiða nýjar uppeldis- og kennsluáferðir.



Á tímabilinu fengum við til okkar þrjá nema sem komu sérstaklega vegna þróunarverkefnisins og hefur það verið mjög skemmtilegt því að þeir hafa þá haft ákveðnar hugmyndir og þekkingu á fjölmennigarlegri kennslu og þess vegna getað verið virkari í





starfinu. Það kom fram í viðtali við nema að þeim fannst mjög augljóst að verið var að vinna að markmiðum þróunarverkefnisins, einn þeirra sagði:

Mér finnst barnahópurinn sjálfstæður, þau veraldarvön og verið að hlúa að manneskjunni á hverjum degi. Börnin af erlendum uppruna eru með gott sjálfstraust, það er ekkert sem þau þurfa að fela; þau eru þau sjálf á sínum forsendum. Þróunarverkefnið sést, var lengi að finna þúlsinn í fjölmenningu, en mér finnst ég finna það alls staðar, það virðist vera í sálinni og umhverfinu.

### **2.1.6 Kynning á þróunarverkefninu.**

Mjög mikið hefur verið um heimsóknir til okkar frá því að þróunarverkefnið hófst. Nemendur og kennarar frá Kennaraháskóla Íslands og erlendis frá hafa komið margoft í þeim tilgangi að fræðast um þróunarverkefnið. Við höfum auk þess tekið á mótí kennurum og leikskólafulltrúum frá ýmsum sveitarfélögum utan borgarinnar þar sem verið er að móta fjölmennigarlega stefnu í skólamállum. Fjölmargir starfsmenn annarra leikskóla borgarinnar hafa heimsótt okkur auk gesta víðsvegar að sem hafa viljað fræðast um þróunarverkefnið.

Fyrirlestrar um þróunarverkefnið hafa verið haldnir fyrir leikskólanema í KHÍ á hverju hausti og vori frá því það hófst og á fagnámskeiði Eflingar vorið 2002, 2003 og 2004, á Málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans í október 2002 og á Skólamálaþingi vorið 2004. Auk þess var verkefnið annað tveggja verkefna sem valin voru frá leikskólum til kynningar á ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar, „Lýðræði í skólastarfi“, sem haldin var í september 2002. Þangað komu einnig börn af elstu deild leikskólans og sungu kveðjusöngvana fyrir gesti. Verkefnisstjórar frá KHÍ hafa kynnt rannsókn sína á ráðstefnum hérlendis og erlendis auk þess sem þær hafa ritað greinar í tímarit. Sjá m.a. grein í vef tímaritinu Netlu, [www.ki.is/netla](http://www.ki.is/netla). Verkefnið var ennfremur kynnt í Skólavörðunni. Námskeið og fyrirlestrar hafa verið haldnir á námskeiðsdögum og starfsmannafundum hjá fjölda leikskóla, innan sem utan Reykjavíkurborgar og á vegum Leikskóla Reykjavíkur. Síðast en ekki síst hefur verkefnið verið vel kynnt á öllum foreldrafundum og í fyrstu viðtölum hjá öllum foreldrum.

### **2.1.7 Fjölmíðlaumfjöllun.**

Við höfum fylgst með fjölmíðlaumfjöllun dagblaðanna um málefni fólks af erlendum uppruna. Greinum er safnað í úrklippubækur og eru þær oft grundvöllur umræðna á milli kennara. Það hefur verið gaman að fylgjast með því hvernig augu okkar hér á



Lækjaborg hafa opnast fyrir málefnum fólks af erlendum uppruna, búsettum á Íslandi. Oft eru umræður á kaffistofu kennara mjög fjörugar eftir ýmislegt sem er til umfjöllunar í fjölmiðlum.

### 2.1.8 Heimasíðugerð.

Heimasíða leikskólans var tekin í gagnið í apríl 2003. Reynt er að hafa einn aðila á



hverri deild ábyrgan fyrir uppfærslu mynda og fréttu frá viðkomandi deild, en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sjá um aðra uppfærslu. Heimasíðan er enn í mótun og verður það áfram. Við hönnun síðunnar var lagt mikið upp úr því að upphafssíðan væri einföld og með táknum, þannig að fólk sem

ekki talar íslensku gæti a.m.k. farið inn á síðuna og skoðað myndir af börnunum í daglega starfinu. Foreldrar af erlendum uppruna sýndu því strax áhuga að geta bent ættingjum og vinum í heimalandinu á að skoða myndir af börnunum á heimasíðu leikskólans. Það er hinsvegar alltaf spurning hversu mikill tími á að fara í vinnu eins og þessa og það þarf að skoða vel, en á móti kemur að foreldrar eru mjög þakklátir fyrir síðuna og nota hana mikið, „helst til að skoða myndir“ eins og kom fram í foreldraviðtölum vorið 2004. Heimasíðan breyttist mikið haustið 2004 þegar Leikskólar Reykjavíkur samræmdu útlit allra heimasíðna hjá leikskólum borgarinnar. Nýja slóðin á heimasíðu Lækjaborgar er [www.leikskolar.is/lækjaborg](http://www.leikskolar.is/lækjaborg).





## 2.2 Foreldrasamstarf

### 2.2.1 Fyrsta viðtal: upplýsingar um börnin og fjölskyldur þeirra.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fara vel yfir það hvernig tekið er á mótí foreldrum



allra barna í leikskólanum. Ekki eru sérstök viðtöl eða eyðublöð þegar það koma foreldrar af erlendum uppruna, en í þeim tilfellum er farið yfir gátlista (sjá fylgiskjal nr. 1). Fyrsta viðtal hefur verið stórlega endurbætt<sup>3</sup> og lögð áhersla á það að leikskólinn afli eins mikilla upplýsinga um bakgrunn barna og kostur er (sjá fylgiskjal nr. 1). Áður en viðtalið fer fram er kannað hvort

foreldrar þurfi á tülki að halda og er öllum foreldrum boðið upp á að viðtalið fari fram heima hjá þeim. Markmiðið með því að bjóða heimaviðtöl er að mynda strax góð tengsl við foreldra og börn. Við tökum með okkur myndir af krökkunum sem eru á deild

barnsins til að sýna foreldrum og barni, og tökum síðan myndir af þeim sem bíða tilbúnar upp á vegg þegar barnið byrjar. Í upphafi voru fáir sem nýttu sér það að fá okkur heim til þess að taka viðtalið, en nú þegar þróunarverkefninu er að ljúka er staðreyndin sú að meirihluti foreldra nýtir



sér þennan kost. Viðtalseyðublaðið hefur nú þegar verið þýtt á ensku og stendur til að láta þýða það á fleiri tungumál. Eyðublaðið var í þróun í tvö ár og rákum við okkur á ýmsa vankanta við gerð þess. Til dæmis kom fram að ónærgætin spurning var á blaðinu um ástæður þess að fólk fluttist til landsins. Við fengum til okkar asíska móður sem



vildi alls ekki segja okkur frá því hvers vegna hún hafði flust til landsins vegna þess að hún hafði mætt miklum fordómum. Við ákváðum því að taka þessa spurningu út úr viðtalinu og spyrja fólk í stað þess hversu lengi það hefði búið hér og mynda síðan umræður í kringum það.

<sup>3</sup> Móttökuáætlun Leikskóla Reykjavíkur vegna barna af erlendum uppruna var lögð til grundvallar, sem og reynsla okkar og þekking.



Við lentum líka í vandræðum þegar við byrjuðum að láta þýða og túlka fyrir foreldra. Við gættum þess ekki að spyrja foreldra fyrst hvort þeir vildu láta einhvern sérstakan þýða eða túlka og það kom upp óþægileg staða þegar foreldrar lýstu því yfir að þýðing sem við fengum væri ekki góð (var ekki úr sömu mállýsku og þeirra). Við ákváðum því að sýna foreldrum þá virðingu að spyrja þá hvort þeir vilji túlka og þýðingar og ef svo sé hvort þeir vilji ákveða sjálfir hver annist það.

Á námskeiðsdegi haustið 2002 hjá Ingibjörgu Hafstað tókum við eyðublaðið fyrir fyrsta viðtalið og fórum vel í gegnum það með henni, hvaða spurningar ættu að vera þar og hverjar ekki. Þá kom fram mjög góð gagnrýni frá einum kennara við leikskólann, ættuðum frá fyrrum Júgóslavíu, þar sem hún benti á að spurningin um það hvort foreldrar hylltu fána lands síns væri alls ekki við hæfi. Sumir foreldrar væru flóttafólk frá stríðshrjáðum ríkjum þar sem fólk skiptist í fylkingar eftir því hvort það hyllti þjóðfánann eða ekki. Við ákváðum að sleppa þessari spurningu alveg, en útbjuggum í stað þess gátlista sem fylgir viðtalinu þar sem við lýsum yfir áhuga á að kynnast menningu og tungu foreldra (sjá fylgiskjal nr. 1 og 2). Upplýsingar er varða m.a. menningu og tungu barna og foreldra eru færðar í möppu sem fylgir börnunum á milli deilda og eru foreldrar enn fremur beðnir um að fylla út lista yfir algeng orð á móðurmálinu.

### 2.2.2 Samskipti við foreldra eftir að barnið byrjar í leikskólanum.

Lögð hefur verið áhersla á stóraukin samskipti og samvinnu við foreldra tvítyngdra barna, sem og aðra foreldra. Nokkur verkefni sem unnin voru með börnunum hafa byggt á samstarfi við foreldra og hefur það samstarf yfirleitt gengið mjög vel. Foreldrar hafa til dæmis verið beðnir um að velja ljósmyndir með börnunum af fjölskyldum þeirra og vinum, koma með hluti að heiman, skipuleggja hátíðisdaga og taka þátt í undirbúningi fyrir foreldrafundi. Það hefur þó komið á daginn að foreldrar eru misáhugasamir um það að taka þátt í starfi leikskólans, en það fer alls ekki eftir uppruna þeirra eða hæfileika til að tala íslensku. Sumir foreldrar eru mjög áhugasamir og aðrir ekki og því verður seint hægt að breyta. Eftir að við betrubættum fyrsta viðtalið og





lýstum því yfir við foreldra að við hefðum áhuga á að kynnast menningu þeirra og tungu, höfum við fengið mjög góð viðbrögð frá foreldrum.



Foreldrafundirnir hjá okkur hafa tekið nýja stefnu eftir að við hófumst handa við þróunarverkefnið, en haustið 2001 var haldinn fyrsti foreldrafundurinn þar sem þróunarverkefnið var kynnt. Í apríl var síðan haldinn annar foreldrafundur þar sem sagt var frá því að styrkir hefðu fengist í verkefnið, hvað væri búið að gera og hvert framhaldið væri. Katrín Tuy Ngo frá Víetnam kom og sagði frá landi sínu, tungumálinu og því hvernig væri að ala upp víetnömsk börn á Íslandi. Í lok fundarins útbjuggu foreldrar og kennarar fjölbjóðlega matarveislu og allir snæddu saman. Á foreldrafundum sem haldnir eru í október ár hvert hefur síðan þeim sið verið haldið að borða saman og hefur það vakið mikla ánægju meðal kennara og foreldra. Á foreldrafundi haustið 2003 lýsti foreldri af erlendum uppruna því yfir að:

Það væri frábært að fá að upplifa þetta, allir kæmu saman í vinsemd og friði hvaðan sem þeir kæmu og borðuðu saman. Allir væru saman á þeim forsendum að þeir væru foreldrar og það væri eina sem skipti máli og markmið allra væri að sinna því hlutverki vel. Bara að þetta væri hægt á fleiri stöðum í veröldinni.


Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var haldinn að vori 2003 og aftur 2004 þar sem þróunarverkefnið var kynnt ásamt námskrá leikskólans, foreldrahandbók og foreldrafélagi. Foreldrum gafst þar kostur á að hitta hvert annað og kennara leikskólans.

Önnur atriði sem efla foreldrastarf:

- Foreldrar hafa verið hvattir til að senda okkur póstkort á ferðum sínum til útlanda og hefur okkur borist mikið af þeim. Þau eru lesin fyrir börnin og skoðað hvar fólk er að ferðast á heimskorti.
- Foreldrar, íslenskir jafnt sem erlendir, hafa fært okkur gjafir, m.a. bækur og minjagripni sem tengjast fjölmenningu.



- Þýddar hafa verið auglýsingar og verkefni fyrir þá foreldra sem það kjósa og þurfa, en það er í góðri samvinnu við Alþjóðahús þaðan sem við fáum alla þá túlka- og þýðingarþjónustu sem völ er á.
- Myndrænt dagskipulag hefur verið sett upp á öllum deildum, en það auðveldar foreldrum (og börnum) að sjá myndrænt hvernig dagurinn er skipulagður.
- Stafrænar ljósmyndir sem teknar eru af börnunum í daglegu starfi eru sýndar samdægurs á tölvuskjá, prentaðar út og hengdar upp eða settar á heimasíðuna. Þannig geta foreldrar með litla íslenskukunnáttu séð hvað verið er að gera í leikskólanum. Þegar foreldrar tala ekki íslensku, en kunna ensku, eru upplýsingar um það hvað er að gerast á myndunum sem hanga uppi, skrifaðar á báðum málunum. Einn kennarinn, sem er tælenskur, hefur auk þess skrifað upplýsingar á tælensku fyrir tælenska foreldra og haft samskipti á móðurmálinu, túlkað í viðtölum og aðstoðað á allan hátt. Það er ómetanlegt að hafa kennara við skólann sem tala sama tungumál og foreldrar og mikilvægt fyrir leikskólastjóra að nýta sér þann mannauð sem býr í kennarahópnum.
- Leikskólinn varð þrjátíu ára 2002 og þá voru foreldrar af erlendum uppruna beðnir um að útbúa afmælisóskir á móðurmálinu. Síðan var útbúin sól sem á stóð „Lækjaborg 30 ára“ og á geislum sólarinnar stóð „til hamingju með afmælið“ á öllum tungumálum leikskólans. Við notum þessa geisla ennþá og höfum bætt við þá eftir því sem ný tungumál koma inn í leikskólann.
- Upplýsingatafla hangir uppi á hverri deild, en þar er hengt upp ýmislegt vegna fjölmenningarverkefnisins, blaðaúrklippur, fréttabréf Alþjóðahússins, upplýsingar um verkefnið o.fl.
- Haldið var upp á afmælisdag konungsins í Tælandi 5. desember 2002 og kom þá tælensk móðir í heimsókn og dvaldi með börnunum á deildinni í nokkra tíma. Áður hafði hún búið til bók með tælensku ævintýri og las það upp fyrir öll börnin í leikskólanum á tælensku og það var síðan þýtt yfir á íslensku. Tælenski starfsmaðurinn okkar endurtók þetta síðan ári seinna. Sama dag hófst Eid-ulAdha, múslimsk hátíð sem stendur





yfir í fjóra daga. Foreldrar komu með upplýsingar um hátíðina og indverskan þjóðarrétt að smakka fyrir öll börnin.

Við höfum haldið upp á búlgarska þjóðhátíð, málað egg að serbneskum sið, fengið



myndband með barnadönsum og -söngvum frá Víetnam og ýmislegt fleira sem hefur styrkt og auðgað foreldrasamstarfið, en aldrei verður of mikil áhersla lögð á gott samstarf við alla foreldra. Við hefðum þó gjarnan viljað fá foreldra ennþá oftar til okkar í leikskólann, en það er oft erfitt að

koma því við, enda virðast foreldrar því miður oft eiga erfitt með að fá sig lausa úr vinnu.





## 2.3 Vinna með börnunum


Útfærsla verkefna sem tengjast þróunarverkefninu fer eftir aldri og þroska barnanna

eins og önnur verkefni sem unnið er að í leikskólanum. Kennarar voru hvattir til að skrá niður allt sem tengdist þróunarverkefninu og voru útbúin til þess sérstök eyðublöð (sjá fylgiskjal nr. 3), auk þess sem kennarar hafa líka skráð starfið í samfelldum texta, með ljósmyndum og nokkrum sinnum með myndbandsupptökum.



Skráningin hefur hins vegar gengið upp og ofan og oft á tíðum verið allt of lítil. Síðastliðinn vetur varð þó mikil bragarbót á þegar við eignuðumst aðra stafræna myndavél, en þá var farið að nota ljósmyndir enn meira við skráningu. Það er oft fljótlegri leið auk þess sem í ljós kom að fleiri nýttu sér það en að skrifa og með því tókst að virkja fleiri kennara í skráninguna. Það voru oftast sömu kennararnir sem voru duglegir að skrá skriflega, með þeirri undantekningu að allar stundir með Persónubrúðunum eru skráðar niður.

Frá upphafi verkefnisins höfum við glímt við þá spurningu hvernig best sé að vinna með yngstu börnunum, enda mjög mikill munur á því hvað hægt er að gera með elstu börnunum og þeim yngstu. Því höfum við lagt áherslu á að gera umhverfi yngstu barnanna sem „fjölmennigarlegast“ með leikefni, myndum og bókum, en minna hefur



verið um flókin verkefni með þeim. Á eldri deildunum hefur verið meira um umræður, fræðslu og flóknari útfærslu verkefna. Í fjölmennigarlegum fræðum er lögð mikil áhersla á að vinna á forsendum barnanna. Sem dæmi um það er þegar haldið var upp á afmæli konungsins í Tælandi eins og sagt var frá á síðunni hér á undan. Hugmyndir að verkefnum með

börnunum má finna í handbók um fjölmennigarlegan leikskóla sem áætlað er að komi út haustið 2005.





### 2.3.1 Fjölmennigarlegt leikefni og frjáls leikur.

Mikið hefur verið keypt af bókum, púsluspilum, tónlist, dúkkum, hljóðfærum og öðru leikefni sem tengist fjölmenningu. Það hefur verið gaman að fylgjast með því hvernig

börnin hafa umgengist þetta leikefni. Markmiðið með því fyrst og fremst er að gera umhverfi barnanna fjölmennigarlegt, án þess að setja reglur um það hvernig eigi að nota leikefnið eða hvort eigi að ræða um það á einhvern ákveðinn hátt. Í frjálsum leik og samverustundum hafa



kennarar stundum bryddað upp á hugmyndum að ferðalagaleikjum, eins og t.d. að byggja flugvél og fljúga út í heim og skapa þannig umræður um viðkomandi land. Einnig voru nokkrir kennarar duglegir við að fara á söguflakk í samverustund, en þá var það einhver ákveðin brúða sem fór á flakk um heiminn og börnin í samvinnu við



kennarana sköpuðu sögunni umgjörð. Þetta var þó ekki gegnumgangandi vinnuaðferð og kennarar misáhugasamir og hugmyndaríkir. Má segja í heildina að kennarar hefðu mátt vera virkari í að skapa slíka umgjörð í leik barnanna.

Þó að erfitt sé að meta bein áhrif þessa á þroska barna er alveg greinilegt að aðgengi barna að fjölmennigarlegu leikefni eykur víðsýni þeirra og kemur af stað ákveðinni hugsun sem er vonandi byrjunin á því að þau gera sér grein fyrir því að fjölbreytni er kostur en ekki galli. Heimskort hangir uppi á öllum deildum og er oft vettvangur umræðu um það hvar við búum og hvernig heimurinn sé.



Einn snjall fimm ára drengur benti kennara sínum á skemmtilega þýðingu á orðinu heimskort einn daginn þegar verið var að skoða það. Strákurinn var byrjaður að lesa og spurði kennarann hvað world-map þýddi. Kennarinn las það mjög hægt fyrir hann og spurði hvort hann gæti gert sér grein fyrir því hvað það þýddi ef hann horfði á kortið. Strákurinn las aftur world-map og sagði svo stoltur: Þýðir world kannski veröld?



Þegar þýddar bækur eru lesnar lesa kennarar stundum titilinn á frummálinu, segja hvað höfundur heitir og sýna á korti hvaðan hann kemur. Það opnar augu og eyru barnanna og eykur víðsýni þeirra. Nokkur dæmi fylgja hér eftir úr frjálsum og skipulögðum leik, samveru og hópastarfi til að gefa hugmynd um það hvaða hugsanir krakkarnir voru að glíma við. Eftirfarandi samtal átti sér stað á milli tveggja fjögurra ára stelpna, önnur er íslensk en hin frá Tælandi. Þær voru að skoða bók með indverskum ævintýrum, en hún er myndskreytt með fallegum myndum frá Indlandi.



Tælenska stúlkan kom til kennarans og spurði hver hefði gert þessa bók og teiknað myndirnar. Kennarinn las nafnið á myndlistarkonunni og þá spurði stúlkan hvort hún væri brún með svart hár eins og konurnar á myndunum. K. sagðist ekki vita það, en sagði að þær skyldu athuga hvort það væri mynd af henni í bókinni en svo var ekki. Stelpurnar spurðu báðar hver hefði skrifað bókina og K. sagði þeim það og líka að nafnið hennar væri indverskt. Stelpurnar spurðu þá hver hefði sett bókina yfir á íslensku, en K. sagði að hún væri á ensku þannig að það hefði enginn gert, hann þyrfti sjálfur að þýða textann við lesturinn. Þær héldu áfram að skoða bókina og tælenska stúlkan spáði mikið í útlit fólksins á myndunum og sagðist sjálf vera brún eins og þau.

Leikföng hafa verið skoðuð, athugað hvaðan þau koma, hvar þau eru framleidd og skoðað á heimskorti hvar landið er. Allir fánar leikskólans hafa verið gerðir sýnilegir, börnin hafa teiknað þá og unnið með þá á ýmsa vegu.

Við höfum viðað að okkur mikið af tónlist frá ýmsum löndun og hefur verið mjög gaman að fylgjast með viðbrögðum barnanna við henni. Auk þess höfum við keypt talsvert af hljóðfærum, m.a. handunnum hljóðfærum frá ýmsum heimshornum, en þegar þau eru notuð gefst gott tækifæri til þess að ræða um uppruna þeirra og tilgang. Síðasta



veturinn í verkefninu fengum við til okkar tónlistarkennara sem hefur fléttað fjölmenningu inn í sín verkefni, en öll börnin fá tónlistartíma einu sinni í viku. Tónlistin hefur verið notuð bæði í skipulögðum verkefnum og í frjálsum leik. Oft fá elstu börnin að velja hvaða tónlist þau hlusta á þegar farið er í frjálsum leik eða hreyfingu í salnum. Þeim finnst flestum gaman að velja tónlist frá Afríku, enda er hrynjandinn skemmtileg og takturinn fjörugur. Í þeim til-



fellum sem við áttum tónlist frá upprunalöndum barnanna kom í ljós að þau voru gjörn á að velja tónlist frá sínu landi og átti þetta sérstaklega við barn frá Víetnam sem vildi alltaf hlusta á tónlist þaðan. Það var gaman að sjá hvað það styrkti sjálfsmynd barnsins og jók virkni þess.



Þó að umræða um fjölmenningu og fjölbreytni væri ekki alltaf í gangi á milli barnanna voru samt oft miklar þælingar eins og eftirfarandi dæmi sýna. Oftast var það þó á meðal elstu barnanna sem voru búin að vera lengst þátttakendur í verkefninu og orðin æfð í að ræða málin.

Hér má sjá dæmi um slíkan leik:

Nokkur börn eru að leik í hlutverkaherbergi þar sem eru dúkkur, föt, heimilisdót og „Hollow block“ kubbar. Ein stúlkan er að leika með þrjár brúður, tvær brúnar, stelpu og strák og eina ljósa stelpu. Brúðurnar liggja hlið við hlið á tilbúnu rúmi úr kubbum, tvær brúnar og sú ljósa við hlið þeirra. Eftirfarandi samtal átti sér stað milli tveggja barna, stúlku og drengs á fimmta ári, og kennarans:

K: Eru þau systkini? (vísar í dúkkurnar)

S: Já, þau eru þríburar en þessi er fallegust, bendir á brúna dúkkustelpuna, hugsar sig um smástund og segir svo: Betra að hafa þessa í miðjunni (ljósu dúkkuna) því það eru tvær brúnar og ein svona, segir hún og bendir á ljósu dúkkuna.

K: Já, tvær brúnar og ein ljós. En skiptir það einhverju máli að ein sé ljós og hinar brúnar, geta þau samt verið þríburar?

S: Já auðvitað.

D: Kemur allt í einu inn í samtalið og segir: Nei auðvitað skiptir það ekki máli, það er eins og í laginu, Einn er gulur, annar rauður, þriðji fögur og fjórði blár, en hverju skiptir það, skyldu þeir breytast við að fara í það.

Þá tekur stúlkan undir og saman syngja þau ásamt hinum krökkunum restina af laginu: Það eru ekki allir eins sem betur fer....

Í eftirfarandi dæmi má sjá hvernig kennari grípur tækifærið og fer alla leið með börnunum í leiknum, kennarinn skráði niður eftirfarandi frásögn:

Ég var í útiveru með þremur börnum, fjögurra og fimm ára. Ein stelpa var frá Afríku, ein ættleidd stúlka frá Asíu og einn íslenskur strákur. Stelpurnar ætluðu í gönguferð en þá kom strákurinn til þeirra og vildi



vera með. Hann fékk það og stakk upp á að við færum í strætóferð frekar en gönguferð. Við settumst niður á bekk, strákurinn vildi vera bílstjórinn og settist í ökusætið. Ég spyr hvert við séum að fara. Strákurinn segir: Til útlanda. Ég vil vita til hvaða lands og þá svarar hann til að við séum að fara til Afríku. Ég sný mér að afrísku stelpunni og spyr hana hvort við ættum að fara til Eþíópíu, henni líst vel á það og hinum líka, en ættleidda stelpa segist líka vilja fara til Indlands. Fyrst fórum við til Eþíópu og skoðuðum ýmis dýr, ljón, krókódíla, eiturslöngur og fleira. Við þurftum að hlaupa út um allt svo við yrðum ekki étin. Síðan fórum við til Indlands og þar sáum við líka dýr, litla fiska, hienur, giraffa, kolkrabba, svín og fleira. Við löbbuðum um allan garðinn og skoðuðum.

Í þessum kubbaleik voru stelpurnar að leika sér með þekkingu sína og reynslu:

Birta, Sól og Sunna voru að leika sér í Kaplakubbunum. K. spurði hvað þær væru að gera og þá sögðust þær vera að byggja raðhús. K. spurði hvort þær þekktu einhvern sem byggi í raðhúsi og þá svaraði B. að amma og afi í Þýskalandi byggju í raðhúsi. K. átti við þær nokkra umræðu um raðhús, gerð þeirra og lögum, og hvað aðrar húsbyggingar kölluðust. Stelpurnar héldu áfram að byggja raðhús og fleiri byggingar og voru líka komnar til Víetnam og Færeyja í byggingum sínum. Stuttu seinna fór B. (sem á þýsku að móðurmáli) að spyrja hinar á þýsku og reyndi að fá þær til að svara sér á þýsku því leikurinn hafði borist til Þýskalands. Þessi leikur varð langur og skemmtilegur með útpældum byggingum og innsýn í önnur tungumál og lönd.

### 2.3.2 Heimamennningarverkefni.



Á hverjum vetri, frá því að verkefnið hófst, höfum við unnið það sem við köllum heima-  
menningarverkefni með börnunum en það eru verkefni þar sem við fáum að kynna betur hvert

öðru og fjölskyldum okkar. Dæmi um slík verkefni eru **stjarna vikunnar, minningabókin, sendibréfa-verkefni og fjölskyldutréd**. Í hvert sinn höfum við fengið foreldra í samstarf með okkur. Öll verkefni hafa verið mjög skemmtileg og gefið okkur góða innsýn í heima-  
menningu barnanna. Það sem var erfiðast í verkefnum eins og stjarna vikunnar og sendibréfa-verkefninu var að




börnin sem ekki voru í sviðsljósinu urðu leið á að hlusta á hina því þetta tók allt langan tíma og þau voru ekki að gera neitt á meðan. Það er hinsvegar hluti af þroska barna að



læra að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir því sem verið er að segja frá, en það þarf að gæta hófs í öllu og tíminn má ekki vera of langur sem börnin eru óvirkir hlustendur. Börnin sem koma upp og segja frá, fá góða þjálfun í því að koma fram fyrir barna-  
hópinn og segja frá því sem þau þekkja betur en allir hinir.

Hvað varðar sendibréfa verkefnið, þá tókst það mjög vel og var einstaklega skemmtilegt því að við lærðum um fólk, menningu og staði um alla veröld, enda voru bréf send til Dalvíkur, Akureyrar, Selfoss, Búlgaríu, Japans og Englands, svo eitthvað sé nefnt. Það sem kom skemmtilega á óvart var að það var jafn gaman að fá bréf frá Dalvík og Japan því ættingjar barnanna voru svo skemmtilegir í bréfum sínum. Þetta varð til þess að nokkrir ættingjar komu í heimsókn í leikskólann þegar leiðir þeirra lágu til Reykjavíkur. Bréfin frá ættingjum voru alltaf stíluð á allan hópinn, þannig að ekki myndaðist rígur á milli barna um það hver fengi hvað, en stundum fylgdu litlar gjafir eða minjagripir bréfunum. Það sem var kannski erfiðast við þetta verkefni var að það var mjög tímafrekt fyrir kennarana því að það þurfti að hreinskrifa bréf, láta þýða þau og koma þeim í póst. Við lentum líka í erfiðleikum með eina fjölskyldu, en þó að búið væri að vera í góðu sambandi við foreldra og fá þá til þess að velja ættingja til að skrifa og tryggja að það kæmu svör til baka, þá tókst ekki að fá svar frá þeim. Þetta var auðvitað mikið áfall fyrir barnið og hver kennari þarf að veða það og meta hvernig hægt er að bregðast við í svona tilfellum. Þetta er hinsvegar alltaf hættan þegar verið er að vinna heima-  
menningarverkefni sem krefjast samstarfs við foreldra að einhverjir geta dregið sig til baka og neitað þátttöku. Þetta var hinsvegar í eina skiptið sem slíkur vandi kom upp hjá okkur.



Síðasta veturinn ákváðum við að vera með heimaverkefni sem við kölluðum minningabókina eða fjölskyldubókina okkar. Í þessu verkefni fór mestöll vinnan fram heima með foreldrunum, en barnið kom og sagði frá í barna-  
hópnum. Þetta gekk frábærlega og úr urðu hinar skemmtilegustu bækur. Verkefnið var unnið á öllum deildum

og voru hafðar tvær bækur á hverri deild. Þegar bækurnar voru fullunnar skemmtu



börnin sér aftur og aftur við að skoða þær og sýna foreldrum sínum. Hér á eftir er sýnis-horn af bréfinu sem fylgdi minningarbókinni, en það var líka þýtt á víetnömsku. Þar á eftir kemur bréf til barns vegna stjórnunar vikunnar, en áður hafði verkefnið verið kynnt í bréfi til foreldra.

### **Fjölskyldubókin okkar**

Þessi bók sem þú ert með í höndunum er fjölskyldubókin okkar hér á Lækjaborg. Í hana viljum við safna minningum frá heimilum okkar allra og kynnast því sem við og fjölskyldur okkar þekkja og hafa áhuga á. Með því getum við fengið smá innsýn í heimamenningu hvers annars. Börnin skiptast á að fara heim með bókina á föstudögum og vinna í hana með fjölskyldu sinni. Þau koma síðan með hana eftir helgina og þá er sest niður með öllum börnunum og barnið sem vann í bókina sýnir hana og segir frá því sem það gerði. Starfsfólk leikskólans tekur einnig þátt í þessari vinnu.

Þið hafið algerlega frjálstar hendur með það hvað þið vinnið í bókina. Það má skrifa sögu, líma inn myndir, segja frá því hvað fjölskyldunni finnst skemmtilegast að gera, segja frá liðnum atburðum, draumum, gleði og sorg, upphaldsmatnum, teikna eða hvaðeina sem ykkur dettur í hug.

### **Markmiðin með bókinni eru að:**

- Kynnast heimamenningu hvers annars
- Börnin þjálfast í að koma fram fyrir barnahópinn og segja frá
- Börnin vinna verkefni í samvinnu við fjölskyldu
- Segja frá því í leikskólanum sem verið er að gera heima og auka þannig orðaforða og tengingu á milli heimamáls og skólamáls.

### **Stjarna vikunnar:**

Kæra Sunna

Þú ert stjarna næstu viku. Viltu vera svo væn/n að koma með 4-6 ljósmyndir af þér og fjölskyldu þinni á mánudaginn. Það væri líka mjög gott ef þú gætir komið með einhvern hlut sem þér þykir kær og þú gætir sýnt okkur og sagt frá.

Tuần tới bạn sẽ là ngôi sao. Thứ hai tới, xin bạn có thể vui lòng mang 4-6 bức ảnh chụp bạn và gia đình của bạn tới trường. Và rất là thú vị nữa là bạn có thể mang theo thứ đồ vật gì đó bạn yêu thích nhất và bạn có thể kể cho chúng tôi nghe về nó được không.

Kær kveðja

Chào thân ái.

vinir þínir á Huldulandi / Các bạn của bạn ở Hulduland



### 2.3.3 Samvinnuverkefni, virðing og vinátta.

Mikið var rætt um vináttu, virðingu og samvinnu allan tímann sem verkefnið stóð yfir



og lögð áhersla á það hvað allt gengur vel ef við hjálpumst að. Þetta á við alla þætti í rauninni, allt frá því að taka til eftir leik, hjálpast að í fataklefa, hugga hvert annað og yfir í það að vinna flókin samvinnuverkefni. Vinátta var tekin fyrir sem þema og unnin verkefni út frá henni. Kennarar hafa verið að prófa sig áfram í því að kenna börnunum að hlusta á umhverfi sitt og velta því fyrir sér hvernig öðrum börnum líður og hafa beitt aðferðum af því tagi þegar börnin t.d. slást eða meiða hvort annað. Í stað þess að taka

sökudólginn og skamma hann en faðma fórnarlambið, þá er sest niður með báðum börnunum og málin rædd. Kennarinn spyr spurninga eins og: „Hvernig líður ykkur, hvernig líður manni ef einhver meiðir, vill maður láta meiða sig, er það gott o.s.frv.“ Síðan stendur kennarinn upp og biður börnin að ræða saman smástund og finna lausn til þess að vera áfram vinir.

Aðferðir af þessu tagi þar sem lagt er upp úr því að börnin finni sjálf lausnir á ágreiningsefnum eru mjög góðar með langtímamarkmið í huga. Börnin læra meira af þessari aðferð heldur en skammaraðferðinni auk þess sem í henni felst virðing, jafnrétti og enginn er niðurlægður. Það er samt misjafnt hversu vel kennurum tekst að beita þessari aðferð, auk þess sem aðstæður eru ólíkar og kennarar oft fljótir til að skamma eða taka út úr hópnum í refsiskyni.



Við þurfum því að einbeita okkur að því að samræma slíkar aðferðir og tala meira um þær á starfsmannafundum, þannig að allir læri að temja sér slík vinnubrögð. Við finnum samt mun á elstu börnunum sem eru orðin fær í að beita þessari aðferð, þau eru fyrri til að koma og hjálpa og eru miklu fljótari að leysa málin með jafnöldrum sínum heldur en áður.

Í bókinni *Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmennigarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*, eftir Guðrúnu Pétursdóttur er að finna skemmtilega samvinnuleiki. Við höfum prófað leiki úr bókinni hennar með góðum árangri og mælum með þeim.



Við leggjum mesta áherslu á samvinnu, vináttu og virðingu, enda teljum við að börn á leikskólaaldri séu of ung til þess að vinna samkvæmt þeim hlutverkum sem bent er á í bókinni þó að það megi auðveldlega þróa þær aðferðir með elstu börnunum á leikskólanum.

„Vinakreistið“ er vináttuleikur sem hefur verið mjög vinsæll, en einn kennari lýsti þessum leik hjá elstu börnunum:

Við settumst í hring á gólfinu, héldumst í hendur og sendum vinakreistið hringinn, en það gengur út á að eitt barn byrjar og þrýstir létt á hendi þess sem næst situr sem sendir svo boðið áfram. Þetta finnst þeim mjög skemmtilegt og segjast alveg finna hvernig boðið fer úr hendinni, gegnum hjartað og út úr hinni hendinni yfir í næsta vin. Við ræddum fram og aftur um vináttu og hvað það væri sem vinir gerðu fyrir mann. Börnin sögðu frá því hver væri vinur þeirra og hvað hann gerði fyrir þau. Strákarnir voru mjög uppteknir af því að tala um slagsmálin úti í garði og hvað mætti og hvað ekki í þeim efnunum. Ég spurði hvað þeir myndu gera ef þeir kæmu að vini sínum sem lægi meiddur og væri grátandi. Þeir voru nú ekki alveg vissir, en stelpunum, sérstaklega einni fannst umræðan yfirþyrmandi og tók fyrir eyrun. Henni fannst að vinir ættu alltaf að vera góðir hver við annan og hugga ætti þann sem á bágt. Einum stráknum fannst að hann gæti nú ekki huggað eða tekið utan um vin sinn, en þegar ég benti honum á að hann ætti vin á yngstu deildinni sem hann væri alltaf að passa sá hann að hann gat þetta alveg. Börnin fóru síðan að lita og klippa sjálfmyndir úr maskínupappír sem síðan verða hengdar upp á vegg í salnum og búinn til vinahringur.

Annar kennari lýsti þessum leik eftir að hafa prófað hann með börnunum:

Við fórum í leik sem gekk út á það að segja eitthvað fallett hvert um annað. Við sátum í hring og vorum átta saman. Ég bað börnin um að loka augunum og setti síðan lítinn grjónapúða upp á höfuð eins barnsins. Þegar hann var kominn á sinn stað mátti opna augun. Börnin áttu síðan að segja eitthvað fallett við barnið sem var með púðann og þurftu að æfa sig í að segja beint við barnið, annað hvort: Mér finnst þú vera... eða þú ert.... Þetta gekk mjög vel, börnin tóku öll þátt og nefndu ýmsa góða kosti eins og að þeim fyndist viðkomandi skemmtilegur, góður vinur, rosalega góður, góður að teikna, perla eða syngja o.s.frv. Ég spurði hvert barn eftir að búið var að segja eitthvað fallett við það: Hvernig tilfinning það væri að láta segja eitthvað fallett við sig, hvort er betra að heyra eitthvað fallett um sig eða eitthvað ljótt eða slæmt. Þeim fannst öllum betra að heyra eitthvað fallett, enda sá maður það líka á andlitum þeirra. Þau vildu líka gera við mig í restina og ég upplifði þetta sjálf hvað það var notalegt og skrýtið að láta þau hrósa manni með eigin orðum. Skemmtilegasta hrósið fékk einn strákurinn frá öðrum strák sem sagði við hann: Mér finnst þú eiga flotta mömmu.





Leikir eins og þessi eru mjög góðir fyrir börnin og góð æfing í því að líta fyrst á kosti hvers annars í stað galla. Það tekur hinsvegar tíma að þjálfra börnin þannig að þau geti leikið leiki eins og þessa. Dæmin hér að ofan eru tekin úr leikstundum með elstu börnunum sem voru orðin vön að leika leiki eins og þessa. Sami leikur var prófaður með yngri börnum sem ekki voru orðin þjálfuð í þessum samskiptum og í það skipti gekk hann alls ekki upp, þau vildu lítið segja um hin börnin og ef eitthvað, þá hermdu þau eftir því sem aðrir voru búnir að segja.

### 2.3.4 Persónubrúður.

Veturinn 2002 var athygli okkar vakin á persónubrúðunum sem aðferð til þess að vinna



gegn fordómum og mismunun í barnahópnum. Með persónubrúðum er hægt að brydda upp á erfðum umræðuefnum, s.s. eins og einelti, stríðni eða skilnaði milli foreldra. Persónubrúðurnar tala ekki sjálfar heldur hvísla þær í eyra kennarans og hann kemur skilaboðunum til barnanna sem síðan hjálpast að við að finna lausn á málunum. Við

höfum nú þegar eignast tvær brúður. Önnur þeirra heitir Óskar, en hann er ættleiddur frá Brasilíu, móðir hans var fátæk, átti hvergi heima og gat ekki hugsað um hann. Hin heitir Anna Sigga, ættuð að norðan úr Svarfaðardalnum og býr hjá mömmu sinni í Reykjavík, en foreldrar hennar eru fráskildir. Kennarahópurinn hefur í sameiningu skapað bakgrunn brúðanna og hefur verið að bætast við sögu þeirra smátt og smátt. Við höfum sótt námskeið og kennslu bæði hérlendis og erlendis, eins og kemur fram í kafla 6.1 og höfum verið að þróa okkur áfram með brúðurnar. Það sem hefur reynst erfiðast er að virkja alla kennarana í hópnum til þess að nota brúðurnar og að fá þær til þess að koma í heimsókn mjög reglulega. Það tekur sjálfsagt nokkur ár að innleiða aðferð eins og þessa auk þess sem það krefst mikils undirbúnings. Hver og einn kennari þarf að prófa aftur og aftur auk þess sem barnahópurinn er mjög misjafn, bæði vegna aldurs og áhuga. Við finnum samt að þar sem stundirnar með börnunum eru vel heppnaðar og þau virk í um-



ræðu þá tekst að fá fram umræðu sem erfitt væri að mynda án þess hjálpartækis sem



brúðurnar eru. Með brúðunum eru settar upp aðstæður svipaðar þeim sem börnin lenda í, án þess að draga einstök börn fram í sviðsljósið. Þegar brúðan fer að segja frá finna börnin til samkenndar og þekkja tilfinningarnar sem verið er að túlka. Þetta gerðist t.d. í dæminu hér á eftir. Þá hafði barn í hópnum verið skilið útundan. Í stað þess að kennarinn komi í barnahópinn og skammti krakkana fyrir að skilja útundan og draga þannig barnið sem verður fyrir stríðninni fram fyrir hópinn, þá eru persónubrúðurnar fengnar til segja frá reynslu sem er hliðstæð þeirri sem börnin þekkja.

Þó svo að brúðurnar séu notaðar á þennan hátt er það ekki svo að kennarar grípi ekki inn í atburðarrás sem veldur börnum skaða, en þessi aðferð er leið til að fá börnin til að sjá hvaða áhrif orð þeirra og hegðun hafa á líðan annarra.<sup>4</sup>

Anna S. kom í heimsókn til elstu barnanna og sagði þeim frá því að hún hefði farið í heimsókn í annan leikskóla og þar hefði hún lent í því að vera skilin útundan. Henni leið mjög illa og fór að gráta, en þorði ekki að segja neinum frá því og faldi sig bara inni á klósetti. Við ræddum um það fram og tilbaka hvernig þeim liði sem væru skildir útundan, hvort það væri í lagi að skilja útundan, hvernig tilfinning það væri að fá ekki að vera með og hvað hægt væri að gera til þess að hjálpa þeim sem liði illa. Börnin voru með hugmyndir um það hvernig hægt væri að bæta líðan Önnu Siggú og bentu henni m.a. á að það væri allt í lagi að tala þó að maður væri að gráta og því hefði hún getað farið og sagt leikskólakennurunum frá því að hún hefði verið skilin útundan. Eins bentu krakkarnir á að hægt væri að tala við pabba og mömmu eða hvert annað til þess að láta sér líða betur. Þau bentu líka á að ef þau sæju að einhver væri skilinn útundan gætu þau gripið inni og boðið viðkomandi að vera með í leiknum. Þegar umræðunni lauk vildu allir fá að halda á Önnu Siggú, knúsa hana og hughreysta.

Í dæminu hér að neðan eru börnin fengin til að koma með tillögur að lausnum fyrir Önnu Siggú sem lendir í því að vera strítt.

Anna Siggú kom í heimsókn á Dvergastein og var leið því henni hafði verið strítt og sagt að hún ætti engan pabba, því pabbinn sækir hana aldrei á leikskólann og krakkarnir sjá hann aldrei. Anna S. spurði börnin hvað hún gæti sagt við þau sem hefðu sagt þetta við hana. Krakkarnir komu með þessar tillögur:

- Tala við fóstruna
- Tala við mömmu sína
- Tala við börnin

<sup>4</sup>Rétt er að taka það fram að brúðurnar eru ekki í barnahópnum okkar, þær koma í heimsókn og segja frá reynslu sinni frá öðrum leikskólum. Einnig verður að hafa í huga að brúðurnar lenda ekki bara í hörmungum, þær gera ýmislegt skemmtilegt sem börnin geta samsamað sig við eins og að fara í sund, út að borða, í bíó eða annað í þeim dúr.



- Koma með mynd af pabba
- Biðja pabba að koma í heimsókn
- Senda pabba bréf um málið

Börnin voru áhugasöm, margir tjáðu sig um hvernig þetta væri hjá þeim sem búa ekki hjá pabba og mömmu, allir vildu fá að sitja með Önnu S. strjúka henni og faðma.

Í dæminu hér að neðan má sjá hvernig umræða um einfaldan viðburð eins og sundferð breytist og verður að umfjöllun um eitthvað allt annað í meðförum barnanna. Kennarar þurfa að vera undir það búnir að fara í allar áttir í umræðunum og þó að þeir séu búnir að undirbúa eitthvað ákveðið er ekki víst að hægt verði að fara þá leið.

Ég var í samverustund hjá elstu börnunum með Önnu Siggu persónubrúðu. Börnin höfðu hitt hana áður og þekktu bakgrunn hennar. Ég kom með hana inn og sagði að hún hefði farið í sund með mömmu sinni. Þá spurðu þau strax: Af hverju fór ekki pabbi hennar? Ég spurði Önnu Siggu af hverju, en þá komu krakkarnir strax með að þau væru skilin. Upp úr þessu hófst löng umræða um það hvernig það væri að búa bara hjá mömmu sinni eða pabba og flest börnin komu með innslög í þá umræðu. Eftir nokkra stund sagði Sindri: Já, pabbi minn á kærustu og hún gaf mér bíomiða, hún er líka brún (kærastan). Anna Sigga hvíslaði að mér að hún ætti líka brúna vinkonu og tvær asískar stelpur í hópnum byrjuðu strax: Já ég er líka smá brún og ég líka, og uppúr þessu hófust miklar umræður um það hvernig húðlitur okkar væri og allir byrjuðu að bera saman litinn á sinni húð og hinna.

Mikill munur er á því hvernig stundir er hægt að skapa hjá yngstu börnunum og elstu



börnunum. Óskar og Anna Sigga koma í heimsókn til yngstu barnanna, en þau eru að sjálfsögðu ekki miklir þátttakendur í umræðunni. Hinsvegar hafa þau gaman af því að fá brúðurnar í heimsókn og þær geta tekið þátt í athöfnum með þeim eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Anna S. kom í heimsókn til yngstu barnanna og sagði frá því að hún hefði farið í sveitina til pabba síns um páskana og þar hefði hún fengið páskaegg. Svo dönsuðu krakkarnir og A.S. fékk að fylgjast með. Svo lögðust krakkarnir á dýnuna og sungu: Bangsi lúrir og A.S. fékk að liggja hjá börnunum sem var mjög vinsælt. Svo kysstu allir hana bless og hún hvíslaði einhverju í eyrað á einni stelpunni að skilnaði.

Óskar kom í heimsókn á Hulduland og sagðist hafa farið að sjá Línu langsokk. Það voru engin viðbrögð frá yngstu börnunum. Ég endaði með að láta hann sitja með okkur í samverustund eins og eitt af börnunum. Þau kvöddu hann með handabandi.



Sum börnin gengu í gegnum vantrúarskeiðið, vildu ekki taka þátt í umræðum og héldu því fram statt og stöðugt að þetta væru bara dúkkur og þær gætu ekki talað. Kennarar vöndu sig á að segja: „Já, þetta er bara brúða en hann ætlar samt að segja ykkur frá svolitlu sem hann lenti í,“ og smátt og smátt varð áhuginn á því að heyra sögu vantrúnni yfirsterkari.

Óskar kom í heimsókn á Álfalund og tók þátt í samverustund. Ég sagði þeim frá Óskari, en sum vildu ekki viðurkenna það að hann gæti talað við mig og fannst mjög skrytið að mamma hans hefði hvergi átt heima. Krakkarnir spáðu ekkert í útlit hans eða höfðu áhuga á að spyrja hann spurninga. Að lokum vinkuðu þau honum bless.

Oft voru stundir með brúðunum notaðar til þess að ræða um vináttu, samkennd og margbreytileikann í umhverfinu. Kennarar voru sammála um að þar sem umræðan komst á skrið urðu miklu fleiri börn virkari þátttakendur og áhugasamari heldur en í spjalli án þess að brúður væru með.

Börnin voru mjög glöð að sjá Óskar og umræðan snerist fljótt um hvað hann væri í flottum buxum. Við ræddum aðeins um það og síðan kom barn með þá ábendingu að hann væri líka brúnn á litinn. Við spáðum í það hvort krakkarnir ættu uppáhaldsföt og Óskar sagði þeim að buxurnar sem hann væri í væru eiginlega uppáhaldsfötin hans og mamma hans mætti eiginlega aldrei þvo þær. Krakkarnir áttu mikið af uppáhaldsfötum og sögðu frá því og hvernig þau væru á litinn. Við snerum okkur síðan aftur að umræðum um húðlit og fórum að skoða hvert og eitt okkar, hvernig hárið væri á litinn, húðin og augun og hvað allir væru fallegir. Óskar spurði krakkana hvort þau þekktu einhvern annan sem væri brúnn eins og hann og það kom í ljós að flest barnanna þekktu einhvern sem er brúnn á litinn, en engan alveg eins og Óskar, og mikið var rætt um að sumir væru dökkbrúnir, aðrir ljósbrúnir o.s.frv.

Óskar kom í hópastarf til þess að ræða um vináttu. Hann sagði frá vini sínum og hvað þeir gera saman. Einu sinni voru þeir ósáttir og fóru að rifast og Óskar uppfndi hann. Óskari leið illa yfir þessu og vildi fá að vita hvað krakkarnir gerðu til að gleðja vini sína og hvað mætti ekki gera við vini sína. Börnin sögðu honum að það mætti ekki meiða, klípa, hrinda eða fleira í þeim dúr. Maður ætti að gefa vini sínum gjafir og leika við hann að dótinu sínu. Eftir umræðuna teiknuðu börnin eina mynd af vini sínum og sögðu frá því hvað þau gerðu með vini sínum og hvað sé hægt að gera til að sýna að okkur þyki vænt um vini okkar.

Við munum halda áfram að þróa vinnu okkar með persónubrúðurnar og eru markmiðin í nánustu framtíð að gera heimsóknir þeirra Óskars og Önnu Siggú mun reglulegri en verið hefur og virkja sem flesta kennara til að nota þær.



### 2.3.5 Unnið með margbreytileikann í umhverfinu.



Unnið hefur verið með margbreytileikann á margan hátt. Börnin hafa málað og teiknað sjálfsmyndir og myndir hvert af öðru þar sem þau velta fyrir sér eigin útliti og annarra. Þá höfum við notað myndsköpun og myndlist til að vinna með, t.d. margar tegundir af húðlit og leyft börnunum að velja húðliti til þess að mála sjálfsmyndir. Húðlitur er allskonar, í öllum litum, og gott að vekja athygli barnanna á því þegar þau eru að leita að húðlit í litakassanum. Mikilvægt er að kennarar íhugi sín eigin viðhorf og málfar því þeir eru fyrirmyndir barnanna. Einn kennari skrifaði eftirfarandi hugleiðingu eftir málningarverkefni fljótlega eftir að verkefnið hófst.



Ég var að leyfa börnunum að vatnsmála og það þau um að nota marga liti, en ekki blanda þeim öllum saman. Ég ætlaði að fara að segja: Svo það verði ekki ljótur brúnn litur, en var með orðin á tungunni þegar ég hugsaði út í hvað ég ætlaði að fara að segja. Ég hugsaði mikið um þetta eftir á hvaða skilaboð við værum að senda börnunum án þess að hugsa út í það. Áður en þróunarverkefnið hófst hafði ég aldrei verið að þæla í svona hlutum, en núna er ég mun meðvitaðri um það sem ég segi og geri.

Ýmis verkefni, eins og venjuleg haustverkefni með laufblöð, fjöruferðir þar sem við tínum steina og skeljar eða verkefni þar sem við skoðum blóm, tré, bíla eða hús hafa tengst umfjöllun um fjölbreytni því engar tvær manneskjur eru eins ekkert frekar en engir tveir steinar eru eins, laufblöð eða tré.



Á yngstu deildinni voru kennarar eljusamir við að teikna á tússtöflu og vinna með loðtöflu og flétta margbreytileikann inn í það með því að búa til loðtöflusögur þar sem útlit einstaklinga er ólíkt. Þó að börnin á þeirri deild hafi ekki verið komin með aldur og þroska til þess að ræða mikið um fjölbreytni kom sterklega í ljós að þegar þau voru að skoða myndir af börnum í bókum og víðar voru þau fljót að para saman börn með



svipuð útlitseinkenni og nefndu myndirnar eftir börnum á deildinni, þannig að ljóst er að þau spá í útlit. Kennarar hafa þó ekki verið jafnsammála um að umræður um ólíkan húðlit séu af hinu góða og sumir telja að það eigi ekki að vera að benda á og ræða um ólíkan húðlit því krakkarnir taki ekki eftir því að þau séu ekki eins á litinn. Sumir upplifðu að börnin væru óvirk og áhugalaus auk þess sem það væri erfitt að vinna úr umræðum og tími til þess oft of lítill.

Hinsvegar stendur það upp úr að eftir því sem börnin eru eldri fara þau að velta meira fyrir sér útliti fólks og það eru mýmörg dæmi þess að börnin taka eftir og spá í húðlit,



háralit og útlit, og ef við hlustum vel á þau heyrum við hvað þau eru að segja. Kennari á Álfalundi var að fara með þuluna um konuna sem gleypiti mý og notaði til þess tússtöflu. Kennarinn teiknaði konuna brúna með svart krullað hár. Börnin minntust strax á það að hún væri brún, en kennari fylgdi þeirri umræðu ekki eftir. Þá sagði ein stúlkan í hópnum: „Hún er alveg eins og systir mín, brún og með krullað hár“.

Eftirfarandi dæmi segir frá skemmtilegri umræðu meðal barnanna þegar kennari var að klippa út myndir af allskonar börnum og var með mynd af þeldökkum strák í höndunum. Í kringum K. voru þrjár stelpur að spila og aðrar tvær að hlusta á geisladisk og spjalla við K. (Krakkarnir höfðu talsvert verið að spá í kærasta og kærustur).

K: Spyr Birtu: Hvað heldur þú að strákurinn sé að hugsa?

B: Um stelpur.

K: Um kærustuna sína?

B: Já.

K: Hver er kærastan hans?

B: Ég veit ekki.

K: Er það kannski Sól (sem sat rétt hjá).

B: Nei.

Þá kom Sunna og sagði að hann væri kærastinn hennar Birtu því að hann væri eins á litinn og hún.

K: Þarf kærasti að vera eins á litinn og kærastan?

S: Já.



Kennari spurði þá Sunnu hvort hún ætti kærasta og hvort það væri mikilvægast að hann væri eins á litinn og hún eða hvort eitthvað annað væri mikilvægara.

S: Nei ég á ekki kærasta ég er bara fimm ára, kannski þegar ég verð stór.

K: En ef þú átt vin, hvað skiptir þá mestu máli?

S: Að hann sé ungur og ekki með skegg.


K: En skiptir máli hvernig hann er á litinn?

S: Já,

Þá kom Sól sem hafði hlustað á samtalið og sagði: Já, en við Sunna erum ekki eins á litinn en samt erum við vinir, og þessir eru heldur ekki eins en samt eru þeir vinir, og svo gaf hún mörg dæmi um ólík börn sem væru vinir.

Eftir miklar umræður á milli stelpnanna og kennarans var niðurstaðan sú að vinur þyrfti fyrst og fremst að vera góður, en Sunna var áfram viss um að liturinn skipti máli. Rétt er að taka það fram að Sól er búin að vera með í verkefninu lengur en Sunna sem var nýbyrjuð á leikskólanum og var Sól þ.a.l. orðin vön að taka þátt í umræðum um margbreytileikann.

Á Álfalundi var unnið verkefni þar sem skoðaður var margbreytileiki dýra og manna. Þetta var gert í hópstarfi og tók hver hópur fyrir eitt dýr og lærði um hagi þess, hvaða



dýr væru af sama stofni og hvaða ættingja þau ættu í öðrum löndum. Megintilgangur verkefnisins var að vekja athygli á fjölbreytileika dýra og manna og skoða hvað þau ættu sameiginlegt. Þar voru teknir fyrir þættir eins og tilfinningar, umhyggja og vinátta. Börnin unnu

síðan úr þessu á marga vegu, skoðuðu myndir, klipptu út, gerðu dýr úr trölladeigi, teiknuðu og máluðu. Í lokin var unnið eitt stórt dýr úr mjólkurfernum, en þar reyndi á samvinnu barnanna og hjálpsemi. Í verkefni eins og þessu er verið að reyna á marga þætti og nota margar aðferðir til þess að virkja börnin í hópnum. Verkefnið gekk vel að mati kennara þó að börnin væru misáhugasöm eftir því hvaða þátt væri verið að vinna.



Á Huldulandi var unnið skemmtilegt verkefni með börnunum þar sem tilfinningarnar voru teknar fyrir. Markmiðið með verkefninu var að fjalla um tilfinningar, hvernig okkur líði þegar við hlæjum, grátum o.s.frv. Einnig að börnin lærðu að



skoða og þekkja svipbrigði tilfinninganna. Þegar búið var að vinna með verkefnið í einhvern tíma var tekin mynd af hverju barni þar sem það lék ákveðna tilfinningu. Myndirnar voru stækkaðar í A4 og hengdar upp á vegg þannig að krakkarnir gátu skoðað þær, og eftir stuttan tíma voru þau farin að þekkja hvaða svipbrigði áttu við hvaða tilfinningu. Kennararnir unnu þetta verkefni líka í samvinnu við foreldra því þegar búið var að hengja upp myndir og vinna með tilfinningarnar fengu þeir foreldrana í samstarf við sig að skrifa niður hvað tilfinningarnar hétu á móðurmálinu, en þannig var hægt að vísa í það með börnunum. Markmiðið var ekki að kenna börnunum heiti tilfinninganna á erlendum tungumálum heldur að styrkja samvinnu við foreldra og fá þá til að taka þátt í verkefninu og fylgjast með starfi leikskólans. Það var misjafnt eftir aldri hvernig gekk. Eldri börnin voru dugleg að sýna tilfinningar, geifluðu sig í framan og tóku mikinn þátt, en yngri börnin sýndu þessu ekki eins mikinn áhuga fyrr en myndirnar voru komnar upp á vegg. Þá fóru þau að skoða og að mati kennara skilja betur. Verkefni eins og þetta hefur margþætt markmið en ekki síst að styrkja sjálfsmynd barnanna því að þau fá skilaboð frá umhverfinu um að þau séu jafnmikilvæg og öll hin börnin því að það er líka stór mynd af þeim upp á vegg.

K. spyr Bjarna 2ja ára: Hvað ert þú að gera á myndinni?

Bjarni með ýktri grátröddu: Helena (annar kennari sem var að taka ljósmyndir af börnunum leika tilfinningarnar) segja mér að gráta!

K. hlær og þá fer Bjarni að hlæja líka.

Í eftirfarandi dæmi kemur fram hvaða skoðun fimm ára strákur hafði á þeldökku fólki. Kennarinn breytir ekki skoðun drengsins á augnabliki, en umræðan var opnuð og sett í samhengi við reynsluheim barnanna.

Nokkur börn á aldrinum 4-5 ára voru saman í hóp að skoða bók sem heitir: *Children just like me*. Þar voru myndir af börnum frá Brasilíu, en þau voru með mjög dökkan húðlit og máluð í framan að hætti frumbyggja. Einn drengurinn í hópnum bendir á myndina og segir: Oj, þetta er ógeðslegt, þau eru svört og skítug. Kennarinn spurði drenginn af hverju hann teldi svo vera, en hann gaf ekki mikið út á það. Kennarinn hélt áfram með umræðuna og benti á að í bókinni væru myndir af allskonar krökkum, sum væru dökk og önnur ljós, en öll væru þau falleg. Síðan beindi hann talinu að því að öllum þætti gaman að mála sig og skreyta á ákveðnum tímum, t.d. á öskudag.





Í næstu dæmum getum við séð hvað það skiptir miklu máli að vísa til reynslu barnanna í hópnum án fordóma og hversu jákvætt það er fyrir sjálfsmynd þeirra að ræða um reynsluheim þeirra og sjá hvort fleiri hafi sömu eða svipaða reynslu.

Kennari var að vinna í hópastarfi með víetnamska tónlist og bókina *Children like us* en þar er sagt frá Thi Lien sem býr í Víetnam. Víetnömsk stúlka í hópnum sagði að mamma sín notaði alltaf þrjóna til að borða matinn með þegar það kæmu gestir. Önnur stúlka í hópnum sem var íslensk sagði að mamma hennar ætti þrjóna, allskonar á litinn.

Nokkur börn eru í hóp að hlusta á afríska tónlist með kennara sínum. Tveir drengir fara að spjalla um tónlistina og flytjendurna:  
Drengur 1: Þeir sem eru svartir spila á trommur.  
K: eru bara svartir sem spila á trommur?  
Drengur 1: Þeir spila vel og líka brúnir.  
K: En hvítir, geta þeir líka spilað á trommur?  
Drengur 1: Já og svartir.  
Drengur 2: Og þeir hafa gott hár, líka indjónar spila á trommur.

Þarna er greinilegt að drengirnir eru með mjög ákveðna hugmynd um það hverjir geta spilað vel á trommur, byggð á reynslu sinni og þekkingu. Kennarar breyta ekki hugmyndum barna í einu vetfangi, en um leið og sjóndeildarhringurinn víkkar með umræðum og því að börnum er bent á að veruleikinn er ekki einsleitur komast fleiri hugmyndir að.

Annað dæmi skráði kennari eftir spjall í matartíma hjá elstu börnunum fyrsta veturinn í þróunarverkefninu þar sem talið barst að Afríku:

Sindri spyr K. hvort hann ætli að ganga með Rauða krossinum. K. spyr hvers vegna sé verið að ganga með honum og þá svarar Bjartur því til að það sé verið að gera það vegna þess að allir séu svo fátækir í Afríku. K. spurði börnin nokkurra spurninga um Afríku og hvaða hugmynd börnin hefðu um veruleikann þar. Þá komu fram eftirfarandi fullyrðingar frá þeim:  
-Enginn vinnur í Afríku því allir eru svo hungraðir og geta ekki hreyft sig.  
-Allir búa í strákofum.  
-Allir eru svartir.  
-Allir eru fátækir.

Það er svolítið merkilegt að velta því fyrir sér hvaða hugmyndir börnin fá frá fullorðna fólkinu í kringum sig og fjölmiðlum. Þarna koma fram mjög staðalmyndaðar hugmyndir, byggðar á þekkingu barnanna á heiminum. Kennarinn ræddi þessi mál vítt og breytt, en breytti að sjálfsögðu ekki hugmyndum barnanna á augabragði. Vissulega er



Það rétt að fátækt er mikil í Afríku og margir búa við bág kjör, en það er ekki bara þannig og nauðsynlegt að börn fái líka að kynnast því að í Afríku býr líka fólk í borgum í háhýsum, vinnur á skrifstofu og foreldrar þar elska börnin sín meira en allt í heiminum, nákvæmlega eins og allir aðrir foreldrar.



Á síðasta ári verkefnisins fengum við góða gesti frá Kamerún í heimsókn, karl og konu, sem voru hér á vegna heimsþings JC. Þau dvöldu hjá okkur í nokkra tíma, borðuðu með börnunum, kenndu okkur vísur og söngva og gáfu okkur fána landsins. Í tengslum við vetrarhátíð í Reykjavík sem haldin var stuttu síðar þar sem leikskólabörn í borginni hittust og mynduðu langar vinakeðjur úr öllum heimsins fánum, ákváðum við að nota fánann frá Kamerún og læra aðeins meira um Kamerún. Þá lærðum við að Kamerúnbúar eiga besta fótþoliðið í Afríku, sumir búa í strákofum en aðrir í stórum húsum í stórborgum og sáum myndir af fólki sem hefur það gott og líka fólki sem býr við lítil veraldleg gæði. Við skoðuðum hvar Kamerún er á heimskortinu og eitt barnið hafði farið með pabba sínum inn á netið og prentað út landakort af Afríku og svo hjálpaði pabbinn barninu við að fylla út nöfnin á öllum löndunum og þ.á.m. Kamerún. Sum börnin höfðu mikinn áhuga á verkefninu um Kamerún en önnur minni og umræðan virtist mest á Dvergasteini þó að á Álfallandi væri mikill áhugi á fána Kamerún, a.m.k hjá nokkrum börnum.

Að lokum eru hér tvö dæmi sem sýna sterklega fram á að börn taka eftir og hugsa um húðlit og útlit strax á leikskólaaldri:

Tvær stelpur á fimmta ári eru að leika sér saman, önnur þeldökk og hin ljós. Sú ljósa spyr hina: Af hverju ert þú svona brún? Hin svarar að bragði: Ég er alltaf í sólbaði.

Tvær stelpur á elstu deildinni mæta í leikskólann með svipaða hárgreiðslu, önnur er ættuð frá Afríku og er með svart fléttað hár, en hin er íslensk með nánast hvítt, fléttað hár. Stelpurnar fara að skoða hár hvorrar annarrar og segjast báðar vilja óska þess að vera með hár hinnar. Kennari fer að tala um hvað hárið á þeim sé fallett og hvort hann megi taka mynd af þeim saman til að þær geti séð hvað þær séu báðar með fallett hár.



### 2.3.6 Málörvun og kennsla íslensku sem annars máls.

Þegar þróunarverkefnið hófst var strax farið að huga að því hvernig hægt væri að örva og styðja við málþroska tvítyngdra barna. Fyrsta hugsunin sem skaut upp kollinum var að mynda málörvunarhópa þar sem öll tvítyngdu börnin væru saman í hóp. Þegar við fórum hinsvegar að lesa okkur til og skoða málið kom í ljós að slíkar aðferðir væru í rauninni mjög óheillavænlegar því að tvítyngdu börnin höfðu mjög ólíkar þarfir, þau komu frá ólíkum málsvæðum og íslenskukunnáttan var mismikil. Við ákváðum því að vera með málörvunarhópa sem væru aldursskiptir og ekki alltaf þeir sömu þannig að málfarslega sterkum börnum var boðið með í málörvunarstundir. Málörvunarstundirnar byggðust upp á leikjum, spilum, lestri, þrautum o.fl.

Eftir því sem hefur liðið á verkefnið höfum við þó gert okkur grein fyrir því að það sem skiptir mestu máli í málumhverfi barnanna er að það sé fjölbreytt á öllum tímum og að það fari fram gagnvirk samskipti á milli barna og fullorðinna. Þetta þarf að gerast í matartíma, í frjálsa leiknum, fataklefanum, hópastarfínu, samverustundum, söngstundum o.s.frv. og besta aðferðin er að kenna börnunum í gegnum það sem þau eru að gera hverju sinni og í félagahópnum. Eftir að matslistar Kolbrúnar Vigfúsdóttur litu dagsins ljós höfum við verið að gera tilraunir með að nota þá til þess að meta málþroska barna frá 3-5 ára (Kolbrún Vigfúsdóttir 2004) og skipuleggja áframhaldandi málörvun í samræmi við einstaklingsþarfir, en ekki út frá þörfum hópsins. Hvað varðar börnin á elstu deildinni þá höfum við unnið mikið með markvissa málörvun og HLJÓM (Athugun á hljóð- og málkerfisvitund barna. Höf: Jóhanna Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir) í samverustundum og hafa flest tvítyngdu börnin gengið í gegnum það ferli með hinum börnunum og staðið sig mjög vel.

### 2.3.7 Ólík tungumál og ritmál.

Frá upphafi verkefnisins höfum við reynt að leita leiða til að vinna með móðurmál barnanna á einhvern hátt og gera ritmál þeirra sýnilegt í umhverfinu. Í samvinnu við foreldra hafa verið útbúnar kveðjur á öllum tungumálum sem hanga uppi ásamt fánum viðkomandi landa. Afmælis- og jólakveðjur eru hengdar upp og um jólin 2003-2004 var þannig gengið frá jólagjöfum elstu barnanna til foreldra að á kortin var skrifuð jólakveðja á móðurmáli þeirra,





annaðhvort af kennurum eða þeim sjálfum. Þegar börnin eiga afmæli er hengd upp afmæliskveðja á móðurmáli þeirra og kórónur þeirra eru þannig útbúnar að á þær eru settir fánar og hamingjuóskir á þeim tungumálum sem töluð eru á deildinni.

Eftirfarandi atvik átti sér stað í samverustund á Dvergasteini hjá elstu börnunum þegar kennari tók barn sem var að læra íslensku út úr hópnum.

Börnin fara að spyrja af hverju hún sé tekin út úr og það var útskýrt (þetta er stúlkan í rannsókninni hér á eftir þegar hún var nýbyrjuð). Kennarinn fór þá að spyrja hvort þau kynnu einhver orð á öðrum málum en íslensku. Það var ekki spurning, allir kunnu eitthvað. Börnin fengu að koma upp og segja frá því hvað þau kunnu og hvað orðin þýða. Við lærðum orð á þýsku, sænsku, rússnesku, búlgörsku, ensku og amharic. Kennarinn sagði frá því að hann vildi að börnunum myndist sem þau væru líka sérstök, en ekki bara barnið sem var tekið út úr, því öll vildu þau fara ein fram með kennaranum. Við ræddum um það að allir geta kennt öðrum eitthvað, við getum hlustað hvert á annað og tekið þátt í umræðum. Kennarinn endar á því að segja frá því að þetta hafi verið mjög skemmtilegt, og gengið vel þó að upphaflegt plan fyrir samverustund hafi farið fyrir búi, enda þarf að kunna að grípa tækifærið og vinna með áhuga barnanna hverju sinni.

Síðasta veturinn í verkefninu byrjuðum við að vinna með tungumál vikunnar, en þá var



skrifað á upplýsingatöflur og sett á heimasíðu leikskólans hvað væri tungumál hvernar viku og hvernig við segjum góðan dag á viðkomandi máli. Tungumálin sem við notum eru þau mál sem eru töluð í leikskólanum (sjá fylgiskjal nr. 9). Kennarar notuðu síðan upplýsingablöðin frá

foreldrum til þess að rifja upp fleiri orð á viðkomandi máli og þau börn sem voru tilbúin til að kenna okkur orð á móðurmáli sínu gerðu það. Við skoðuðum ennfremur hvar viðkomandi land var á heimskorti og hvernig fáni þess lítur út. Áður en við tókum upp þá aðferð að fá foreldra til að útfylla upplýsingablöð með ýmsum algengum orðum (sjá fylgiskjal nr. 2) fengum við þá til þess að skrifa upp ýmis orð á A4 blöð, sem og stafrófið á þeirra ritmáli. Þetta var síðan hengt upp um allar deildir og haft í augsyn barnanna. Auk þessa hafa kennarar af erlendum uppruna lesið fyrir börnin á móðurmáli sínu og kennt börnunum ýmis orð.



Á tímabilinu kenndum við börnunum ýmsa söngva á ólíkum tungumálum og vinnuhópur kennara útbjó jafnframt lista með kveðjulögum (sjá fylgiskjal nr. 10.) og voru þau mikið sungin. Börnunum fannst yfirleitt mjög gaman að læra texta á erlendum tungumálum og voru fljót að tileinka sér þá. Það spurðist út að börnin á Lækjaborg kynnu skemmtileg lög á öðrum tungumálum en íslensku og einnig lög um

vináttu og frið. Börnin komu fyrst fram og sungu á ráðstefnunni „Lýðræði í skólasterfi“ haustið 2002. Í maí 2003 sungu þau fyrir gesti Hins hússins í tilefni átaks gegn forðómum. Vorið 2004 var börnunum boðið að syngja á lokahátíð fjölmenningarhátíðar sem haldin var í samvinnu Reykjavíkurborgar og Alþjóðahúss, og haustið 2004 á ráðstefnunni „Hið gullna jafnvægi“. Börnin stóðu sig alltaf frábærlega vel, en í hvert skipti sem sungið var voru það elstu börnin í leikskólanum sem sungu.



En börnin höfðu ekki bara gaman af því að læra lög á erlendum tungumálum, þau fóru líka að hugsa um og velta fyrir sér öðrum tungumálum. Eftirfarandi samtal átti sér stað á milli tveggja 5 ára pilta við matarborðið í hádeginu einn daginn:

Bjartur og Sindri voru í þykjustuleik við matarborðið.

B: Hvar á þins heima Sindri?

S: Í Frakklandi eða Bretlandi, í Frakklandi – í París.

B: Mins býr í Brasilíu, en fæddist á Íslandi, en talar brasilísku.

S: Mins talar ensku og líka frönsku.

B: Pabbi minn hætti að vera pabbi og giftist annarri konu sem býr í Brasilíu og er mamma hans Trausta, þannig kynntumst við.

S: Við tölum mörg tungumál, frönsku, tælensku, ensku.

Öll börnin við borðið byrja þá að syngja: Höfuð, herðar... á tælensku og síðan ensku, en Sindri kann það og kennir hinum börnunum.

Sótt var um styrk til Barnamenningsjóðs til þess að láta þýða barnabækur á öðrum tungumálum en eitt af því sem við rákum okkur á var að bækur á erlendum tungumálum eru ekki fáanlegar á Íslandi. Við létum þýða söguna af Alla Nalla eftir Vilborgu



Dagbjartsdóttur, á fimm tungumál og söguna af Gýpu (þjóðsaga í endursögn Ólafs Davíðssonar) á fjögur mál, en hún var myndskreytt af börnunum. Þessar bækur sendum við síðan heim með börnunum til þess að ýta undir það að foreldrar lesi fyrir börnin sín á móðurmálinu. Verkefni af þessu tagi er að sjálfsgöðu alltof stórt og viðamikilt fyrir einn leikskóla, en hugmyndin er góð og gaman væri að meira væri gert af slíku.



### 2.3.8 Rannsóknir á máltöku.

Á því tímabili sem þróunarverkefnið stóð yfir gerðist það einu sinni að til okkar kom barn sem orðið var altalandi á sínu móðurmáli án þess að tala íslensku. Flestöll önnur börn komu til okkar annaðhvort á máltökuskeiði, á aldrinum 18-24 mánaða, eða eftir að hafa verið á öðrum leikskólum og farin að tala nokkuð góða íslensku við komuna til okkar. Stúlkan (hér kölluð Sól) talaði enga íslensku þegar hún kom til okkar. Hún var nýflutt til landsins, en hafði búið á Íslandi áður eða fyrstu tvö ár ævinnar og var farin að tala smávegis íslensku þegar hún fluttist frá Íslandi. Stúlkan var 5 ára og 6 mánaða þegar hún kom til okkar um áramótin 2002-2003, hafði hindi að móðurmáli, en hafði verið búsett í enskumælandi landi og talaði því góða ensku. Sagði móðirin að enska væri fyrsta mál og hindi annað mál. Deildarstjórinn á deildinni hennar og aðstoðarleikskólastjóri sáu um að skipuleggja málörvun og gera einstaklingsáætlun fyrir hana. Á tímabilinu frá janúar til maí var fylgst vel með framförum hennar í lítilli rannsókn sem Fríða B. Jónsdóttir framkvæmdi á tímabilinu í tengslum við nám sitt í menntun tvítyngdra barna. Hér fylgir útdráttur úr rannsókninni og helstu atriði málörvunar.

Markmiðið með rannsókninni var að fylgjast með samskiptum stúlkunnar við jafnaldra og leikskólakennara á deildinni með það í huga að skoða hvaða framfarir yrðu í íslensku á þeim tíma sem rannsóknin stóð yfir. Niðurstöðurnar voru skoðaðar í samhengi við kenningar fræðimanna um máltöku og málörvun annars máls og er rétt að vísa í kafla 4 um íslensku sem annað mál því til stuðnings. Í rannsókninni var litið til þess hvort það málumhverfi sem boðið væri upp á á leikskóladeildinni og þær aðferðir sem viðhafðar voru í málörvun skiluðu augljósum árangri. Rannsóknin fólst í vettvangsat-hugunum með og án þátttöku, skráningu á leik og samskiptum stúlkunnar með myndbandsupptökum, viðtali við deildarstjóra og viðtali við móður. Málörvunin fór fram á eftirfarandi hátt:



- Byrjað var á að kenna orðaforða með því að útbúa orðalista þar sem kennd voru nauðsynlegustu orðin í daglegu starfi deildarinnar.
- Tákni með tali var notað til að byrja með, en umræða fór alltaf fram á ensku þannig að tryggt var að hún skildi merkingu þeirra orða sem verið var að fjalla um.
- Farið var í ýmsa leiki og athafnir sem gengu út á það að hún framkvæmdi það sem sagt var.
- Unnið var með Sól einstaklingslega fyrstu tvær vikurnar á hverjum degi í stuttan tíma á meðan samverustund hinna barnanna stóð yfir. Að því loknu var farið að bjóða einu eða tveimur börnum með henni í málörvun, en einnig var unnið í átta barna hópum í hópastarfi. Í frjálsum leik var ýmist um einstaklingsleik að ræða eða leik í hóp með allt upp í fimm til sex börn.
- Lögð var áhersla á að kenna Sól að tileinka sér dagsskipulag deildarinnar (ljósmyndir af ferlinu notaðar til stuðnings).
- Önnur börn í barnahópnum voru virkjuð sem aðstoðarkennarar og lögð áhersla á það að það þyrftu allir að hjálpast að við að kenna henni íslensku, en hún gæti um leið kennt okkur ensku.
- Til að byrja með var lögð áhersla á að leikskólakennararnir notuðu íslensku og ensku samhliða, en síðan var farið að tala við hana á íslensku fyrst og útskýrt nánar á ensku þegar nauðsyn krafði.
- Þegar komið var fram í lok febrúar var hætt að kenna fyrirfram ákveðin orð í málörvun og eingöngu unnið út frá því sem börnin voru að gera hverju sinni. Í frjálsum leik var leikskólakennari oftast nálægur og gat því gripið inni til að aðstoða.
- Í samveru og söngstundum var útskýrt fyrir Sól á ensku og á myndrænan hátt hvað fram fór.

Niðurstöður leiddu það helst í ljós að mikil framför varð á töluðu máli og skilningi á tímabilinu þó að hlustunarskilningur væri ekki orðinn mjög mikill nema þegar því var fylgt eftir á myndrænan hátt með því t.d. að teikna á tússtöflu, með leikrænum tilburðum eða með brúðum. Ef að stúlkan hefði ekki farið í skóla eftir hálf ár heldur haldið áfram hjá okkur hefði næsta skref verið að vinna betur með málskilninginn og máltjáninguna eins og verið er að gera í rannsókninni sem sagt er frá hér á eftir þessari. Á tímabilinu varð ekki einungis mikil framför á málþroska stúlkunnar heldur einnig almenn framför í þá átt að hún varð hæfari til að njóta leikskóladvalarinnar og vera virkur þátttakandi. Stúlkan fór aldrei á þögla tímabilið. Helstu framfarirnar fólust í:

- Breytingu á hegðun.
- Breytingu á samskiptum við börn og kennara.
- Að hún notar íslensku í miklu meira mæli í samskiptum við kennara.
- Mikilli áhugahvöt.
- Að börnin urðu jákvæð í hennar garð og tilbúin að kenna henni.
- Að hún á vinkonur og er yfirleitt velkomin með í leik þó að hún sé ekki stjórnandi í leiknum. Þó kom fram breyting á því hvaða hlutverk hún



- valdi sér í frjálsa leiknum og að hún hafði náð betri tókum á hlutverkinu.
- Að hún var fljót að tileinka sér dagskipulagið, vissi alltaf hvað væri næst á dagskrá og fylgdist vel með öllu.

Það sem skipti kannski meginmáli í þessum samskiptum var að við gátum notað ensku og þannig komið til móts við tilfinningalegar þarfir stúlkunnar. Það að hún var búin að læra eitthvað pínulítið í íslensku áður en hún flutti utan gæti hafa haft áhrif þó að hún hefði ekki sagt eða heyrt orð á íslensku í tvö og hálf ár. Það var ekki hjá því komist að hugsa hvernig þetta hefði gengið ef við hefðum ekki skilið hana og hún ekki okkur. Eftir þessa reynslu finnst okkur að hvert einasta barn sem kemur inn í nýtt málumhverfi ætti að eiga rétt á því að hafa með sér túlk sem talar móðurmál þess og getur stutt við það fyrstu mánuðina á nýjum stað.

Eftirfarandi samtal átti sér stað á milli athuganda (K.) og stúlkunnar eftir að hún hafði verið í leikskólanum í tæpa tvo mánuði (samtalið fór nánast alveg fram á ensku):

Við vorum að fara út að leika eftir að hafa verið í málörvunartíma. S. þarf að klæða sig vel vegna veðurs, líkar það illa og segist hata Ísland. K. hjálpar henni að klæða sig og það gengur ágætlega. Hún fer að leita að vettlingunum sínum, finnur þá ekki og er orðin mjög pirruð, komin með tár í augu og kökk í háls. Hún vill fá hjálp og segir: Where are my gula gloves? Hún man ekki gula á ensku og vill að K. segi sér hvernig það sé sagt. K. segir henni það og þá kemur:

S.: I hate Iceland, I don't want to be Icelandic. (er næstum farin að gráta). K. spyr hana af hverju hún sé svona leið og hvort henni þyki ekki gaman að fara út að leika með krökkunum sem séu að bíða eftir henni. (Rétt að taka það fram að hún vildi aldrei fara út fyrstu vikurnar eftir að hún byrjaði, það hafði lagast þegar þetta samtal átti sér stað). Eftir því sem K. og S. ræða þetta af hverju henni líði svona illa kemur í ljós að hún vill ekki læra íslensku því að þá er hún svo hrædd um að gleyma ensku (gleymdi yellow fyrir gulan, en er búin að læra litaheitin á íslensku).

Ástæðan fyrir því að hún vildi ekki gleyma ensku er að þá getur hún ekki talað við mömmu sína því að hún kann ekki íslensku. K. reyndi að útskýra fyrir henni að heilinn (hún hefur mikinn áhuga á líkamsstarfssemi, heila, hjarta o.s.frv.) væri svo klár að hún gæti lært mörg tungumál ef hún væri dugleg að æfa sig að tala. Hún myndi alls ekki hætta að tala ensku við mömmu sína þó að hún væri að læra íslensku hjá okkur. K. reyndi að hughreysta hana með því að segjast sjálf geta talað bæði íslensku og ensku og hefði ekki gleymt íslensku við að læra ensku. Hún lét nú ekki alveg huggast við þetta, en þá kom til okkar Birta sem flutti heim til Íslands í haust eftir að hafa búið í Englandi í eitt ár. Þær hafa aðeins getað talað saman á ensku. K. bað Birtu að segja okkur frá Nursery, leikskólanum hennar, og spurði hana hvort





hún hefði kunnað að tala ensku þegar hún byrjaði í Nursery og hvort hún hefði gleymt íslenskunni þegar hún lærði ensku. Nei, sagði hún, ég talaði ensku í Nursery en íslensku heima hjá mömmu og pabba. Þá rann allt í einu upp ljós fyrir Sól:

S.: Yes I know, I forgot how to speak Icelandic when I was living in America and that was because no-one spoke Icelandic to me then. Henni var ótrúlega mikið létt þegar hún uppgötvaði þetta og við komumst að þeirri niðurstöðu að enginn væri að reyna að gera hana íslenska. Hún var sammála því að gott væri að læra íslensku til að geta talað við og leikið við krakkana, en K. lagði áherslu á að þær mæðgur ættu eitthvað alveg sérstakt saman sem þær töluðu um á ensku og mundu alltaf gera. Í lok samræðunnar leið henni mjög vel, fór brosandí að leika sér og Birta leiddi hana út á leikvöllinn.

Það að geta skilið stúlkuna og komið til móts við tilfinningar hennar á þennan hátt getur skv. rannsóknnum flýtt fyrir máltökuferlinu auk þess sem líklegra er að stúlkan sé að byggja upp vitsmunalegan skilning um leið, styrkja sjálfsmynd og vinna úr streitu sem fylgir því að takast á við nýjan og erfiðan raunveruleika.

Á svipuðum tíma og ofangreind rannsókn var framkvæmd gerði Anna Margrét Þorlákadóttir, leikskólakennari á Álfalundi, rannsókn á málþroska og málumhverfi 4 ára tvítyngdrar stúlku frá Asíu. Hún býr með móður sinni og bróður og er bæði talað móðurmálið og íslenska á heimilinu. Rannsókninni var ætlað að varpa ljósi á málnotkun stúlkunnar í upphafi tímabils og við lok þess og athuga hvort einhverjar breytingar hefðu átt sér stað. Til þess að meta málþroska barnsins notaði athugandi matslista Kolbrúnar Vigfúsdóttur, studdist við niðurstöður þeirra lista og vann einstaklingsáætlanir út frá þeim. Á þeim tveimur mánuðum sem rannsóknin stóð yfir var unnið með markvissar málörvunarstundir, auk annarrar málörvunar. Til þess að geta fært upplýsingar inn í matslistana voru tekin viðtöl við stúlkuna upp á segulband, gerðar atferlisathuganir í leik með öðrum börnum og tekið viðtal við móður stúlkunnar. Þegar matslistinn var gerður í fyrra skiptið kom telpan út í meðallagi í flestum þáttum.

Tveir þættir skáru sig úr, annar fyrir þær sakir hvað hún stóð sig vel og hinn fyrir það hvað henni gekk illa. Sá þáttur sem hún kom best út í var **framburður**, en hún er með óaðfinnanlegan íslenskan framburð. Sá þáttur sem hún stóð sig síst í var **mál-skilningur, skilur lesinn eða sagðan texta, getur tjáð sig í mæltu máli**. Í seinna skiptið sem hún var metin, kom hún mjög svipað út þó að það hefði orðið nokkur fram-



för. Í ljós kom að það þurfti að vinna mest með málskilningsþáttinn og leggja áherslu á það að hafa sjónrænar tengingar við lesinn texta, eins og í samverustundum.

Oft láta kennarar blekkjast af góðum framburði barna og hæfileika til að eiga í samskiptum við jafnaldra og telja að barnið tali og skilji mjög góða íslensku. Málskilninginn er hinsvegar erfiðara að meta nema með því að skrá, meta og taka upp viðtöl við barnið yfir ákveðið tímabil. Barn sem kemur út eins og þessi stúlka getur átt í miklum erfiðleikum þegar komið er í grunnskólann ef ekki er unnið sérstaklega með málskilningsþáttinn. Eftirfarandi dæmi sýnir erfiðleika barnsins við að segja frá liðnum atburðum, en það var eitt af því sem lögð var áhersla á að vinna með:

K: Fórstu í sund?

B: Já.

K: Ferðu oft í sund?

B: En það kom svo seint.

K: Hvað segir þú ...?

B: Það kom svo seint.

K: Hvað kom seint?

B: Fara í sund.

K: Fóruð þið seint í sund?

B: Já.

K: Var komið kvöld?

B: Já.

Í málörvun var unnið markvisst að því að bæta málskilninginn og fór stúlkan í málörvunarstundir ásamt 1-3 öðrum börnum í hvert sinn. Í málörvunartímum voru lesnar bækur og rætt um innihald þeirra, skoðaðar myndir og talað um þær, spilað og spjallað. Mesta áherslan var lögð á frásögn. Að auki var stúlkunni sinnt markvisst meira í öllum þáttum dagskipulagsins og lagt upp úr því að eiga við hana samræðu.

Í niðurstöðum kemur fram að breyting til hins betra hafi orðið bæði á hegðun og málnotkun barnsins. Þó er athyglisvert að velta því fyrir sér hvaða áhrif það hefur að hún á aðeins einn sérstakan vin sem mætir frekar stopult í leikskólann. Það er líklegt að hefði hún átt góðar vinkonur ýtti það undir frekari málþroska, en með þann þátt þurfti að vinna meira. Sú breyting sem var þó sýnilegust og var gleðilegast að fylgjast með var hve sjálfsöryggi jókst á rannsóknartímabilinu. Stúlkan fann að hún er einhvers virði, hún hefur fengið athygli og væntumþykju sem hefur leitt hana áfram og stuðlað að framförum.



Sú niðurstaða helst alveg í hendur við þá reynslu okkar af börnum, sérstaklega asískum börnum sem hafa verið í leikskólanum. Börn sem hafa verið feimin, til baka, talað lítið og síðast en ekki síst gert litlar sem engar kröfur til umhverfis síns, hafa breyst mikið eftir að farið var að vinna í þróunarverkefninu. Með auknum jákvæðum samskiptum við foreldra, áhuga á að læra eitthvað um mál og menningu barnanna og aukinni málörvun hefur tekist að „kveikja“ á þessum börnum, þannig að þau eru óstöðvandi við að sýna okkur hvað þau kunna og geta. Börn sem vildu t.d. aldrei tala móðurmál sitt eða segja okkur frá sér og sínum hafa í lok verkefnisins verið farin að tala mjög mikið, kenna okkur orð á móðurmáli sínu og segja okkur frá því sem þau eru að gera. Síðast en ekki síst hefur þetta aukið félagsþroska barnanna og þau orðið meiri þátttakendur í leikskólastarfinu. Að síðustu er hér dæmi, skráð eftir samtali við fimm ára asíska stúlku sem hafði tekið mjög miklum framförum, svo miklum að hún var farin að vilja tala um allt milli himins og jarðar hvenær sem var og krafðist mikillar athygli af okkur kennurunum sem var mikil breyting frá þeirri hljóðu og hlédrægu stúlku sem hún var. Framburður hennar var að vísu slakur, enda talaði hún eingöngu móðurmálið á heimilinu við foreldra sína. Hún var hinsvegar vel stödd í móðurmálinu og átti það vafalaust sinn þátt í að auðvelda henni að ná tökum á íslensku sem öðru máli. Að finna slíka breytingu á börnunum í barnahópnum gerir leikskólastarfið þess virði að vinna það.

Við vorum í útiveru og þá kom Sunna til mín og spurði hvort við gætum farið að tala saman, hún vildi ekki leika sér heldur frekar tala. Við fórum að spjalla um allt milli himins og jarðar og hún sagði frá því að mamma sín hefði komið með sig í leikskólann daginn áður og alltaf verið að missa vettlingana sína. Ég sagði: En náði hún að halda á þeim fyrir rest? Þá sagði Sunna: Eins og að gleypa hest, það rímar eins og í vísunni um konuna sem gleypiti mý. Síðan fór ég að tala aðeins við kennara sem kom til okkar, en þá vildi Sunna ná athygli minni aftur, fór með mig að trénu og sagði: Sjáðu, það eru öll laufblöðin að detta. Ég spurði hvort hún vissi af hverju og þá sagði hún: Já það er haust.

## 2.4 Mat kennara Lækjaborgar á þróunarverkefninu

Á því tímabili sem þróunarverkefnið stóð yfir fór fram símat á fundum verkefnisstjóra og á starfsmannafundum þar sem framvinda verkefnisins var rædd og skipulögð. Auk þess var verkefnið metið nokkrum sinnum á tímabilinu, í viðtölum við starfsfólk, skriflegum könnunum og mati samkvæmt gátlistum. Hluti af matinu voru námstengdar rannsóknir Önnu Margrétar Þorláksdóttur og Fríðu B. Jónsdóttur. (Lista vegna mats á verkefninu er að finna í fylgiskjölum.)



#### 2.4.1 Skrifleg könnun lögð fyrir starfsfólk vorið 2002 og 2003.


Vorið 2002 og 2003 var starfsfólk beðið um að lýsa upplifun sinni af vinnu við þróunarverkefnið með því að svara nokkrum spurningum skriflega (sjá fylgiskjal nr.8). Hjá flestum kom fram mikil ánægja með verkefnið, starfsfólk talaði um að alger hugarfarsbreyting hefði orðið hjá því og flestir lýstu yfir ánægju sinni með auknið foreldrasamstarf. Starfsfólki fannst vinnuálag ekki hafa aukist mikið nema þá „á jákvæðan hátt og þá á ég við heimalesturinn sem er nauðsynlegur og fræðandi,“ eins og einn starfsmaður sagði. Einhverjir starfsmenn töluðu um það vorið 2002 að það hefði verið heldur mikið um lestur og fundi þann veturinn, en vorið 2003 kom fram hjá starfsfólki að það saknaði þess að hafa ekki meiri lestur og umræður eins og veturinn áður. Einn starfsmaður sagði: „Mér finnst skipta miklu máli að þetta verkefni hafi þau áhrif á okkur öll, bæði börn og fullorðna, að við verðum opin, víðsýn og fordómalaus og að við viðurkennum einstaklinginn, trú hans og menningu, hver sem hún er. Allir eru jafnir“. Annar starfsmaður sagði: „Eftir þennan vetur, þá viðurkenni ég það að ég lít jákvæðari augum á blandaðan hóp heldur en ég gerði áður. Í dag finnst mér það mjög jákvætt að sjá börnin mín alast upp við að allir séu á jafnréttisgrundvelli hvernig sem þú ert á litinn eða hvernig sem menning hvers og eins er. Ég lít svo á að við séum á réttri leið að byrja í leikskóla að vinna með fordóma, mismunandi menningu og að það skiptir máli að góð samskipti og vinátta sé alltaf til staðar hvernig sem við erum.“

#### 2.4.2 Matslistar lagðir fyrir starfsfólk.

Í maí 2003 voru lagðar spurningar fyrir starfsfólk þar sem það var beðið um að meta starf sitt og umhverfi. Deildarstjórar voru beðnir um að leggja mat á það hvort verið væri að vinna samkvæmt markmiðum þróunarverkefnisins í deildarstarfi auk þess sem þeir fylltu út sömu athugunarlista og annað starfsfólk (sjá fylgiskjal nr. 4 og 5).

#### **Markmið 1. Að öll börnin í leikskólanum læri að fólk er ólíkt en samt jafn mikils virði.**

Deildarstjórunum þremur bar saman um að við værum að vinna samkvæmt þessu markmiði og að það gengi vel. Myndir sem hanga uppi á veggjum, myndir sem eru fyrir börnin að handfjatla og skoða, bækur, púsl, spil og annað leikefni, sýnir margbreytileika mannlífsins. Á yngstu deildinni er grunnurinn lagður, fjölbreytnin er fyrir hendi, en umræður eru e.t.v. að einhverju leyti takmarkaðar vegna aldurs barnanna. Eftir því sem



Þroski þeirra og hæfni til að taka þátt í umræðum eykst eru umræður meira notaðar og á elstu deild er mikið um umræður, bæði stýrðar og sjálfsprottvar. Einn deildarstjórinn tók það fram að hún hlakkar til þess að taka persónubrúðurnar í notkun, en til stendur að gera það í haust (2004).

Þetta samræmist því sem kom fram í könnuninni sem gerð var meðal starfsfólksins þar sem 90% segjast oft eða stundum nota gögn og æfingar sem endurspegla og fræða um fólk af menningarlegum eða etniskum uppruna sem er ólíkur þeirra eigin.

### **Markmið 2. Að gera heimamál og heimamenningu tvítyngdra leikskólabarna að sjálfsgöðum og virtum þætti í leikskólastarfinu.**

Vinnan við þetta markmið gengur einnig mjög vel, að mati deildarstjóra. Við erum með hin ólíku tungumál leikskólans sýnileg á deildunum, höfum fengið orðalista hjá foreldrum, s.s. tölustafi, vikudaga, nöfn á fingrum og kveðjur á móðurmálum barna af erlendum uppruna. Þetta er notað í samræðum og í samverustundum og finnst öllum það ganga vel. Heimskortið er mikið notað á öllum deildum. Einn deildarstjórinn nefndi að heimamenning barnanna væri ekki eins sýnileg og tungumálin, en ýmislegt væri þó rætt. Annar deildarstjóri nefndi að síðan við byrjuðum á því að hafa *tungumál vikunnar* (veljum eitt af tungumálum leikskólans sem tungumál vikunnar, eina viku í senn, og reynum þá að vinna sérstaklega með það) hafi hún orðið mun virkari í að nota tungumálin. Hún nefnir einnig hvað börnin verði stolt þegar starfsfólk sýnir tungumáli þeirra og uppruna áhuga.

81% starfsfólks segist oft eða stundum nota gögn eða æfingar sem endurspegla og fræða um öll börnin í hópnum og fjölskyldur þeirra. 100% starfsfólks segist oft eða stundum nota gögn eða æfingar sem endurspegla og fræða um ýmis tungumál, sérstaklega þau sem töluð eru af foreldrum og börnum í leikskólanum. Þetta helst því alveg í hendur.

### **Markmið 3. Að leikskólastarfið endurspegli fjölmennningarlegt samfélag.**

Deildarstjórar eru sammála um að starfið í leikskólanum endurspegli fjölmennningarlegt samfélag. Nefndu þeir einkum dæmi um kveðjur á tungumálunum sem hanga uppi á hverri deild, lögin sem við syngjum, tungumál vikunnar, heimskort sem hanga uppi og myndir. Þær voru þó sammála um að starfsfólk þyrfti alltaf að „vera vakandi fyrir því



að þetta gleymist ekki í daglega starfinu og verði bara til skrauts,“ eins og einn deildarstjórinn orðaði það.

Eins og kom fram í könnun meðal starfsfólks, þá telur það einnig að starfið endurspegli fjölmennigarlegt samfélag:

81% segist oft eða stundum nota gögn sem endurspegla eða fræða um öll börnin í hópnum og fjölskyldur þeirra.

100% segjast oft eða stundum nota gögn sem endurspegla eða fræða um ýmis tungumál sem töluð eru af foreldrum og börnum í leikskólanum.

90% segjast oft eða stundum nota gögn sem endurspegla eða fræða um fólk úr stétt og af menningarlegum eða etniskum uppruna sem er ólíkur þeirra eigin, án þess að vera með staðalmyndir.

91% segist oft eða stundum nota gögn sem endurspegla eða fræða um mismunandi fjölskyldur af ýmsu tagi.

#### **Markmið 4. Að starfsfólk auki þekkingu sína og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra.**

Deildarstjórunum þremur bar saman um að ekki hefði verið nóg um lestur og umræður veturinn 2003 miðað við veturinn á undan, en svo notuð séu orð eins þeirra, þá „þarf stöðugt að ræða þessi mál svo að þau gleymist ekki í erli dagsins.“ Einn þeirra nefndi að þekkingin á bakgrunni barnanna hafi aðallega komið með samræðum við foreldra. Sú þriðja benti á að á hverju ári kæmu ný börn og aðferð okkar til að auka þekkingu okkar yrði alltaf í þróun á einhvern hátt, eins og foreldrasamstarfið og allt annað starf.

#### **2.4.3 Foreldrakannanir.**

Foreldrakönnun var lögð fyrir vorið 2002 þar sem m.a. var spurt um viðhorf foreldra til þróunarverkefnisins og til starfsmanna og barna af erlendum uppruna. Þar kom fram að allir aðspurðir foreldrar (þátttaka var yfir 90%) voru ánægðir með þátttöku í þróunarverkefninu og töldu að börn og starfsfólk af erlendum uppruna auðgaði starf leikskólans. Í foreldrakönnun sem Leikskólar Reykjavíkur lögðu fyrir vorið 2003 var ekki sérstaklega spurt um þróunarverkefnið, en í athugasemdum lýstu nokkrir foreldrar yfir ánægju sinni með það að leikskólinn væri að vinna að slíku verkefni og töldu að alþjóðlegt yfirbragð væri á leikskólanum.



#### **2.4.4 Mat á umhverfi leikskólans.**

Vorið 2003 var framkvæmt mat á umhverfi leikskólans, samkvæmt gátlista úr bókinni *Anti Bias Curriculum. Tools for empowering Young Children* (Louise Derman-Sparks, 1989:11-16) (sjá fylgiskjal nr. 7). Niðurstöður matsins voru síðan notaðar til þess að reyna að bæta um betur. Margt af því sem kemur fram í gátlistanum er verið að gera í leikskólanum þó að við eigum langt í land með að ná „fullkomnum árangri“, ef hægt er að tala um fullkomin árangur í skólastarfi sem á að vera í stöðugri þróun og breytingu. Hvað varðar myndir á veggjum, þá er rétt að taka það fram að við erum ekki með mikið af myndum af allskonar fólki á öllum aldri en höfum aðallega verið með fjölbreyttar myndir af börnum. Þetta hefur þó breyst og haustið 2004 var mikið af myndum uppi á veggjum af allskonar fólki. Ennfremur höfum við lítið sem ekkert sinnt þeim þætti að fjalla um fólk með ólíka getu, fólk í hjólastól eða fólk með önnur hjálpartæki. Frá því að þetta mat var gert höfum við viðað að okkur talsvert meiri tónlist, hljóðfærum og leikefni fyrir hlutverkaleik.

#### **2.4.5 Mat á bókakosti leikskólans**

Á starfsmannafundi vorið 2004 var kennarahópurinn undir það búinn að leggja út í matsverkefni á bókakosti leikskólans. Hugmyndin var ekki sú að taka fyrir allar bækur á bókasafninu, greina þær út frá fjölmennningarlegri hugmyndafræði og henda þeim sem ekki stóðust prófið, heldur að sýna fólki fram á að til væru aðferðir til þess að meta það lesefni sem við erum að bjóða börnunum upp á og einnig að leggja áherslu á það að vera vel undir búin, þegar bækur eru lesnar fyrir barnahópin, þannig að kennarar þekki textann og hvaða skilaboð hann færir börnunum. Kennarahópnum var skipt upp í fjóra hópa og fékk hver hópur eina bók til þess að greina samkvæmt gátlista, gerðum af Bonnie Neugebauer (þýddum af Kristínu Mar 2003 og birtur hér með góðfúslegu leyfi hennar, sjá fylgiskjal nr. 6). Ekki er ástæða til að greina frá því hér hver niðurstaðan varð með bækurnar, en verkefnið var skemmtilegt og gaf nýja innsýn í það hvernig hægt er að meta bækur með tilliti til fjölmennningarlegra þátta auk þess sem verulega kom á óvart hvaða dulin skilaboð var oft hægt að lesa út úr ákveðnum textum.



## 2.5 Lokaorð

Þegar kom að því að rita lokaorðin voru allir kennarar beðnir um að skrifa niður smá hugleiðingu um verkefnið, hvernig þeim hefði liðið þennan tíma og hvernig þeir sæju framtíðina fyrir sér. Kennurum fannst upp til hópa þetta hafa verið frábær tími, þeir hafa lært margt og öðlast meiri skilning á uppruna og hefðum barnanna og fjölskyldna þeirra.

Mér fannst rosalega gaman að kynnst foreldrum frá öðrum löndum og gaman fyrir krakkana að kynnst öðrum löndum. Ég er frá Tælandi og mér finnst gaman að fá að kynna menningu mína, held að annað fólk vilji líka fá að sjá hvernig við gerum. Mjög skemmtilegt, og ég vil halda þessu áfram.

Það kom fram að kennurum finnst virðingin og samskiptin við foreldra vera það mikilvægasta í öllu starfinu. Kennurum fannst sem starfsmannafundirnir, umræðan, lestur og vinna með eigin viðhorf og fordóma hefði skilað miklum árangri og lögðu áherslu á að það þyrfti að halda slíkri umræðu áfram þó að þróunarverkefninu væri lokið.

Við höfum hafist handa við að endurskoða námskrá leikskólans með það fyrir augum að fjölmenningin gangi eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Við leggjum kapp á að fjölmennigarlegir þættir séu augljósir í flestum köflum námskrárinnar en það verður ekki sérstakur kafli um fjölmenningu. Eitt af því sem starfsfólk var beðið um að gera var að lýsa því hvaða þætti verkefnisins það sæi fyrir sér í endurskoðaðri námskrá. Það sem kennurum fannst mikilvægast að halda inni var foreldrasamvinnan, vinna með persónubróðurnar og heimamennningarverkefni. Einnig að sinna vel málþroska barna með annað móðurmál en íslensku.

Hvað varðar samstarf okkar kennaranna, þá hefði mátt hugsa sér að handleiðsla hefði verið meiri allan tímann, þannig að allir upplifðu meiri stuðning við það sem þeir voru að gera í vinnunni með börnunum. Það er samt spurning hver hefði átt að veita þá handleiðslu í starfi því við vorum öll að læra allan tímann og erum enn að læra inn á það hvernig við getum sem best fært fjölmenningu inn í leikskólastarfið. Handleiðslan var vissulega til staðar í umræðum á starfsmannafundum og var mjög nauðsynleg þar, en það var erfiðara að veita hana beint í daglegu starfi.





Að taka þátt í verkefninu hefur breytt hugmyndum mínum um innflytjendur til hins betra og ég hef fengið meiri innsýn inn í líf þeirra og hvað það getur stundum verið erfitt að búa á Íslandi. Ég vil að við höldum heimamenningsverkefnum áfram, þau fá foreldra til að taka þátt, en það er mikilvægt.

Varðandi nýtt starfsfólk, þá kemur það fram, bæði í skýrslunni og í rannsókn verkefnisstjóra hér á eftir, að það var einn erfiðasti þátturinn. Hvernig átti að virkja nýtt starfsfólk og setja það inn í þá hugmyndafræði sem við vorum búin að vera að byggja upp frá upphafi? Þetta þurfum við að hafa í huga og gæta þess að vera stöðugt að efla þekkingu okkar og miðla af reynslu hvers annars á starfsmannafundum og öðrum fundum í kennarahópnum.

Það er tilvalið að ljúka þessari skýrslu með orðum eins kennara sem hefur tekið þátt í verkefninu frá upphafi og lýsir á mjög skemmtilegan hátt þeirri tilfinningu sem maður finnur til þegar tekist er á við nýja og óþekkta hluti og sigrast á óörygginu um leið og maður verður sterkari.

Þegar umræðan um hugsanlegt þróunarverkefni hófst þótti mér þetta vera óttalegt vesen. Vonaði hálfpartinn að ekkert yrði úr þessu. Svo fór áhuginn aðeins að vakna og ég ákvað að gefa þessu séns! Strax og vinnan hófst og við fengum lesefni og umræður hófust á starfsmannafundum gerðist eitthvað: Já þetta er málið! Hvernig er hægt annað en að taka á þessu málefni?

Eftir smá tíma fór ég að vera ofurviðkvæm fyrir öllu sem tengdist málefnum fólks af erlendum uppruna. Var alltaf með eyrun sperrt fyrir hugsanlegum fordómum annarra og fannst fólk óupplýst. Þessi tilfinning leið hjá.

Þegar ég brá mér í fæðingarorlof fannst mér ég missa af og vanta eitthvað. En nú verður ekki aftur snúið. Lækjaborg er fjölmenningslegur leikskóli og við skulum halda því þannig. En við verðum að passa okkur að halda því vakandi, við megum ekki sofna á verðinum. Nýtt starfsfólk verður að fá fræðslu og „gamalt“ starfsfólk má ekki ryðga.... Höldum áfram með það sem hefur gefist vel, foreldrafund að hausti þar sem við borðum saman, heimamenningsverkefni, breytt fyrirkomulag foreldraviðtala... festum þetta inn í námskrá. Þetta er jú aðalsmerki Lækjaborgar... svona gerum við og erum stolt af því.



### 3 Rannsókn verkefnisstjóra

Skömmu eftir að þróunarverkefnið hófst ákváðu verkefnisstjórar, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, að vinna rannsókn til þess að fylgjast með framgangi og árangri þróunarverkefnisins. Strax vorið 2001 voru tekin viðtöl við starfsfólk og farið í þátttökuathuganir og var rannsókninni haldið áfram jafnt og þétt til vorsins 2004. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Leikskólaráðs Reykjavíkur og Rannsóknarsjóði Kennaraháskóla Íslands. Meginmarkmið rannsóknarinnar voru:

- Að fylgjast með framkvæmd og árangri þróunarverkefnisins *Fjölmenningarleikskóli*.
- Að leggja mat á hvort markmið þróunarverkefnisins næðust.
- Að meta áhrif fjölmenningarlegra starfsaðferða á börn, starfsfólk og foreldra.

Notaðar voru eigindlegar aðferðir í rannsókninni og leitast við að skilja hvernig þátttakendur: starfsfólk, foreldrar og börn, upplifa og skilja aðstæður sínar. Aðalrannsóknaraðferðirnar voru opin viðtöl við starfsfólk og foreldra, hljóðrituð og afrituð nákvæmlega, og þátttökuathuganir í leikskólanum. Einnig hafa verkefnisstjórar og stjórnendur leikskólans haldið fundi mánaðarlega þar sem fjallað hefur verið um framgang verkefnisins. Fundir með öllu starfsfólki hafa verið u.þ.b. annan hvern mánuð og þá fjallað um viðhorf, fjölmenningarleg vinnubrögð og annað sem þörf hefur verið á hverju sinni.

Þátttökuathuganir í leikskólanum voru þrettán. Rannsakendur hafa fylgst með börnum og starfsfólki í leikskólastarfinu, samverustundum, valstundum, hópastarfi, matartímum, fataklefa og í útiveru. Tekin hafa verið viðtöl við alla erlenda foreldra sem áttu börn í leikskólanum. Samtals voru þetta foreldrar sextán barna. Tvö rýnihópaviðtöl voru tekin við foreldra fimm íslenskra barna. Tekin voru viðtöl við níu starfsmenn, tvisvar við einn þeirra, alls tíu viðtöl. Auk þess voru tekin hópviðtöl við alla starfsmenn þar sem myndaðir voru fjögurra manna hópar, þvert á deildir, alls þrjú viðtöl.

Alls voru gögnin 1035 blaðsíður.

#### **Gagnagreining.**

Gagnagreining hefur að miklu leyti farið fram jafnt og þétt. Gögnin hafa verið marglesin, borin saman og dregin út úr þeim áhugaverð atriði. Átta sinnum hafa rannsakendur skýrt frá niðurstöðum á ráðstefnum héraendis og erlendis og ein grein



hefur birst í vef tímariti Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands, *Netlu*. Slóðin er <http://netla.khi.is/greinar/2004/011/index.htm>

### 3.1 Niðurstöður

Í þessum kafla verða dregnar saman helstu niðurstöður og þær metnar út frá markmiðum rannsóknarinnar. Sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir áhrifum fjölmenningarlegra vinnubragða á starfsfólk, börn og foreldra.

#### Starfsfólkið.

Hér verður greint frá helstu atriðum sem fram komu í gögnunum um viðhorf, áhuga og þátttöku starfsfólks í þróunarverkefninu.

#### *Óöryggi í upphafi verkefnisins*

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að í fyrstu hafi það verið óöruggt í sambandi við þróunarverkefnið. Það birtist helst í því að starfsfólkinu fannst það ekki vera að gera nóg og það hafi vantað hugmyndir til að framkvæma. Einn starfsmaðurinn sagði: „Mér fannst ég aldrei vera að gera neitt, þú veist, vinna með þetta verkefni almennilega.“ Smám saman jókst sjálfstraustið og fjölmenningarleg vinnubrögð urðu sjálfsögð og eðlileg. Flestum þykir þróunarverkefnið mjög skemmtilegt og fjölmenningarleg viðhorf hafa náð fótfestu í leikskólanum:

Þetta er orðið svo sjálfsagt eitthvað og komið svo inn í alla starfsemi og allan hugsunarhátt einhvern veginn. Þetta er ekki lengur svona afmarkaður þáttur eins og var þínu fyrst. Þá var maður svona, nú skulum við gera eitthvað fjölmenningarlegt.

#### *Viðhorfsbreyting*

Einn leikskólakennarinn sagði að sér hefði komið óvart hve viðhorfin hefðu breyst hjá henni sjálfri, áður fyrr hafi hún ekkert hugsað út í mál minnihlutahópa. Nú væri hún einhvern veginn opnari en áður gagnvart leikskólastarfi yfirleitt. Starfsmaður sem ekki hafði áður unnið í leikskóla sagðist einnig hafa orðið áhugasamari þegar verkefnið byrjaði:

Já, mér fannst skólinn breytast alveg rosalega mikið þegar þetta byrjar. Ekki bara í sambandi við þetta heldur bara allt. Einhvern veginn breyttist starfsemin... hvernig fólk fór að hugsa í sambandi við það sem við vorum að gera með börnunum.



Leikskólakennari tók einmitt dæmi úr hópastarfi um þetta. Krakkarnir voru að blanda saman litum og hún vildi vara þau við því að blanda öllum litunum saman, því að þá yrði útkoman „ljótur, brúnn litur“, eins og hún hafði næstum sagt. Umræðan um fjölmenningu olli því að hún gætti tungu sinnar. Orðin sem starfsfólkið notar hafa mikil áhrif, brúnn er ekki ljótur litur heldur fallegur. Þannig hafa gagnrýnin vinnubrögð aukist í leikskólanum og gert starfsfólkið næmara á nauðsyn þess að komið sé fram af virðingu við alla. Ein starfsstúlkan sagði frá atviki sem hún tók nærri sér. Drengir á einni deildinni sýndu erlendri konu sem var að sækja barnabarnið sitt í leikskólann óvirðingu. Þeir hlógu að tungumáli hennar og sýndu henni dónaskap. Starfsstúlkan hugsaði mikið um hvernig best væri að taka á atvikinu og ræddi það við starfsfélaga sína. Reikna má með því að umræðan um jafnrétti og fjölmenningu hafi haft þau áhrif að starfsfólkið hugsar meira um slík atvik, en lætur þau ekki lönd og leið.

Sumt af starfsfólkinu lýsir fjölmennigarlegri nálgun eins og nokkurs konar lífsstíl og að það hafi fengið nýjan grundvöll til að byggja allt leikskólastarfið á og segir að það geti ekki hugsað sér að vinna á annan hátt. Það veit að börnin búa við ólíka menningu og hefðir, og einn starfsmaðurinn sagðist vera farinn að gera sér grein fyrir því að heima hjá börnunum sé

...ekkert endilega þessi rammi hérna, þessi íslenski millistéttarrammi, maður hugsar kannski meira um að það er eitthvað þarna [sem er öðruvísi].

Þess vegna er ekki hægt að ætlast til þess sama af öllum börnum. Leikskólakennari talaði um að í leikskólanum væri núna alltaf gert ráð fyrir fjölbreytileikanum og umburðarlyndi og virðing hafi aukist:

...í staðinn fyrir... nei, þetta er svona öðruvísi, þá bara, þá er þetta bara allavegana... ég er ekki að tala um afmarkaða hluti eins og húðlit endilega... heldur bara við erum ólík. Mér finnst fiskur góður, en kannski ekki þér. Og það er bara allt í lagi.

Umræðan á kaffistofunni hefur breyst. Oft er rætt um það sem er efst á baugi í umfjöllun fjölmiðla um fjölmenningu. Algengt er að starfsfólkið spjalli um reynslu sína og kynni af fólki frá öðrum menningarsvæðum. Starfsmennirnir tveir sem eru af erlendum uppruna hafa öðlast betra sjálfstraust. Þær auðga umræðuna enn frekar og fólk er tilbúnara en áður til að hlusta, þegar þær segja frá menningu sinni og heimkynnum. Þær lesa líka fyrir börnin á eigin móðurmáli til að lofa þeim að heyra hvernig fólk talar heima í þeirra landi. Í umræðunni í leikskólanum má merkja aukinn áhuga á aðstæðum



útlendinga sem hér búa og meira næmi og skilning á fordómum og misrétti. Fólk gerir sér betur grein fyrir því að fordómar leynast víða í samfélaginu og að jafnvel sé stutt í þá meðal starfsfólks og foreldra.

Fjölmenningarverkefnið hefur einnig þjappað starfsmannahópnum saman, „maður finnur meira fyrir því að ...við erum einn vinnustaður, þótt þetta séu margar deildir.“  
Merkja má meiri jákvæðni og umhyggju starfsfólksins fyrir hvert öðru og foreldrum.

Ég meina hvort þau eru af erlendum uppruna eða ekki skilurðu. Þá hafa allir sinn persónuleika og maður [er] kannski ekki eins fljótur að dæma einhvern eða eitthvað svoleiðis eða verða pirraður úti í eitthvað sem eru einhverjir smámunir...

### *Kennsluhættir og vinnubrögð*

Starfsfólkið veltir fyrir sér aðferðum og nálgun í sambandi við fjölmennigarlega kennsluhætti. Í upphafi var til dæmis talsvert rætt um hvort rétt væri að vekja athygli barnanna á ólíku útliti eða öðru því sem aðgreindi fólk. Gæti það ýtt undir eða jafnvel skapað fordóma? Starfsfólkið kynnti sér rannsóknir sem sýna að börn eru mjög ung þegar þau gera sér grein fyrir að fólk er ólíkt og nýtur mismunandi virðingar sem oft ræðst af útliti og tungumáli. Niðurstaðan varð því sú að um leið og rætt væri um það sem væri ólíkt, væri dregið fram það sem fólk ætti sameiginlegt og lögð áhersla á að allir væru jafnmikils virði hvernig sem þeir litu út.

Starfsfólkið talaði um að það nálgadist börnin öðruvísi en áður, sérstaklega börnin sem eru af erlendum uppruna. Áður hafði nokkuð borið á því að þau væru „til hliðar“. Nú leggur starfsfólkið sig fram við að efla þessi börn, ýta undir áhugahvöt þeirra og „finna á þeim takkann“ eins og það segir. „Það er svo frábært þegar maður er búinn að kveikja á þessum takka, eftir það er allt svo auðvelt,“ sagði einn leikskólakennarinn. Í viðtölunum kom fram að starfsfólkinu finnst auðveldara að vinna að fjölmenningu á eldri deildunum og þá sérstaklega á þeirri elstu, því að þar sé hægt að vinna allskonar verkefni með börnunum og ræða málín. Á yngstu deildinni fer mikill tími í umönnun og þar er aðallega reynt að vinna óbeint að fjölmenningu og þá finnst starfsfólkinu stundum eins og það vinni ekki nógu fjölmennigarlega. Starfsmaður segir að þetta

...sé svona virkilega flókið...að koma þessu inn í eitthvað verk eða svona einhverja vinnu hjá þeim. Nema þá að hafa dúkkur og myndir út um allt og þú veist, af allskonar lituðu fólki og gera allskonar hluti.



Sumir starfsmennirnir hafa verið tilbúnir til að leggja á sig aukavinnu og nota frítímann til að undirbúa verkefni eða semja fjölmennningarlegt efni, eins og t.d. söngva með kveðjuorðum á tungumálum leikskólans.

Þar með er ekki sagt að allir starfsmenn séu jafnáhugasamir. Misjafnt er hve mikið frumkvæði starfsfólkið sýnir og hversu duglegt það er að tengja fjölmenningu inn í starfið og þar kemur fram munur milli deilda. Í hverri viku er eitt af tungumálum leikskólans valið sem tungumál vikunnar. Nokkurs óöryggis gætir hjá starfsfólkinu í þeirri vinnu, sérstaklega þegar ekkert barn á deildinni talar viðkomandi mál. Þá finnst fólki ekkert hægt að vinna áfram með tungumálið, bara skrifa góðan daginn á töfluna og síðan ekki söguna meir.

#### *Hvað var eftirminnilegt og skemmtilegt?*

Þegar starfsfólkið var spurt að því hvað þeim hafi fundist eftirminnilegt og skemmtilegt í þróunarverkefninu var meðal annars nefnt að gagnlegt hefði verið að ræða eigin viðhorf: „maður fór svona aðeins inn í sig og var að hugsa, sko.“ Einnig nefndi fólk verkefni eins og stjörnu vikunnar og minningabækurnar sem hefðu verið krefjandi og skemmtileg. Í verkefnunum var nauðsynlegt að hafa samskipti við foreldrana og þau hefðu verið mikils virði. Ánægjulegt hefði verið að finna aukinn áhuga foreldra vegna meiri samskipta og sérstaklega hefði verið gaman þegar foreldrarnir komu inn á deild til krakkanna og gerðu eitthvað með þeim.

Mér fannst skemmtilegt að fá foreldra með eða þegar börnin, það er einhver hátíð í gangi og börnin koma með eitthvað, þú veist, að halda upp á eitthvað sérstakt saman. Þegar foreldrar hafa eldað fyrir herna foreldrafundinn... og núna til dæmis að fá foreldra til að búa til sjálf, til hamingju með daginn, á þeirra tungumáli. Þú veist, fá þau með.

Starfsfólkið sagði að samskiptin bötnuðu þegar foreldrarnir tækju meiri þátt, þá myndu þau líka að þau væru viðurkennd sem foreldrar barnanna og það væri tekið mark á því sem þau segðu. Starfsmaður sagði:

Maður finnur það líka að foreldrar sem tala ekki góða íslensku, maður leggur sig fram við að ná sambandi og ræða það og útskýra ...hvað þeim líður betur.

Starfsfólkið sjálft er ekki heldur eins óframfærið í samskiptum við foreldra. „Já, þessi feimni er ekki svona að hefta mann alveg eins mikið. Maður þorir kannski meira líka“. Það segir foreldrana auðvitað misjafna og ekki gangi jafnvel að nálgast eða virkja þá alla. Dæmi séu enn um það að dagleg samskipti við erlenda foreldra séu lítil og



stundum séu það ættingjar barnanna sem sæki þau og þeir skilja stundum enn minna en foreldrnir. Starfsfólkið talaði um að gefist hefði vel að nota myndir til að efla samskipti við fólkið, taka myndir af börnunum í daglegu starfi og hengja þær upp.

Margir starfsmennirnir nefna að aukið foreldrasamstarf sé ánægjulegasti þátturinn í þróunarverkefninu og þessi góðu samskipti séu betri fyrir alla, foreldra, börn og starfsfólk.

### *Hvað var erfitt?*

Fyrsta árið voru oft starfsmannafundir þar sem ákveðið lesefni var rætt. Þá fannst starfsfólkinu álagið vera í mesta lagi: „Það var á tímabili svolítið mikið – þá var ég alveg búin að fá nóg.“ Lesefni var því stillt í hóf seinni tvö árin og sumum fannst þá jafnvel vanta lesefni.

Starfsfólkinu fannst erfitt að sjá ekki strax árangur af fjölmennigarlegum vinnubrögðum. Það vonar að minna verði um fordóma í framtíðinni þó árangurinn sé ekki áþreifanlegur strax. Starfsfólkið nefndi líka að það þyrfti mikinn tíma til að gera upplýsingar frá foreldrum aðgengilegar, slá þær inn í tölvu eða setja í plast og hengja á vegg. Einnig fannst sumum flókið að finna út hvernig skrá ætti fjölmenningarstarfið og gera skráningu að sjálfsögðum hluta af starfinu. Stundum hafði fólk á tilfinningunni að það væri ekki að gera nóg vegna þess að síðasta veturinn voru ekki mörg verkefni sem voru sérstaklega eyrnamerkt fjölmenningu.

### *Nýtt starfsfólk*

Greinilega kom fram að betur þarf að kynna fjölmenningarverkefnið fyrir nýju starfsfólki. Nýtt starfsfólk talaði um að erfitt hefði verið að koma inn í verkefnið, upplýsingar vantaði um framkvæmdina og þótt lesefni hefði legið frammi hefði dregist að lesa það. Kynningarfundur um verkefnið fyrir nýtt starfsfólk var of seint á ferðinni. Verkefnamappa sem var til sýnis kom að góðum notum til að útskýra út á hvað fjölmenningarstarf gengur. Sumum nýju starfsmönnum fannst heldur lítið vera í gangi síðasta veturinn. Einn nefndi að mikið væri talað um verkefni sem hefðu verið áður, en fannst ekki nógu mikið gert núna.



### *Framhaldið*

Starfsfólkið er áhugasamt um að halda fjölmenningarstarfi áfram í leikskólanum því að það telur að gott leikskólastarf feli í sér fjölmennigarleg vinnubrögð. En það telur nauðsynlegt að fólki sé haldið við efnið með fræðslufundum og lesefni, annars slakni á áhuganum. Starfsfólkið segir að það vilji að börnin alist upp á jafnréttisgrundvelli þar sem góð samskipti og vinátta ríki óháð menningu hvers og eins.

### **Foreldrar.**

Eins og fram er komið nefnir starfsfólkið að meðal helstu breytinga sem orðið hafa í leikskólanum séu bætt samskipti við foreldra og meiri áhugi foreldra á leikskólastarfinu eftir að þróunarverkefnið fór af stað.

### *Aukin samskipti*

Samskipti við foreldra hafa aukist til muna eftir að þróunarverkefnið hófst, bæði við íslensku foreldrana og þá erlendu. Starfsfólk hefur í ríkara mæli leitað til foreldra eftir framlagi af ýmsu tagi, t.d. að koma með myndir og hluti að heiman í tengslum við starfið og elda mat á foreldrafundum. Erlendu foreldrarnir hafa auk þess verið beðnir um að kenna starfsfólki og börnum einstök orð og orðasambönd og að telja upp að tíu, svo eitthvað sé nefnt. Foreldrar sem erfitt var að nálgast hafa opnað sig meira við þetta og orðið virkari. Hér má geta þess að í þátttökuathugunum okkar sáum við ýmislegt sem foreldrar höfðu lagt starfinu til, t.d. uppstoppaðar gæsir í tengslum við verkefni um farfugla. Faðir sem fer mikið til útlanda færir leikskólanum stundum gjafir sem nýtast í þróunarverkefninu, t.d. borðfána, bækur og kort. Þróunarverkefnið hefur því ýtt undir meiri samskipti við foreldra almennt, en ekki síst foreldra af erlendum uppruna. Þeir hafa fengið meiri athygli og eru virkari og sýnilegri í leikskólanum.

Samskipti starfsfólks við erlendu foreldrana eru meiri og afslappaðri. En það á einnig við um íslensku foreldrana. Í þessu sambandi nefnir starfsfólk að foreldrar komi nú frekar inn á deild og staldri við þegar þeir koma í leikskólann, sérstaklega á elstu deildinni og það sé breyting. En þetta sé þó auðvitað misjafnt eftir foreldrum, sumir gefi sér meiri tíma en aðrir og sumir staldri aldrei við, séu alltaf að flýta sér.

Foreldrar hafa líka meiri samskipti sín á milli þegar þeir koma í leikskólann. Í viðtölum við íslenska foreldra kom fram mikill áhugi á samskiptum foreldra í leikskólanum og





greinilegt að þeim sem við ræddum við finnst mikilvægt að þekkja foreldra hinna barnanna á deildinni.

Leikskólakennari sagðist merkja viðhorfsbreytingu hjá íslensku foreldrunum: „Það er ekki bara að samskiptin við þau mörg hver hafa breyst, heldur líka viðhorfið“. Í því sambandi nefnir hún íslenska móður sem lýsti því hvernig viðhorf hennar til asískra kvenna hefði gjörbreyst eftir að hafa heyrt fyrirlestur víetnamskrar konu, sem kom á foreldrafund og talaði um víetnamska menningu og hvernig væri að vera víetnömsk kona á Íslandi og eiga börn í skóla.

Starfsfólkið talar um að aukin kynni af foreldrum geri þeim betur ljóst en áður hve ólíkir þeir séu, þeir séu ekki bara einhver hópur heldur ólíkir einstaklingar. Líka erlendu foreldrarnir. Um þá segir einn leikskólakennari:

Maður sér líka hvað foreldrarnir eru mismunandi. Stundum þarf maður bara að biðja um lítinn hlut og þá fær maður allt. En með suma þarf maður að vinna dálítið vel, þannig að það er bara spurning hvað fólk vill leggja á sig.

Starfsfólk nefnir líka að það hafi öðlast meira umburðarlyndi og sé ekki jafnfljótt að dæma foreldra og áður. Í tengslum við þróunarverkefnið hefur mikið verið rætt um að frumkvæði í samskiptum við foreldra þurfi að koma frá starfsfólki leikskólans. Í tilvitnuninni hér að framan kemur fram að stundum þurfi starfsfólk einmitt að leggja meira á sig til að ná tengslum við suma foreldra en aðra og kom það fram í fleiri viðtölum. Þá talar starfsfólk einnig um að foreldrar hafi greinilega misjafnan áhuga á því sem börnin þeirra séu að gera og það eigi við um alla foreldra. Starfsfólkið hefur líka mismikinn áhuga á foreldrasamstarfi og er mislagið við það.

Alltaf hljóta að vera einhverjir tungumálaörðugleikar í samskiptum við erlenda foreldra sem skilja íslensku ekki vel og starfsfólk nefnir dæmi um foreldra sem ennþá sé erfitt að nálgast. Þessir foreldrar koma ekki inn á deild, standa bara í dyrunum og kalla á barnið. Starfsfólkið er þó meðvitað um að það þarf að leggja sig enn meira fram við þessa foreldra og nýta til þess allar hugsanlegar leiðir, s.s. myndir, látbragð og túlka.

Íslensku foreldrarnir sem rætt var við voru líka ánægðir með samskiptin við leikskólann og móðir sem átti barn í skólanum fyrir mörgum árum sagðist finna gífurlegan mun:



„Það er bara tvennt ólíkt, hvernig þróunin er, bara helmingi betra, sko. Bara, já, maður getur ekki verið annað en mjög ánægður....“

### *Meiri áhugi foreldra á leikskólastarfinu*

Áhugi foreldra á þróunarverkefninu virðist mikill og nokkuð almennur. Í viðtölum sem tekin voru við erlenda foreldra kom ánægja þeirra vel fram. Fólk er ánægt með að unnið sé með fjölbreytileika og vináttu í leikskólanum og vonar að það skili sér í auknum skilningi og bættum samskiptum í samfélaginu. Þótt sumir erlendu foreldranna hafi ekki vitað mikið um það sem gert er í tengslum við verkefnið er áberandi hve vel þeir treysta leikskólanum. Aðeins eitt foreldri sem við töluðum við kvartaði undan samskiptaleysi við starfsfólk, fannst lítið talað við sig og upplýsingar af skornum skammti, bæði almennt og um þróunarverkefnið. Þetta foreldri upplifði andrúmsloftið í skólanum sem ringulreið, t.d. týndust föt og fyndust ekki þó gengið væri eftir því við starfsfólk. Þrátt fyrir þetta eina dæmi er óhætt að segja að foreldrar séu almennt mjög jákvæðir.

Íslensku foreldrarnir sem rætt var við virtust vita meira um þróunarverkefnið en erlendu foreldrarnir og nefndu ýmislegt af því sem verið er að gera í leikskólanum og lýstu ánægju sinni með það, t.d. kveðjusöngvana, stjörnu vikunnar, bréfaskriftirnar og minningabækurnar og heimasíðuna. Það kom líka fram í viðtölum við foreldrana að þeim finnst gaman að koma í leikskólann og elda mat. Þeir hafa verið duglegir að láta ánægju sína í ljós með þróunarverkefnið. Ein móðir segir um það: „Mér fannst þetta allveg rosalega jákvætt og búið að finnast mjög gaman að fylgjast með þessu verkefni. Mjög spennandi.“

Það er einkennandi fyrir flesta foreldra af erlendum uppruna sem við töluðum við að þeir vinna mjög mikið og búa margir við erfiðar aðstæður. Engu að síður sýndu þeir áhuga og vilja til að leggja sitthvað af mörkum til leikskólastarfsins, t.d. koma og lesa eða segja börnunum frá einhverju eða sýna þeim eitthvað frá sínu heimalandi. Það er t.d. greinilegt að það gleður fólk þegar það er beðið um að skrifa eitthvað á sínu máli fyrir leikskólann eða kenna starfsfólki og börnunum nokkur orð. Dæmi um framlag foreldra má nefna geisladiska með tónlist frá heimalandinu. Ein erlenda móðirin bjó til fallega bók með sögu um tunglið frá sínu heimalandi og gaf skólanum og önnur kom og málaði egg með börnunum fyrir páska. Mæting erlendu foreldranna á foreldrafundi og viðburði í leikskólanum hefur aukist og móðir sem aldrei hafði mætt kom í fyrsta sinn á foreldrafund eftir að þróunarverkefnið hófst, og hún eldaði líka mat við það tækifæri.



Áhugi erlendu foreldranna á skólagöngu barnanna sinna er ótvíráður og þeir vilja allir að börnin þeirra fái góða menntun. Þeir gera sér vel grein fyrir því að íslenskukunnátta er nauðsynleg forsenda góðs gengis í íslenskum skólum. Margir þeirra vilja að börnin geti valið hvar þau búa í framtíðinni, hvaða starf þau stunda og hvaða trúarbrögð þau aðhyllast. Flestir foreldrarnir hafa áhuga á að börnin viðhaldi móðurmáli sínu. Þannig geti þau haldið sambandi við fjölskylduna í upprunalandinu og verði jafnvel í stakk búin til þess að búa þar í framtíðinni. Nokkrir foreldrar lýstu áhyggjum yfir því að börnin þeirra vildu ekki tala móðurmálið, svöruðu alltaf á íslensku og sum vildu jafnvel ekki lengur hlusta á sögur og söngva á móðurmálinu. Þessir foreldrar sögðust þurfa stuðning til þess að viðhalda móðurmáli barna sinna.

Þrátt fyrir almenna ánægju foreldra með þróunarverkefnið sögðust tveir íslenskir foreldrar hafa heyrt gagnrýni annarra foreldra á verkefnið þegar það var að byrja. Það sneri annars vegar að því að í leikskólanum væru starfsmenn af erlendum uppruna sem ekki töluðu íslenskuna rétt og hinsvegar að því að verið væri að kenna börnunum erlend orð og setningar, slíkt gæti truflað máltöku barnanna. Móðir sem við ræddum við sagðist sjálf hafa verið dálítið neikvæð til að byrja með af sömu ástæðum, en það hefði alveg gjörbreytst.

Foreldrafélagið er virkara núna og áhugasamt um þróunarverkefnið og það hefur lagt leikskólanum til hluti sem nýtast vel, t.d. stafræna myndavél. Foreldrar eru mjög ánægðir með að geta skoðað myndir af börnunum í tölvu eða uppi á vegg þegar börnin eru sótt í leikskólann eða skoðað myndir á heimasíðu skólans. Þetta hefur auðveldað erlendu foreldrunum að sjá hvað börnin þeirra hafa verið að gera í skólanum. Allir foreldrar, líka þeir íslensku, sýndu þessum myndum mikinn áhuga og þá ekki síður börnin. Í þessu sambandi má nefna að starfsfólk segist merkja mikinn mun á því hve myndir vekji meiri athygli og áhuga foreldra en texti. Foreldrar virðast ekki áhugasamir um að lesa texta sem hangir upp á vegg með upplýsingum um hópastarf dagsins, nema það fylgi myndir með. Myndirnar kveikja samræður og greiða fyrir samskiptum.

### **Börn.**

Starfsfólk metur starfið í þróunarverkefninu þannig að það hafi haft umtalsverð jákvæð áhrif á börnin og þakkar það fyrst og fremst því að tekist hafi að virkja foreldra og ná til þeirra. Leikskólakennari segir líka að viðhorfsbreyting sín hafi gert það að verkum að



hún nálgist börnin öðruvísi. Hún leggur áherslu á að börnin séu hvert öðru ólík og segir:

Þau börn sem maður nær til, og ég held að maður nái til út af því að maður er búinn að vera að taka sjálfan sig í gegn varðandi þessi mál og nálgast þau öðruvísi, það er mjög gaman að sjá hvað er að gerast hjá þeim, þau hafa breyst alveg gífurlega.

#### *Virk og stolt börn*

Breytingarnar á börnum af erlendum uppruna koma helst fram í því að þau eru opnari, áhugasamari og gera meiri kröfur en áður. Þá má einnig merkja aukinn áhuga þeirra á móðurmáli sínu, eftir að farið var að gera móðurmál barna af erlendum uppruna sýnilegri í leikskólanum. Börnin eru fúsari að segja starfsfólki og hinum börnunum hvað hitt og þetta heitir á þeirra máli og í viðtölunum við foreldra þeirra kom fram að sum barnanna eru áhugasamari og spyrja meira um heimaland foreldra sinna.

Að sögn leikskólakennara hafa miklar breytingar orðið á tveimur stúlkum sem eiga foreldra af Asískum uppruna, en samskipti við mæður þeirra beggja hafa aukist mikið.

Það eru náttúrulega tvær stelpur hérna frá [...] sem hefur orðið mjög mikil breyting á. Það eru stelpur sem höfðu sig lítið í frammi, töluðu lítið og, hérna, báðar tvær voru ekki, hvorki sterkar félagslega, ja, eða önnur var nú kannski ágætlega sterk félagslega, hin var kannski soldið ung. Þannig að það er kannski ekkert alveg hægt að fullyrða þetta, að þessi vinna hafi skipt sköpum.

Um aðra stúlkuna segir áðurnefndur leikskólakennari að hún hafi sprungið út eftir að þróunarverkefnið hófst. Annar leikskólakennari tekur í sama streng og segir hana opnari og það sé greinilegt að aukin samskipti við móður hennar hafi skilað sér til hennar. Hún hafi verið mjög glöð og stolt af mömmu sinni þegar hún kom og eldaði á foreldrafundinum í leikskólanum og vilji gjarnan tala um það og segi: „Manstu þegar mamma mín kom í leikskólann að elda?“ Sérstaklega hefur verið unnið með orðaforða telpunnar og segir sú sem það gerði að það sé mjög auðvelt að kveikja áhuga hjá henni og hún sé farin að spyrja og leita sjálf og tengja við fyrri vitneskju, sem hún gerði ekki áður.

Gífurleg breyting hefur líka orðið á hinn stúlkunni að sögn leikskólakennarans. Hún segir að áður hafi hún grátið mikið og lengi þegar komið var með hana í leikskólann og hún hafi lítið talað. Það verður að teljast skiljanlegt hjá litlu barni sem elst upp á heimili



Þar sem eingöngu móðurmál þess er talað, og er lítið farin að skilja og tala íslensku. Nú er hinsvegar annað uppi á teningnum:

En núna er hún bara allt önnur. Og lætur mann svo sannarlega vita ef hún er ekki ánægð með hlutina. Og vill fá að velja fyrst og gera allt fyrst. Hún bara veit það að hún á eitthvað skilið. Hún er farin að gera kröfur og manni finnst það mjög flott.

Leikskólakennarinn nefnir líka aukinn málþroska stúlkunnar, því fylgi meira öryggi, og að hún hafi flust af yngstu deildinni yfir á miðdeildina og því fylgi líka alltaf ákveðið skref í þroska. Þá hefur starfsfólk verið að reyna að nálgast hana meira og á annan hátt en áður og það breyti auðvitað miklu líka. Í viðtölum við aðra starfsmenn undir lok þróunarverkefnisins staðfesta þeir stöðuga framför þessarar stúlku og eru sannfærðir um að hún eigi eftir að spjara sig vel í grunnskóla. Þeir hafa helst áhyggjur af óskýrum framburði hennar á íslensku.

Öll börn verða stolt af foreldrum sínum þegar þau verða vör við það, að þeir hafa eitthvað fram að færa og eru virtir fyrir það. Slíkt er sérlega mikilvægt fyrir alla minnihlutahópa eins og börn af erlendum uppruna. Þessa verður vart í leikskólanum og kom fram hjá stúlkunni sem minnst var á hér að framan eftir að móðir hennar eldaði matinn fyrir foreldrafund. Sama gildir um annað barn sem benti á fána landsins sem móðir þess er frá og sagði: „Mamma mín er frá [...], hún kom með þennan fána í leikskólann.“

### *Meiri vinátta*

Vinnan sem átt hefur sér stað í leikskólanum með vináttuna þjónar þróunarverkefninu mjög vel. Starfsfólkið heldur því fram að virðing og vinátta hafi aukist almennt meðal barnanna. Það birtist í því að börnin bíða róleg eftir að röðin komi að þeim, þau þegja frekar og hlusta betur þegar aðrir tala og láta sér fyrr segjast þegar starfsfólkið er að segja þeim til í sambandi við samskipti. Starfsfólk segir að börnin passi meira hvert upp á annað og láti vita ef einhver meiði sig, en það hafi þau ekki alltaf gert.

Ef það kemur eitthvað fyrir og þau fara að gráta eða eitthvað, þá er alltaf einhver sem fer að hugga, og þú verður að segja fyrirgefðu. Þau eru svona alveg að minna hvert annað á.

Ennfremur minna þau hvert annað á að vera vinir: „Þú ert vinur minn, ég er vinur þinn, við erum vinir.“ Eða eins og eitt barnið sagði: „Þú gerir ekki svona við vin þinn.“



### *Aukinn áhugi á umheiminum*

Vart verður við meiri áhuga meðal barnanna á umheiminum, enda hefur mikið verið unnið með útlönd, sbr. póstkort frá foreldrum og starfsfólki sem fer til útlanda og bréfa-verkefnið sem áður er lýst. Talsvert er unnið með heimskortin sem hanga uppi á hverri deild og börnin eru mjög áhugasöm um þau. Þau hafa gaman af því að benda á lönd sem þau þekkja og finna önnur sem þau hafa áhuga á og benda á fánana. Þá þekkja flest börnin á eldri deildunum þau lönd sem börnin á deildinni rekja uppruna sinn til. Útlönd birtast á ýmsan hátt í leik þeirra, t.d. fóru tvö börn í útilegu, fyrst til Búlgaríu og svo til Kína og vildu óð og uppvæg sýna hvar þessi lönd væru á heimskortinu. Þau fljúga til Skotlands og senda líka bréf til útlanda.

Í viðtölum við foreldra kom fram að þessi áhugi á umheiminum birtist líka heima, t.d. í áhuga á þjóðfánum og frímerkjum í tengslum við bréfaskriftir til útlanda og spurningum um ýmislegt er varðar hin og þessi lönd. Einnig spyrja þau mikið ef einhver í fjöl-skyldunni er að fara til útlanda, þá vilja þau finna viðkomandi land á heimskortinu og velta jafnvel fyrir sér tímamun. Dæmi er um barn sem kom með útprentað kort af Af-riku í leikskólann og var búið að skrifa landaheitin á kortið. Þetta gerðist eftir að Kamerún hafði verið til umfjöllunar í leikskólanum í tengslum við vetrarhátíð Reykja-víkurborgar sem leikskólinn tók þátt í. Foreldrar nefndu líka að börnin sýni öðrum tungumálum áhuga þegar verið sé að vinna með þau í leikskólanum, t.d. reyni þau að kenna foreldrum sínum að telja og segja góðan dag.

### *Vangaveltur um fjölbreytileika*

Mikið er til af leikföngum í leikskólanum sem sýna fjölbreytilegt útlit fólks. Dúkkur eru með mismunandi útlit og litarhátt. Börnin eru hinsvegar ekki upptekin af litarhættinum og leika sér jafnt með hvítar og dökkar dúkkur, þau virðast meira upptekin af kyni þeirra en litarhætti. Dúkkur með mismunandi húðlit geta alveg verið systkini og jafnvel tvíburar í leik barnanna. Fjölbreytilegt útlit fólks birtist líka í myndum barnanna því mismunandi húðlitur kemur fyrir í andlitsmyndum þeirra.

Erfiðara er að túlka dæmið um Rauðhettu. Tvö börn voru að leika söguna um Rauðhettu, ljóshærður drengur og stúlka, dökk á hörund. „Ég vil vera Rauðhetta,“ sagði stúlkan, en þá sagði strákurinn: „Þú getur ekki verið Rauðhetta, þú ert brún, þú verður að vera úlfurinn!“ Og þannig varð það, stúlkan var úlfurinn en strákurinn Rauðhetta. Að



sögn starfsmannsins sem varð vitni að þessu tók stúlkan þessu án þess að mótmæla og leikurinn gekk snurðulaust og bæði virtust njóta sín vel, hvort í sínu hlutverki.

Og hvernig á svo að túlka þetta dæmi? Getur Rauðhetta verið brún? Hvað var strákurinn að hugsa? Fannst honum það alls ekki passa að Rauðhetta væri brún, eða fannst honum bara svona upplagt að telpan væri úlfurinn af því að hún væri nú einu sinni brún? En honum fannst greinilega ekkert athugavert við það að hann, strákurinn, væri Rauðhetta og telpunni reyndar ekki heldur.

Íslensk móðir sagði frá því að hún var með dóttur sína í búð þar sem var barn, dökkt á hörund. Þá sagði dóttir hennar: „Sjáðu mamma, hún er brún og það er allt í lagi, við erum öll eins, og ég er eins og ég er.“ Móðir af asískum uppruna, sem á barn með íslenskum manni og er ljósara á hörund en móðirin, segir að barnið tali stundum um þennan mun, en finnst hann greinilega í lagi. Hún strýkur móður sinni stundum og segir: „Þú ert rosalega falleg á litinn.“

Starfsfólk nefnir tvö dæmi um neikvæðar athugasemdir íslenskra barna í leikskólanum í garð barna af erlendum uppruna. Annars vegar var um að ræða stríðni vegna húðlitar eins barnsins af afrískum uppruna og hinsvegar gerði eitt barnið grín að öðru barni og móður þess af asískum uppruna þegar þau töluðu saman sitt mál. Í bæði skiptin brugðust önnur börn við og gerðu athugasemd við þessa hegðun.

### 3.2 Umræða

Að síðustu verður hér rætt um markmið rannsóknarinnar og leitast við að meta hvort þau hafi náðst.

#### **Að fylgjast með framkvæmd og árangri þróunarverkefnisins.**

Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari hefur vel verið fylgst með framkvæmd þróunarverkefnisins *Fjölmennigarleikskóli*, en erfiðara er að segja til um hver árangurinn er í raun og veru. Starfsfólkið hefur verið áhugasamt um ýmsar starfsaðferðir, viðhorfin í leikskólanum hafa breyst til aukins umburðarlyndis og áhugi á mál-efnum nýrra íbúa, barna sem fullorðinna, hefur vaxið. Vegna aukins foreldrasamstarfs hafa börnin orðið glaðari og stoltari. Í heildina teljum við að þróunarverkefnið hafi haft



góð áhrif á leikskólann, gert starfsfólkið áhugasamara og samheldnara, aukið samstarf við foreldra og þannig lyft leikskólastarfinu.

### **Að leggja mat á hvort markmið þróunarverkefnisins náðust.**

Markmið verkefnisins voru eftirfarandi:

- Að gera móðurmál og menningu tvítyngdra barna að virtum þætti í leikskólastarfinu.
- Að öll börn í leikskólanum læri að fólk er mismunandi, en samt jafnmikils virði.
- Að leikskólastarfið endurspegli fjölmennigarlegt samfélag.
- Að starfsfólkið auki þekkingu sína og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra.

Að einhverju leyti hefur fyrsta markmið þróunarverkefnisins náðst. Móðurmál barnanna í leikskólanum er sýnilegt strax þegar komið er inn í skólann. Allir í leikskólanum, starfsfólk og börn, vita hvaðan tvítyngdu börnin og starfsfólkið er og hvert er móðurmál viðkomandi. Mörg barnanna eru nú fús til að kenna starfsfólki og hvert öðru stök orð og setningar á móðurmálinu. Kveðjusöngvarnir vekja áhuga og ánægju. Íslensk barnabók, *Alli Nalli og tunglið*, eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur hefur verið þýdd á fjögur tungumál, víetnömsku, portúgölsku, serbnesku og ensku. Einnig hefur þjóðsagan um Gípu verið þýdd á þrjú tungumál, arabísku, portúgölsku og víetnömsku og notaðar teikningar barnanna til að myndskreyta hana. Gípa er væntanleg á serbnesku og ensku.

Fjölmennigarverkefni, svo sem stjarna vikunnar og minningabókin hafa kynnt heimamenningu barnanna og flutt hana inn í leikskólann. Foreldrarnir hafa með heimsóknum sínum og þátttöku í leikskólastarfinu auðgað menningu skólans. Starfsfólkið er áhugasamt um að finna nýjar leiðir í þessum efnunum og það vekur vonir um að þessum þætti verði haldið áfram.

Annað markmið þróunarverkefnisins miðar að því að hafa áhrif á börnin og kenna þeim að fólk sé jafnmikils virði þótt það sé ólíkt í útliti og háttalagi. Þegar áhrif þróunarverkefna í leikskólum eru metin er alltaf erfiðast að meta áhrifin á börnin, sérstaklega þegar reynt er að meta þau til lengri tíma. Þetta er þekkt umræða í leikskólastarfi þar sem starfið gengur oftast en ekki út á að undirbúa jarðveginn og sá í hann, svo notað sé sígilt líkingamál. En uppskeran lítur oft á tíðum ekki dagsins ljós fyrr en börnin eru komin úr umsjá leikskólans. Það er líka erfiðt að meta hvað nákvæmlega ber árangur. Börnin í





Lækjaborg virðast samþykkja fjölbreytnina í aðalatriðum. Er það vegna umræðunnar um það að við séum bæði lík og ólík? Má rekja aukna virkni og áhuga tvítyngdu barnanna til verkefnanna sem unnin hafa verið eða er það fyrst og fremst sú jákvæða athygli sem einstök börn fá sem eflir þau?

Eins og fram kemur í umfjöllun um fyrsta og annað markmið má telja að þriðja markmiðið um að leikskólinn endurspegli fjölmennigarlegt samfélag hafi að talsverðu leyti náðst.

Síðasta markmiðið fjallar um starfsfólkið og hæfni þess til að sinna fjölbreyttum barna- og foreldrahópi. Við teljum að hér hafi mikill árangur náðst. Starfsfólkið hefur verið áhugasamt og allir hafa aukið hæfni sína umtalsvert þótt hér sé auðvitað munur á starfsmönnum. Starfsfólkið hefur öðlast meira öryggi í samskiptum við alla foreldra og er áráðnara að taka upp viðkvæm mál. Starfsfólki finnst auðveldara að koma boðum til erlendu foreldranna og nýtir myndir til þess að auðvelda þeim skilning. Það leggur sig meira fram við óframfærna foreldra, sýnir þeim ýmislegt úr daglegu starfi sem viðkemur barninu þeirra og biður þau gjarnan um eitthvað til að brjóta ísinn. Þetta gefst yfirleitt vel og dæmi eru um foreldra sem aldrei komu inn á deild, en koma nú oft inn til að skoða. Við teljum samt að starfsfólkið geti lagt sig enn meira fram við að kynna erlendu foreldrunum starfsemi og fjölmennigarstefnu skólans, bæði í upphafi þegar börnin byrja í leikskólanum og jafnt og þétt áfram. Það er líklegt að börnin þeirra segi þeim minna frá leikskólastarfinu en alíslensku börnin gera vegna þess að þau skortir orðaforða á móðurmáli sínu til að tjá sig um það sem fram fer í skólanum. Einnig væri gaman að erlendir foreldrar segðu frá reynslu sinni á foreldrafundum því að það er brýnt að íslenskir og erlendir foreldrar kynnist og starfi saman í foreldrafélagi leikskólans. Við álitum að sterkt og gott samstarf við foreldra sé ein besta leiðin til að bæta leikskólastarfið.

### **Að meta áhrif fjölmennigarlegra starfsaðferða á starfsfólk, foreldra og börn.**

Þessum þætti voru gerð ítarleg skil hér að framan, en í stuttu máli má segja að okkur sýnist vel hafa tekist til í öllum aðalatriðum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að talsverðar breytingar hafa orðið á starfinu í Lækjaborg eftir að þróunarverkefnið hófst. Breytt viðhorf og aðferðir starfsfólks, bæði í samskiptum við foreldrana og börnin, eiga stærstan þátt í því. Áhugi starfsfólks hefur aukist og öll nálgun við viðfangsefni hefur breyst. Allt fléttast þetta saman og vinnur hvað með öðru og skilar sér í bættu leikskólastarfi sem kemur öllum börnunum til góða.



En áhrif þróunarverkefna eru oft hverful og mikil starfsmannaskipti standa þeim almennt fyrir þrifum. Erfitt getur verið að þurfa sífellt að setja nýtt fólk inn í hugsunarhátt og starfsaðferðir sem starfsfólkið hefur verið lengi að þróa. Það getur líka verið erfitt að halda uppi stöðugum dampi í þróunarverkefnum sem taka nokkur ár. Oft standa og falla þróunarverkefni með nokkrum áhugasömum starfsmönnum sem í raun bera það uppi. Þetta allt á við um þróunarverkefnið í Lækjaborg. Það reynir mikið á starfsfólk að halda fjölmennningarlegri hugsun gangandi án þess að það sé endilega verið að vinna að einhverjum sérstökum verkefnum sem geta kallast fjölmennningarleg. Takmarkið er að fjölmennningarleg viðhorf, hugsun og sjónarhorn gegnsýri allt sem gert er í leikskólanum.

Við vonumst auðvitað til að það sem gert er í leikskólanum Lækjaborg geri öll börnin meðvitaðri um þann fjölbreytileika sem við búum við í íslensku samfélagi og að þau verði tilbúnari til að samþykkja hann, kunnir að meta kosti hans og verði umburðarlyndari. Við vonumst líka til að starfið í leikskólanum efli börnin af erlendum uppruna, geri þau stolt af uppruna sínum og auðveldi þeim að lifa í íslensku samfélagi og í þessum tveimur menningarheimum sem þau búa við í raun.





## Viðauki A. Íslenska sem annað mál

### A.1 Íslenska sem annað mál

Talið er að meira en 70% mannkyns tali fleiri en eitt tungumál, en máltaka fer fram á ólíkan hátt. Almennt er talað um að ef barn kynnist nýju tungumáli eftir þriggja ára aldur sé um að ræða *Sequential Aquisition (viðbótar mál)* (Goodz, 1994:61). Þá er grunnur móðurmálsins orðinn nokkuð traustur og barnið hefur þegar gert sér hugmyndir um það hvað tungumál er og til hvers það er notað (Tabors, 1997:12). *Simultaneous Aquisition (samhliða máltaka)* kallast það þegar barn lærir tvö eða fleiri tungumál jafnhliða, t.d. þegar tvö tungumál eru töluð á heimilinu.

Sumir hafa haft áhyggjur af því að það geti valdið barninu ruglingi að heyra og læra tvö tungumál samtímis og finnst mikilvægt að barnið fái að ljúka máltöku fyrsta máls án þess að blanda öðru tungumáli þar inn í. Rannsóknir hafa hinsvegar sýnt fram á hið gagnstæða, þetta getur haft vitsmunalega og félagslega kosti í för með sér fyrir barnið. Mjög snemma sýnir barnið að það getur aðgreint tungumálin tvö og hefur áttað sig á því í hvaða aðstæðum hvort tungumálið skuli notað (Tabors, 1997:11). Það hefur einnig komið í ljós að tvítyngd börn eru mjög meðvituð um ólík hljóðkerfi, greina mjög ung á milli þeirra og vita hvað tilheyrir hvoru tungumáli. Tvítyngd börn hafa því oft betri hljóðkerfisvitund en eintyngd (Landon, 2003). Það hefur einnig komið í ljós að tvítyngd börn hafa oft betri getu til að flokka fyrirbæri í huga sér en börn sem einungis tala eitt tungumál, auk þess sem þau eru oft víðsýnni og opnari fyrir nýjungum (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000:30). Á þetta bæði við um börn sem læra tvö tungumál samtímis og þau sem ljúka fyrst máltöku á móðurmálinu og bæta svo öðru máli við.

Mikilvægt er að hafa það í huga að þegar barn bætir við sig tungumáli til viðbótar við móðurmál sitt er það að byggja ofan á þá þekkingu á heiminum sem það hefur tileinkað sér í gegnum móðurmál sitt og menningu. Rannsóknir fræðimanna hafa sýnt fram á að góð kunnátta í móðurmáli er nauðsynleg til að geta náð góðum tókum á seinna máli. Það skiptir líka máli fyrir börn sem alast upp í samfélagi þar sem meirihlutamálið er annað en það sem talað er á heimilinu að viðhalda móðurmálinu og styrkja það til þess að þau geti átt í betri samskiptum við fjölskyldu og ættingja sem tala móðurmálið. Ekki má heldur gleyma því hversu tungumálið er samofið sjálfsmynd einstaklingsins, en góð móðurmálkunnátta á stóran þátt í að efla og styrkja sjálfsmynd barna í uppvextinum og



hjálpur þeim að takast á við nýjar aðstæður, t.d. þegar verið er að læra nýtt mál og kynnast nýrri menningu (Birna Arnbjörnsdóttir, 1998:15; Cummins, 1996:97-123; Ingi-björg Hafstað, 1994:14-18).

## A.2 Hvernig fer máltaka annars máls fram?

Nokkrir fræðimenn hafa lýst stigum máltöku annars máls, þegar barn kemur í nýtt mál-umhverfi, t.d. í leikskóla þar sem ríkjandi talmál er annað en móðurmálið, á eftirfarandi hátt:

1. Barnið reynir að nota heimamálið til þess að koma af stað samskiptum.
2. Barnið notar óyrt samskipti, en notar bendingar og tákni til þess að gera sig skiljanlegt auk þess sem það leitar eftir samskiptum.
3. Barnið gengur í gegnum „þöglugt tímabil“. Í því getur falist að barnið leiti ekki eftir samskiptum og svari ekki, hvorki með yrtum eða óyrtum samskiptum. Sum börn tala við sjálf sig á meðan á þessu tímabili stendur. Talið er að á þögla tímabilinu sé barnið að hlusta á málið í kringum sig og prófa sjálf í huganum.
4. Barnið byrjar að leita eftir samskiptum, herma eftir, tala í símskeytastíl og gera tilraunir með mál. Barnið getur hermt eftir heilu setningunum, oft til þess að prófa eitthvað sem annar sagði, leika sér að orðum, en líka til að æfa sig í að búa til fullmótaðar setningar.
5. Barnið fer að nota frasa eða föst orðasambönd t.d. Viltu rétta mér?, Til hamingju með afmælið, Má ég sjá? , Hvað er þetta?.
6. Barnið kemst á það stig að nota flóknara mál með viðeigandi setninga-uppbyggingu (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000:47-56; Tabors og Snow, 1994;106-113; Tabors 1997:39-57).

Þrátt fyrir að það sé mjög misjafnt hvernig börn ganga í gegnum þessi stig máltöku, þá virðist vera að þróunin sé alltaf í þeirri röð sem lýst er hér að ofan. Sum börn sleppa t.d. þögla tímabilinu, önnur dvelja lengi á þögla tímabilinu og enn önnur dvelja mjög stutt á hverju stigi og eru fljót að tileinka sér nýtt tungumál. Tabors byggir á niðurstöðum rannsókna sinna og annarra þegar hún lýsir því að það séu að minnsta kosti fjórir innri þættir sem hafa áhrif á ferli máltöku annars máls hjá börnum:

- Áhugahvöt. Hafa börnin áhuga og vilja á því að læra nýtt tungumál eða ekki?
- Hvaða aðgang hafa börn að tungumálinu, eða hvernig horfir það við þeim? Eru börnin nýkomin til landsins, þekkja þau einhverja sem tala nýja málið eða velja þau að leika við og eiga í samskiptum við þá sem tala nýja málið?
- Aldur skiptir einnig miklu máli. Hvar er barnið stadd í máltöku móðurmáls? Mjög ung börn eiga það til að vera lengur á því stigi að nota heimamálið og einnig á þögla stiginu, auk þess sem það getur seinkað málþroska þeirra almennt. Börn sem eru orðin eldri þurfa að fá vitsmunalega ögrun sem helst í hendur við það mál sem þau eru að læra.



- Persónuleiki barna. Opin og félagslynd börn eru oft fljótari að tileinka sér annað mál heldur en lokuð og feimin börn. Tabors bendir því til sönnunar á rannsóknir Seville-Troike og Wong Fillmore þar sem fram kom að þau börn sem voru lokuð og inn á við voru seinni að tileinka sér nýtt mál, auk þess sem þau gengu frekar í gegnum þögla stigið heldur en börnin sem voru opin og félagslynd (Tabors, 1997:75-87).

Tabors bendir á að þegar börn ganga í gegnum þögla tímabilið reyni þau oft að vekja á sér athygli með óyrðu atferli, s.s. eins og að fíflast í öðrum börnum, vera með kjánalæti, óþekkt eða hávaða, með því að mótmæla því sem á að gera og óhlýðnast fyrirmælum (1997:42-49).

Ingibjörg Hafstað lýsir því ferli sem þarf að eiga sér stað til þess að nemandi geti tileinkað sér nýtt tungumál á eftirfarandi hátt (1994:20-21).

- sjá - heyra
- sjá - heyra – hlusta - endurtaka
- sjá - heyra - hlusta – endurtaka - skilja
- sjá - heyra - hlusta – endurtaka – skilja – tala saman

Næsta stig er síðan að öðlast færni til að lesa og tjá sig í ritmáli. Ingibjörg segir ennfremur: „Umhverfið þarf að vera frjótt og verkefnið eiga að reyna á sjónskyn, heyrn og athygli auk þess sem þau þurfa að efla málvitund nemandans. [...] Málörvunin þarf að gerast við hvetjandi aðstæður, í andrúmslofti og umhverfi sem knýr barnið til dáða, þar sem það finnur löngun og þörf fyrir að vera virkur þátttakandi“ (Ingibjörg Hafstað 1994:21). Eitt af því sem gerir þetta mögulegt er að börnunum finnist þau vera mikilvæg í augum leikskólakennarans og að þeim finnist þau verðskulda það að umhverfið sé þeim hliðhollt (Siraj-Blatchford og Clarke 2000:26).

### **A.3 Mikilvægir þættir í leikskólaumhverfinu**

Iram Siraj-Blatchford fjallar um það í bók sinni, *The early years*, að málumhverfi barna sem eru að læra ensku sem annað mál þurfi að vera fjölbreytt og þannig skipulagt að börnin læri tungumálið og fái við það stuðning og hvatningu (1994:49). Kolbrún Vigfúsdóttir segir að umhverfi barnanna í leikskólanum þurfi að „bjóða upp á ílag (allt það tungumál sem finnst í umhverfinu, bæði talað og skrifað) sem er örvandi fyrir mál-töku tungumálsins. Til þess að ílag geti talist örvandi þarf það að henta þroska og getu einstaklingsins“ (2002:25). Kolbrún gerir grein fyrir því að kennarinn þurfi að nota mál



sem sé ofar getu nemandans og að nota þurfi yrtar vísbendingar og ýmsar viðbótarupp-  
lýsingar til að nemandinn skilji merkingu málsins því að ef skilningur er ekki fyrir  
hendi þá sé ílagið eingöngu hávaði. Þau atriði sem talin eru skipta máli og þurfa að vera  
til staðar í ílaginu eru:

- **Tíðni.** Magn er ekki sama og gæði og þó að það sé talið flýta fyrir  
málþroska að nemandinn heyri sömu orð og setningar í umhverfinu  
mjög oft, þá þurfa fleiri þættir að vera til staðar.
- **Leiðréttingar.** Skiptar skoðanir eru á áhrifum þess að leiðrétta mál  
barna sem eru að læra annað mál, en þó er talið betra að leiðrétta  
óbeint með því að endurtaka setningar.
- **Spurningar** spila stórt hlutverk í samskiptum fullorðinna við börn.  
Kennarar ættu að nota spurningatækni sem býður upp á opnar  
spurningar því að sú tækni gefur oftær tækifæri til athugasemda og  
samræðna.
- **Yrt samskipti** þar sem notaðar eru endurtekningar, breytt orðalag  
eða aukning, samræða um merkingu og leitað er frekari upp  
lýsinga. Yrt samskipti eru mikilvægasti þátturinn í því að skapa ör  
vandi ílag fyrir barn sem er að læra annað tungumál (Kolbrún  
Vigfúsdóttir 2002 24-38; Kolbrún Vigfúsdóttir, fyrirlestur KHÍ  
15.02.2002).

Til viðbótar vitnar Kolbrún í rannsóknir sem sýna að frálag (output/ tjáningin eða það  
sem börnin segja) sé nauðsynlegt til að ná tökum á tungumálinu því að börn sem eru að  
tileinka sér nýtt mál þurfa tækifæri og hvatningu til að tjá sig á skiljanlegu máli. Kol-  
brún telur að það fari mjög mikið eftir kennurunum hvort og hvernig málumhverfið  
kemur til móts við þarfir þeirra barna sem eru að tileinka sér nýtt tungumál.

Fræðimenn hafa ennfremur lagt áherslu á mikilvægi þess að taka tillit til tilfinninga-  
legra þarfa barna þegar þau koma í nýtt umhverfi. Það er ekki fyrr en barnið hefur náð  
ákveðnu öryggi og festu að kjöraðstæður til náms myndast og það getur byrjað að  
tileinka sér nýja þekkingu og færni. Í því sambandi hefur verið bent á þarfapýramíða  
Maslow's, en Maslow telur að til þess að einstaklingur geti þrífist þurfi hann að hafa  
öðlast öryggi, áhyggjuleysi og þá tilfinningu að hann tilheyri hópnum (Peregoy og  
Boyle, 2001:15-18; Tabors, 1997:113).

Tabors og Snow vitna í rannsóknir og tilraunir leikskólakennara með aðferðir í kennslu  
ensku sem annars máls og segja að til þess að ná árangri þurfi kennarar að skapa þær  
aðstæður í leikskólaumhverfinu að dagskipulag sé stöðugt og áreiðanlegt og börnin geti  
alltaf gengið að því vísu hvað sé næst á dagskrá, að málumhverfi sé ríkulegt og



kennarar noti tungumál sem ýti undir skilning og samræður. Einnig telja þær brýnt að börnin sem tali ensku séu virkjuð á jákvæðan hátt til þess að aðstoða og leika við börnin sem eru að læra ensku (1994:123). Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar börn fá kennslu á móðurmáli um leið og þau eru að tileinka sér nýtt tungumál gangi þeim betur að aðlagast nýjum aðstæðum og vitsmunaprofski helst betur í hendur við málþroska. Þegar móðurmálskennarar eru til staðar er einnig auðveldara að koma til móts við tilfinningalegar þarfir barnanna og samskipti við foreldra ganga betur (Siraj-Blatchford og Clarke 2000:26; Collier 1989:518-519; Ingibjörg Hafstað, fyrirlestur KHÍ 30.08.2002). Við þetta má bæta mikilvægi þess að börnin sé virðing fyrir menningu og tungu allra barnanna í hópnum.

#### **A.4 Börnin í hópnum virkjuð sem aðstoðarkennarar**

Ein aðaláskorunin fyrir leikskólakennara er að hjálpa börnum að byggja upp félagsþroska sinn og eiga í samskiptum við aðra, en viðurkennt er að ung börn þurfa aðstoð til að þroska með sér hæfileikann til að eiga í samskiptum. Í félagslegum samskiptum felst listin að hefja og viðhalda samræðum, eignast vini og halda þeim, leyfa öðrum að vera með og leysa úr ágreiningsmálum. Strax á leikskólaaldrinum er tungumálið helsta samskiptatækið (Siraj-Blatchford og Clarke 2000:25). Það er hlutverk kennara að brúa bilið á milli barna sem ekki hafa tungumálið til samskipta og hinna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að fullorðnir séu þeir aðilar sem helst styðja við börn sem eru að læra annað mál og að börn sem tali meirihlutamálið velja sér yfirleitt leikfélaga sem tala sama mál, en ekki þá sem eru að læra málið (Tabors og Snow 1994:119). Þessar niðurstöður lögðu grunninn að rannsókn og tilraun Hirschler frá 1991 (Tabors og Snow 1994:119-120; Tabors 1997:110-113; Kolbrún Vigfúsdóttir 2002:51-52) þar sem fimm enskumælandi börn á aldrinum 3-5 ára voru þjálfuð á mismunandi hátt til þess að nálgast og styðja við börnin í hópnum sem ekki voru enskumælandi. Þjálfunarþættirnir voru eftirfarandi:

- Börnunum var kennt að búa til augnsamband, og biðja börnin sem voru að læra málið að leika sér við þau eða að ákveðnum hlut.
- Börnunum var kennt að tala hægt og leggja áherslu á orð sín.
- Börnunum var kennt að endurtaka tilraunir til að ná sambandi ef þeim var ekki svarað.
- Börnunum var kennt að endurtaka það sem þau sögðu með ör-lítið breyttu orðalagi ef barnið sem var að læra ensku hafði á einhvern hátt gefið í skyn að það skildi ekki það sem fram fór.

Hirschler ályktaði sem svo að með þessari aðferð væri hægt að koma í veg fyrir að börn sem væru að læra ensku sem annað mál þyrftu að bíða lengi eftir því að eignast leikfé-



laga eða þar til þau væru farin að geta gert sig vel skiljanleg á ensku. Þrátt fyrir að börn geti auðveldlega lagað mál sitt að þeim sem minna skilur geta þau átt í erfiðleikum með að setja sig í spor þeirra sem ekki tala sama mál og þau. Þessi aðferð að gera börnin að aðstoðarkennurum getur því verið mjög áhrifarík, auk þess sem jákvæð umræða um það að börn tali ólík tungumál og að þau sem kunni málið geti hjálpað til geri ferlið miklu auðveldara fyrir alla í hópnum.

## **A.5 Bakgrunnur barna og viðhorf foreldra**

Menning og bakgrunnur barna hefur mikil áhrif á það hvernig þeim gengur að tileinka sér skólafærni og tungumál. Því ólíkari sem menning og móðurmál tvítyngda barnsins er máli og menningu meirihlutans því erfiðara getur það orðið fyrir barnið að tileinka sér nýja þekkingu og færni. Það þarf ekki eingöngu að læra nýtt tungumál heldur líka aðrar málvenjur og nýja kennslu- og uppeldishætti. Leikskólakennarar þurfa að vera þolinmóðir, umhyggjusamir, umburðarlyndir, og sveigjanlegir ásamt því að ræða málin við foreldra og aðra kennara til þess að hjálpa börnum að takast á við þá streitu sem fylgir því að koma í umhverfi sem er svo ólíkt því sem þau þekkja (Siraj-Blatchford og Clarke, 2000:26). Það er til dæmis mjög menningartengt hvernig foreldrar líta á hlutverk sitt sem uppalenda og einnig hvernig þeir líta á leikskólann og hlutverk hans sem uppeldis- og eða menntastofnun. Bent hefur verið á að það sé eingöngu í vestrænum samfélögum sem foreldrar líti á sig sem kennara barna sinna og noti tungumálið til þess að kenna börnunum með líkum hætti og gert er í vestrænu skólaumhverfi.

Shirley Brice Heath hefur bent á þætti sem flestir kennarar telja að börn þurfi að hafa á valdi sínu áður en þau hefja skólagöngu. Meðal þess eru atriði eins og að börnin geti notað tungumálið til að gefa hlutum nafn, að þau geti sagt frá liðnum atburðum og að þau séu fær um að fylgja fyrirmælum án þess að þurfa áminningu (1989:148). Einnig telja kennarar mikilvægt að börnin geti haldið uppi samræðum, þau geti notað tungumálið til að átta sig á upplýsingum og tengt eigin reynslu við það sem er að gerast í skólanum. Leikskólakennarar þurfa að þekkja nemendur sína og bakgrunn þeirra vel til þess að gera sér grein fyrir því hvaða kröfur er hægt að gera til þeirra. Með það að leiðarljósi þarf að finna hentugar aðferðir til þess að kenna hverju einstöku barni íslensku sem annað mál þannig að barnið verði fullgildur meðlimur í barnahópnum.

## **Viðauki B. Fjölmennigarleg kennsla í leikskólum**

### **B.1 Hvað er fjölmennigarleg kennsla?**





Í bókinni *Roots and wings* leitast höfundurinn, Stacey York, við að svara þeirri spurningu hvað sé fjölmennningarleg kennsla og bendir á að ef fimm aðilar væru spurðir þeirrar spurningar yrðu svörin að öllum líkindum jafnmörg. Til eru margar kennsluaðferðir sem kalla má fjölmennningarlegar og hafa flestar verið í þróun frá árinu 1960. Ekki er hægt að fullyrða að ein aðferð sé betri en önnur þó ekki séu allar aðferðir jafngildar á öllum skólastigum. Í bókinni, sem er bandarísk, eru m.a. taldar upp aðferðir eins og fræðsla án fordóma eða mismununar, „human-approach“ (einstaklingsstefna) þar sem unnið er út frá því að hver og einn sé sérstakur og nauðsynlegur í hópnum og tvítyngiskennsla þar sem börn fá kennslu samhliða á móðurmálinu og nýja málinu (York 1991:21-51).

Þegar litið er til Evrópu eru skilgreiningar á fjölmennningarlegri kennslu svolítið ólíkar þeim bandarísku. Guðrún Pétursdóttir hefur skrifað tvær bækur á síðustu árum um fjölmennningarlegar kennsluaðferðir og byggir á aðferðum sem lúta að samvinnu, samkennd og fordómafræðslu. Guðrún leggur áherslu á kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnunámi og hafa gefið mjög góða raun þegar virkja á alla nemendur í fjölbreyttum barnahópi. Börnin í hópnum fá öll ákveðið hlutverk til þess að vinna eftir og er aðferðin notuð í mörgum kennslugreinum, en ekki eingöngu þegar verið er að vinna með uppruna barnanna eða menningu. Guðrún bendir á mikilvægi þess að í námi sínu læri nemendur að takast á við fjölbreytileikann almennt og sjái kosti hans (Guðrún Pétursdóttir 1999 og 2003).

Hér verður notuð skilgreining Stacey York á fjölmennningarlegri kennslu (Multicultural Education), enda fellur hún best að markmiðum þróunarverkefnisins: „Fjölmennningarleg kennsla er kennsla án fordóma þar sem gagnkvæm virðing ríkir milli allra. Börnin læra um heimamenningu hvers annars, lögð er áhersla á samvinnu og samkennd meðal barnanna, leikefni og umhverfi barnanna sýnir fjölbreytni í allri sinni mynd og unnið er með ólík tungumál og ritmál. Í fjölmennningarlegu skólastarfi felst að styrkleikur samfélagsins sé fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum“ (York 1991:21).

## **B.2 Fjölbreyttur barnahópur/fjölbreyttar kennsluaðferðir**



Allir hópar leikskólabarna eru samsettir úr ólíkum einstaklingum, m.a. vegna uppruna þeirra, þroska, persónugerðar, félagslegra aðstæðna, hæfni, tilfinninga og hegðunar. Starf leikskólans á að vera skipulagt þannig að allir nemendur fái tækifæri til þess að taka þátt og vera virkir. Fjölmennningarlegir kennsluhættir eru nauðsynlegir í öllum barnahópum, en ekki bara þar sem eru börn af erlendum uppruna. Það má jafnvel færa fyrir því rök að umfjöllun um ólíka menningu, sem einkennist af virðingu og er án for-dóma, sé enn nauðsynlegri þar sem engin börn eru af öðrum uppruna en íslenskum.

Þegar fjölmennningarlegt skólastarf er skipulagt skal varast að gera það „túristamiðað“. Í því felst að upplýsingar um menningu og bakgrunn barnanna eru bara veittar á hátíðis- og tyllidögum, auk þess sem sú fræðsla verður oft rík af staðalmynduðum hugmyndum um lönd og þjóðir. Bent er á allt sem er ólíkt annarsstaðar og alhæft að einhver ákveðinn hópur í ákveðnu landi geri alltaf eins og klæðist alltaf eins. Slík fræðsla virkar fyrir börnin eins og að skreppa í stutta ferð til landsins sem fjallað er um þar sem allir klæðast „skrítnum fötum, borða skrítnu mat og dansa mikið“.

Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir því að bakgrunnur barnanna sjálfra sem eru í leikskólanum skiptir mestu máli þegar verið er að skipuleggja fjölmennningarlegt starf. Barn sem á t.a.m. uppruna sinn að rekja til Tælands, en hefur fæðst og alist upp á Íslandi býr ekki við ríkjandi tælenska menningu heldur þá menningu sem er samsett úr því sem foreldrar innleiða úr íslensku samfélagi og þeim hefðum og siðum sem þeir taka með sér frá Tælandi. Í bókinni *Anti-Bias Curriculum Tools for empowering Young Children* bendir Louise Derman-Sparks á nokkur atriði sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar verið er að skipuleggja hvernig hægt sé að vinna með menningu allra barnanna í hópnum, og hversu mikilvægt það sé að slík vinna sé alltaf höfð að leiðarljósi, en ekki bara á tyllidögum (1989:63).

- Ekki skipuleggja uppákomur bara í kringum hátíðisdaga eða með því að fá foreldra eingöngu til að leggja sitt af mörkum á hátíðisdögum og með því að fá þá til að elda.
- Ekki hafa eina svarta brúðu og margar hvítar. Ekki vera með eitt spjald uppi á vegg sem sýnir fólk af ólíku þjóðerni og ekkert annað í umhverfi barnanna sem bendir til margbreytileika eða eingöngu eina bók með myndum af fólki sem tilheyrir ákveðnu þjóðerni.
- Ekki taka menningarlegan fjölbreytileika úr samhengi við daglegt líf í skólastofunni með því að lesa bækur um fólk með ólíkan litarhátt við sérstök tækifæri eða með því að kenna



- eitthvað um menningu ákveðins barns einu sinni og aldrei aftur.
- Varist staðalmyndir. Varist að sýna myndir af lituðu fólki sem allt er fátækt og fólki sem tilheyrir ólíkum menningarheimum eingöngu í þjóðbúningum eða við staðlaðar aðstæður.

Það er almennt viðurkennt núorðið að til þess að kennarar nái árangri í kennslu fjölbreytts barnahóps þarf að beita ólíkum kennsluáðferðum. Leikskólinn er fyrsta skólastigið þar sem allt uppeldi og kennsla fer fram í gegnum leik. Til þess að leikskólakennarar geti stuðlað að því að öll börnin í barnahópnum þroskist sem best og verði virkir einstaklingar í leikskólasamfélaginu, þurfa þeir að þekkja barnahópinn mjög vel og þær leiðir sem hægt er að fara til þess að koma til móts við öll börnin í hópnum. Aðferðir sem hægt er að nota í kennslu fjölbreytts barnahóps eru t.d. frjáls leikur, reglu-leikur, bein fræðsla, þemavinna, samvinnunám, einstaklingsvinna og könnunar- eða uppgötvunarnám þar sem börnin öðlast ákveðna reynslu í gegnum eigin könnun, tilraunir og uppgötvanir.

Helm, Harris og Katz hafa bent á að kennarar þurfi að nota mismunandi aðferðir til þess að ná þeim markmiðum sem sett eru í námskrá. Markmið í námskrá ná til allra þroskaþáttanna og það er misjafnt eftir börnum og því hvaða þroskaþætti er verið að vinna með hvaða aðferðir henta best. Svo dæmi séu tekin er mikilvægt að beita ólíkum aðferðum þegar verið er að efla vitsmunarþroska. Hægt er að skilgreina eflingu vitsmunarþroska á tvo vegu, annarsvegar það sem kalla má bóklega færni eða skólafærni (academic task) en það eru þættir eins og að læra að lesa, læra liti, læra stafi og að telja. Hinsvegar er það sem kallast „intellectual goals“ andleg/vitsmunaleg markmið, en þau fela í sér annarskonar þroska á vitsmunum eða andlegri færni, eins og t.d. að geta nýtt sér reynslu sína, sagt fyrir um óskir og tilfinningar annarra, gera sér grein fyrir orsök og afleiðingu, félagslegur þroski og annað í þeim dúr (2001:2-4). Bóklegu færnina er erfitt að kenna í gegnum aðferðir könnunar eða uppgötvunar þó að börn þurfi oft lítið til þess að læra ef umhverfið er rétt uppbyggt. Aftur á móti er könnunarnám og samvinnunám mikilvægt í námi barna til þess að efla félagslega færni þeirra. Kennarar sem eru meðvitaðir um að nýta sem flestar aðferðir í uppeldi og kennslu barna á leikskólaaldri eru líklegri til að ná til allra barnanna en ef eingöngu er kennt á einn afmarkaðan máta.



Gott samstarf við alla foreldra frá upphafi leikskólagöngu barnsins er mikilvægt. Til þess að hægt sé að fá foreldra í samstarf við leikskólann þarf að ríkja gagnkvæm virðing milli þeirra og kennara. Markmið leikskólans er í rauninni aðeins eitt þegar upp er staðið og það er að vinna í samvinnu við foreldra að því að börnin verði í lok leikskólagöngunnar sjálfstæðir einstaklingar með sterka sjálfsmýnd, börn sem upplifa það að umhverfið sé þeim hliðhollt og að borin sé virðing fyrir þeim. Áður en leikskólaganga barna hefst ættu kennarar að taka ítarleg viðtöl við foreldra til þess að fá eins miklar upplýsingar um barnið og bakgrunn þess eins og kostur er á. Kennarinn getur líka tekið viðtal við börnin í hópnum, spurt þau um áhugamál, vini og féлага, hvað sé skemmtilegast að gera í leikskólanum, uppáhaldslagið, uppáhaldsmatinn og hvaðeina sem honum kemur til hugar. Kennarar ættu enn fremur að kynna sér betur menningarlegan bakgrunn barnanna í hópnum og nýta til þess netið eða bækur um trúarbrögð og menningu. Þekkingin ýtir undir aukinn skilning kennarans á barninu og fjölskyldu þess. Það þarf þó að gæta þess að alhæfa ekki um menningu barna út frá almennum upplýsingum heldur nota þær til viðbótar við þær upplýsingar sem koma frá foreldrum.

Þegar leikskólakennarinn telur sig hafa kynnt sér bakgrunn og þroska allra barnanna í hópnum er góð regla að setjast niður og gera einstaklingsáætlun fyrir hvert barn þar sem kemur fram hvar barnið er sterkast og hvar veikast og á hvaða þætti skuli leggja áherslu á ákveðnu tímabili. Einstaklingsáætlun skal ávallt gerð í samvinnu við foreldra og skal hún metin nokkrum sinnum yfir skólaárið til þess að sjá hvort barnið hefur sýnt framfarir eða er að leika og læra í gegnum einhverjar þær aðferðir sem því líkar best. Þannig getur kennarinn einnig fylgst með sínum eigin aðferðum og metið hvort hann er sjálfur að koma til móts við þarfir allra barnanna í hópnum. Eins og bent er á í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni* er gott að meta færni barna á margvíslegan hátt til þess að ná yfir sem breiðasta getu. Í bókinni er skoðað hvaða leiðir er hægt að fara til að meta vinnu nemenda, en þær matsaðferðir sem gætu vel hentað fyrir börn á leikskólaaldri eru m.a. að halda eftir sýnishornum af vinnu nemenda, hljóðsnældur með upptökum af sögum, söngvum eða öðru, myndbönd þar sem hæfileikar koma fram, ljósmyndir sem sýna ferli verkefna eða útkomu úr þeim og viðtöl við nemendur svo eitthvað sé nefnt (Armstrong, 2001:100-101). Í lokin er rétt að benda á ávinninginn sem fæst af því að taka tillit til þarfa allra barnanna og leyfa þeim öllum að koma fram á sinn hátt því það eykur virðingu barnanna í hópnum hvert fyrir öðru, eykur þekkingu þeirra á félögunum og kennir þeim að meta fjölbreytileikann og líta á hann sem auð en ekki vandamál.



### B.3 Leikur og fjölmennning

Leikurinn er sú aðferð sem börn á leikskólaaldri nota til þess að læra um þá menningu og það samfélag sem þau alast upp í. Leikurinn er góð leið til þess að kenna börnum að fjölbreytileikinn sé jákvæður, fólk sé ólíkt en eigi margt sameiginlegt. Kennarar þurfa auk þeirra aðferða sem fjallað er um hér að framan að „flytja heiminn“ inn í leikskólann með því að velja fjölmennigarlegt leikefni og leggja áherslu á að umhverfi barnanna einkennist af fjölbreytileikanum (Michael Rettig, 2003). Til fjölmennigarlegs leikefnis teljast m.a. dúkkur með ólíkt útlit, ólíkan litarhátt og af báðum kynjum, myndir, spil og púsluspil sem sýna fólk á öllum aldri og með ólíkan húðlit og misjafna getu. Tónlist þarf að vera fjölbreytt og gaman er að söngvar sem börnin læra séu á fleiri tungumálum en íslensku.

Sýna þarf og vinna með ólík tungumál og ritmál. Auk þess ættu kennarar að nota bókmenntir til að auðga leik barna og skilning á fjölmenningu. Bækur ættu að vera valdar með tilliti til þess að þær sýni fjölbreytileikann t.d. í útliti, tilfinningum og stolti á eigin uppruna, svo eitthvað sé nefnt. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um innihald texta, myndskreytingar og þau skilaboð sem bækurnar flytja börnunum (í fylgiskjali nr. 6 og 7 má finna gátlista sem eru gagnlegir til að hafa við höndina þegar fjölmennigarlegt leikefni og bækur eru valdar). Hlutverkahornið er mjög góður staður til þess að gefa börnum tækifæri til þess að leika með og skilja betur ólíka menningu og gott er að skipta reglulega um leikefni til þess að hægt sé að kynna fyrir börnunum ólíka lífsstíla. Ekki ætti að hafa sömu gömlu eldhúsáhöldin á hverjum degi í leiknum. Fatnaður af ólíkum toga sem tilheyrir ákveðnum menningarsvæðum og báðum kynjum ætti að vera til staðar. Í gegnum eldamennsku og tónlist er auðvelt að kynna menningarlegan fjölbreytileika. Það að leyfa börnum að taka þátt í eldamennsku gefur þeim sýn inn í ólíka matargerð og þegar börnin hlusta á tónlist frá ólíkum heimshornum kynnast þau ólíkum hljóðfærum, takti og tónum. Foreldrar eru þarna mikilvæg uppspretta hugmynda og þekkingar á uppskriftum, tónlist og listum.

### B.4 Viðhorf kennarans

Í bók sinni *In Their Own Way* lýsir Thomas Armstrong því hvernig jákvætt viðhorf foreldra og kennara til barna getur mótað sjálfsmynd þeirra á þann veg að þau trúi á sig sjálf sem metnaðarfull og áhugasöm börn sem eigi auðvelt með að læra. Hann færir rök



fyrir því að neikvætt viðhorf til barna geti kallað fram svokallað „lært hjálparleysi“ því að börnin hafa stöðugt fengið þau skilaboð frá umhverfinu að þau séu misheppnuð og að ekkert af því sem þau taki sér fyrir hendur eigi eftir að takast. Þegar börn upplifa þetta viðhorf eru þau fljót að hætta að reyna sjálf því að þau vita að þau geta ekkert gert til þess að breyta væntingum umhverfisins (1987:124-134).

Jákvætt viðhorf kennarans til barnanna og væntingar hans gagnvart þeim mótar hegðun og tilfinningar þeirra. Kennari sem hefur það viðhorf til barnanna í hópnum að þau séu ómöguleg, óþekk og lítt hugsandi mun að sjálfsögðu uppskera slíka hegðun frá börnunum, auk þess sem sjálfsmynd barnanna verður verri og viðhorf þeirra til hinna barnanna í hópnum versnar. Kennari þarf að skapa hvetjandi aðstæður í barnahópnum, mynda andrúmsloft og umhverfi sem knýr börnin til dáða, þannig að þau finni löngun og þörf fyrir að vera virkir þátttakendur í því starfi sem verið er að vinna. Til þess að börnin upplifi sig og barnahópin á þennan hátt þurfa þau að finna að leikskólakennarinn telji þau mikilvæg og þau þurfa enn fremur að hafa það á tilfinningunni að þau verðskuldi það að umhverfið sé þeim hliðhollt (Ingibjörg Hafstað, 1994:21; Siraj-Blatchford og Clarke, 2000:26).

Ekki er hægt að láta umfjöllun um fjölmennigarlega kennslu lokið án þess að minnst á kenningar fræðikonunnar og kennarans Babette Brown. Hún hefur þróað kennsluáferðir sem byggja á kennslu án fordóma og mismununar og eru Persónubrúðurnar ein leið til þess að vinna á þennan hátt með börnunum (sjá kafla nr. 6.3.4 um persónubrúðurnar). Babette Brown segir að fyrir þá sem ekki hafa mikla reynslu af því að vinna með fjölbreytileikann á fordómalausan hátt sé ágætt að byrja á því að læra að bera virðingu fyrir eigin uppruna, skilja hvað hann felur í sér og í framhaldi að kynna sér uppruna barnanna í skólanum. Það gæti komið á óvart að uppgötva hversu miklir fordómar og vanafesta kemur í veg fyrir að við séum tilbúin að kanna hið óþekkta eða viðurkenna nýjar hugmyndir. Til dæmis að vera opinn fyrir nýjungum, prófa hluti sem við höfum ekki prófað áður, bragða fjölbreyttan mat, hlusta á öðruvísi tónlist en við erum von og læra ný tungumál, svo eitthvað sé nefnt. Það er mjög mikilvægt að þróa með sér vitund um það hvað sé mismunun og fordómar og vera á varðbergi gagnvart slíku. Skortur á viðeigandi þekkingu og sannfæring um það að eigin menning og siðir sé sú besta getur valdið því að hvítir kennarar komi fram á fordómafullan hátt, meðvitað eða ómeðvitað eins og eftirfarandi dæmi sýnir (Brown, 1998:51).



Stúlka af asískum uppruna var að búa til te í heimiliskróknum. Einn af kennurinum fór að blanda sér í leikinn og sagði við barnið: Nei elskan, við notum ekki pottinn til að hita vatnið, við notum teketilinn. Stúlkan var að búa til te á sama hátt og móðir hennar gerði heima, með því að sjóða saman te, mjólk og sykur í potti. Kennarinn skildi við stúlkuna í uppnámi, hugsandi um það af hverju mamma hennar kynni ekki að búa til te á réttan hátt.

Annað dæmi frá Iram Sirja-Blatchford (1991:12) varpar ljósi á mikilvægi þess að hafa alla sem starfa í skólanum (faglærða og ófaglærða) með í þjálfun og umræðu. Eftirfarandi dæmi átti sér stað í hádegismatnum í leikskólanum:

Fjögurra ára drengur hafði verið að berjast við að læra að borða með hníf og gaffli. Heima hjá sér borðaði hann pakistanskan mat „chapatti“ og hrísgrjón á hefðbundinn hátt með höndunum. Drengurinn var í fyrsta sinn að læra að hægt væri að nota önnur tæki en fingurna til þess að innbyrða fæðu. Kennararnir vissu af þessu og hvöttu hann áfram eftir því sem færni hans jókst. Drengurinn var að borða baunir og gekk illa að halda þeim á gafflinum sínum. Hann gafst upp og fór að borða með fingrunum. Skólaritarinn (sem var í matsalnum til þess að safna saman greiðslu fyrir matinn) sá til hans og kallaði yfir salinn, Hættu að borða með fingrunum, það eru aðeins skepnur (dýr) sem borða matinn sinn með höndunum! Svipurinn á andliti drengsins við þetta bar með sér að hann væri ráðvilltur, særður og að hann skammaðist sín. Konan hafði gefið í skyn að hegðun hans væri ekki eingöngu afbrigðileg og einna líkust hegðun dýra heldur gaf hún einnig í skyn að hegðun foreldra hans væri það og samfélag þeirra þar með.

Babette segir að sumir haldi því fram að kennarar geti skapað „hlutlaust“ umhverfi í bekkjum sínum þar sem einstaklingseðlið fær að njóta sín og öllum eru gefin jöfn tækifæri til þess að blómstra. En hún efast um það. Er það ekki svo að lífsskoðun kennarans hefur mikil áhrif á það hvernig kennt er og einnig á það hvaða leikefni eða kennslutæki eru notuð? Er ekki líklegt að í hinu „hlutlausa“ umhverfi endurspeglist skoðun kennarans á heiminum og mannfólkinu? Krafa um að „meðhöndla öll börn eins“ er hvorki eðlileg né eftirsóknarverð. Þroskastig barna, hæfileikar þeirra, áhugasvið, styrkleiki og veikleiki hefur allt áhrif á það hvernig samskiptum við þau er háttað.

Það að koma eins fram við öll börnin getur þvingað þau til þess að afneita sérkennum sínum, renna saman við fjöldann og verða eins og meirihluti hópsins. Slík afneitun á hluta sjálfsins getur haft mjög skaðleg áhrif á það hvernig þau líta á sig sem einstakling. Kennari sem telur einlæglega að litarháttur barnanna skipti engu máli, þau séu bara börn og hann komi eins fram við þau öll, getur því átt á hættu að yfirfæra þá hugsun að



þau séu „öll eins“ á að „þau séu öll hvít“, segir Babette og vitnar í niðurstöður rannsóknar Swann frá árinu 1985 (1998:54).

...margir af kennurunum sem við töluðum við sannfærðu okkur um það að þeir beittu meðvitað þeirri aðferð að greina ekki á milli þeldökkra nemenda og annarra; þeir voru „litblindir“. Á þennan hátt sögðust þeir uppfylla fyrstu skyldu kennarans sem þeir sögðu vera þá að koma eins fram við öll börn... Við hinsvegar teljum „litblindu“ aðferðina jafn neikvæða og að afneita beint fólki af ólíkum litarhætti vegna þess að bæði viðhorfin leitast við að neita mikilvægi þess að hver manneskja sé hún sjálf með sín ákveðnu persónueinkenni.

Í „litblindu“ aðferðinni felst sú tilhneiging að telja að hefðir hvítra, lífsvenjur og siðir séu þeir „réttu“ og að aðrir sem séu öðruvísi séu ekki eins „góðir“. Babette heldur áfram og segir það að koma eins fram við öll börn sé að horfa fram hjá þeim þáttum sem geri hvert þeirra einstakt. Þetta sé andstæðan við *anti-discriminatory* (gegn mismunun eða óréttlæti) aðferðina þar sem komið sé fram við börnin af sömu tillitseminni og komið til móts við sálfræðilegar, menningarlegar og félagslegar þarfir þeirra. Þessi aðferð hvetur börn til þess að læra um og læra að meta menningu hvers annars, tungumál, hæfileika, lífsstíl og einnig að kunna að meta og bera virðingu fyrir sinni eigin menningu o.s.frv. Börn eiga skilið að fá að vera þau sjálf í leikskólanum og þau eiga líka rétt á því að fá að vera stolt af menningarbundnum arfi sínum (York, 1991:23).





## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir. 2004. *Fjölmenningarstarfi leikskóla. Af þróunarverkefni og rannsókn*. Birt 30. desember 2004 í veftímaritinu Netlu. <http://netla.khi.is/greinar/2004/011/index.htm>

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Þýðandi Erla Kristjánsdóttir. JPV, Reykjavík.

Armstrong, Thomas. 1987. *In Their Own Way*. Penguin Putnam, New York.

Birna Arnbjörnsdóttir. 1998. Hver er tilgangur nýbúafræðslu? *Ný menntamál* 16, 1:12-17.

Brown, B. 1998. *Unlearning discrimination in the early years*. Trentham Books, Stoke on Trent.

Collier. 1989. A Synthesis of Research on Academic Achievement in a Second Language. *TESOL Quarterly*. 23, 3:518-519.

Flestir nýbúar hætta í námi. 1999. *Dagur*, 22. maí.

Goodz, Naomi S. 1994. Interactions between parents and children in bilingual families. *Educating Second Language Children*. Ritstj. Fred Genesee. Cambridge University Press, Cambridge.

Guðrún Pétursdóttir. 1997. *Fjölmennigarleg kennsla*. Reykjavík, Guðrún Pétursdóttir, Reykjavík.

Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað enginn getur allt, fjölmennigarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Akureyri, Hólar.

Cummins, J. 1996. *Negotiating Identities: Education for Empowerment in a Diverse Society*. California Association for Bilingual Education, Ontario.

Derman-Sparks, L. and The A.B.C. Task Force. 1989. *Anti-Bias Curriculum. Tools for Empowering Young Children*. NAEYC, Washington, D.C.

*Efling náms-og starfsráðgjafar: Nefndarálit*. 1998. Skýrsla. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.

Heath, Shirley Brice. 1989. Sociocultural Contexts of Language Development. *Beyond Language: Social and Cultural Factors in Schooling Language Minority Children*. California Department of Education. Sacramento.

Helm, Judy Harris and Lillian Katz. 2001. *Young Investigators. The Project Approach in the Early Years*. Teachers College Press, New York.



- Hernández, Hilda. 2001. Multicultural Education. *A Teachers's Guide to Linking Context, Process, and Content*. Upper Saddle River, New Jersey.
- Ingibjörg Hafstað. 1994. *Milli menningarheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Ingibjörg Hafstað. 1997. Um nýbúafræðslu. *Glæður* 7, 2:32-35.
- Kolbrún Vigfúsdóttir. 2002. *Því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft: Rannsókn á málumhverfi í leikskóla með tilliti til barna sem eiga annað móðurmál en íslensku*. Óbirt Meistaraprófsritgerð. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Kolbrún Vigfúsdóttir. 2004. *Staða – Framfarir – Framhald. Þróunarverkefni unnið skólaárið 2003-2004*. Skýrsla.
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.
- Námskrá Lækjaborgar. 2002. Leikskólinn Lækjaborg, Reykjavík.
- Peregoy, Suzanne F. og Boyle, Owen F. 2001. *Reading, Writing & Learning in ESL. A Resource Book for K-12 Readers*. Longman, New York.
- Rettig Michael. 1995. Play and Cultural diversity. *The Journal of Educational Issue of Language Minority Students*, V.15. Vefslóð: [www.ncbe.gwu.edu/miscpubs/jeilms/voll5/playandc.htm](http://www.ncbe.gwu.edu/miscpubs/jeilms/voll5/playandc.htm). [Sótt 7. desember 2001]
- Siraj-Blatchford, Iram og Pricilla Clark. 2000. *Supporting Identity, Diversity and Language in the Early Years*. Philadelphia, Open University Press.
- Skutnabb-Kangas, T. 1981. *Bilingualism or not: The Education of Minorities*. Multilingual Matters, Clevedon.
- Sparks, Louise Derman. 2001. *Anti-Bias Curriculum. Tools for empowering Young Children*. National Association for the Education of Young Children, Washington D.C
- Tabors Patton O. 1997. *One Child, Two Languages*. Paul H. Brookes Publishing, Baltimore,
- Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Álit nefndar um málefni útlendinga*. 1997. Skýrsla. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- York, S. 1991. *Roots and wings. Affirming culture in early childhood programs*. Redleaf press, St. Paul.



## Munnlegar heimildir

Ingibjörg Hafstað. 2002. *Kennsla nýbúa undanfarin ár*. Fyrirlestur í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands 30. ágúst.

John Landon. 2003. *English as a Second Language*. Fyrirlestur í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands 14. febrúar.

Kolbrún Vigfúsdóttir. 2003. Því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft. Fyrirlestur í Kennaraháskóla Íslands 15. febrúar.

Friðbjörg Ingimarsdóttir. 2004. Símtaviðtal 19. ágúst.

## Heimasíður

Leikskólar Reykjavíkur. Upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur. Vefslóð:  
[www.leikskolar.is/upload/files/Fjoldiaf%20erlendum%20uppr%202003.pdf](http://www.leikskolar.is/upload/files/Fjoldiaf%20erlendum%20uppr%202003.pdf)  
[Sótt 17. desember 2004]

Hagstofa Íslands. Upplýsingar um fjölda erlendra ríkisborgara á Íslandi. Vefslóð:  
[www.hagstofan.is/?pageid=626&src=/temp/mannfjoldi/rikisfang.asp](http://www.hagstofan.is/?pageid=626&src=/temp/mannfjoldi/rikisfang.asp) [Sótt 19. ágúst 2004]

## Myndaskrá

Harpa Hrund Njálisdóttir. Lík börn leika best, bls. 11.  
Aðrar myndir í skýrslunni eru teknar af starfsfólki Lækjaborgar.